

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 24100004

Ákvörðun nr. 34/2025

Þann 9. maí 2025 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 34/2025.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst [REDACTED] [REDACTED] dags. 18. september 2024. Í erindinu gerir kvartandi grein fyrir meintum skorti á svörum og meintu aðgerðarleysi lögreglu vegna kæru um nauðgun sem hún lagði fram á árinu 2023. Kvartandi kveður lögregluna enn fremur hafa sagt við hana „því miður engin vitni að því að hann sló og hótaði þér því miður reyndu bara að forðast hann“.

Nefndin óskaði eftir frekari upplýsingum frá embætti Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu með bréfi dags. 25. nóvember 2024.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákæruvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi dags. 22. nóvember 2024. Í bréfi frá embættinu kemur eftirfarandi fram:

„Til rannsóknar er kæra kvartanda mál nr. [REDACTED]. Málið varðar kæru gegn brotum á 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Gögn málsins bera eftirfarandi með sér:

7. desember 2023 ræddi lögreglumaður við kvartanda sem tilkynnti að hún hefði orðið fyrir nauðgun. Var henni gefinn tími í kærumóttöku.

13. desember 2023 var henni gefinn tími í kærumóttöku og samþykkti x, lögmaður að vera réttargæslumaður kvartanda. Mætti kvartandi og x fyrir hönd réttargæslumanns í skýrslutöku. Um leið var reynt að hafa samband við áfallateymi [REDACTED] fyrir brotaþola/kvartanda en ekki náðist samband. Sent sms til að reyna að freista þess að fá sálfræðing fyrir hana.

15. desember 2023 sendir kvartandi tölvupóst á lögreglu og tilkynnir að hún vilji draga kærana til baka.

23. janúar 2024 var brotaþola/kvartanda send tilkynning um að rannsókn málsins hafi verið hætt.

15. febrúar 2024 sendir réttargæslumaður tölvupóst um að brotaþoli/kvartandi sé ákveðin í að halda málinu áfram.

29. febrúar 2024 var málið sett aftur í rannsókn.

9. september 2024 sendir brotaþoli/kvartandi tölvupóst og lýsir óánægju sinni með að málið skuli ekki ganga hraðar. Sama erindi og NEL þann 18. september sl.

2. desember 2024 átti sakborningur tíma í skýrslutöku.”

Embættið vísar til verklagsreglna ríkislögreglustjóra um afhendingu gagna til nefndar um eftirlit með lögreglu og því var ekki unnt að verða við því að afhenda gögn málsins á meðan það er í rannsókn. Meðfylgjandi bréfi embættisins er dagbók lögreglu sem sýnir glögglega feril málsins og skráð samskipti við kvartanda og réttargæslumann hennar. Samkvæmt gögnum málsins er lögregla meðvituð um gögn sem brotaþoli/kvartandi hefur viljað framvísa.

Nefndin óskaði eftir viðbótarupplýsingum með tölvupósti til lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu þann 28. apríl sl. Embættið svaraði beiðni nefndarinnar með eftirfarandi hætti: „Málið er enn í rannsókn og því hafa verið einhver samskipti við aðila máls og vitni síðan 27. nóvember. Mér sýnist þó í fljótu bragði að engin bein samskipti við kvartanda hafi átt sér stað á tímabilinu en það er komin bótakrafa frá lögmanni hennar. Málið var sent til Héraðssaksóknara til meðferðar með vísan til g. liðar 1. mgr. 23. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008 þann 15. janúar sl. og er málið því á forræði þess embættis núna.“

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaoðryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kærur vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindinu er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að framkomu og starfsaðferðum starfsmanna embættis lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór yfir erindið og þau gögn sem bárust frá embætti Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtuninni og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum telur nefndin að ekki sé um að ræða mögulega ámælisverða háttsemi starfsmanna embættisins eða skort á svörum frá embættinu varðandi ferli kærur kvartanda hjá embættinu. Málið er enn í rannsókn hjá embættinu og telur nefndin því ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Niðurstaða

Ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Reykjavík, 9. maí 2025

Margrét Einarsdóttir
formaður

Kristín Edwald

Flosi H. Sigurðsson

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 24010010

Ákvörðun nr. 38/2025

Þann 9. maí 2025 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 38/2025.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [REDACTED], dags. 22. nóvember 2023. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við starfsaðferðir og rannsókn embættis lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu vegna kærur sem lögð var fram gagnvart kæranda. Í fyrsta lagi gerir kvartandi athugasemdir við rangfærslu í skýrslugerð vegna skýrslutöku af kvartanda þann 13. september 2023. Fram kemur að ritað hafi verið ranglega að hann hafi ekki óskað eftir að hafa lögmann sinn, sem hann vissi ekki að hann hefði fengið úthlutað sem verjanda, viðstaddan. Í öðru lagi að enginn fullorðinn hefði komið að framlagningu kærunnar en kærandi var barn. Í þriðja og síðasta lagi að það hafi virst sem svo að embættið væri að halda gögnum frá kvartanda, en kvartandi heldur því fram að þrátt fyrir ítrekaðar beiðnir hafi lögregla ekki séð ástæðu til að afhenda honum afrit af þeirri kærur sem kom málinu af stað.

Nefndin óskaði eftir frekari upplýsingum frá embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu með bréfi dags. 30. janúar 2024.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærur á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða

ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi dags. 30. janúar 2024, þar sem eftirfarandi kom m.a. fram:

„Í málinu er hann sakaður um brot á 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 gegn syni sínum. Rannsókn málsins var hætt en ríkissaksóknari hefur fellt þá ákvörðun úr gildi og lagt fyrir LRH að hefja rannsókn málsins að nýju með bréfi dags. 24. janúar sl. eftir að sakborningur () og brotapolí () kærðu ákvörðun LRH til ríkissaksóknara.

Með vísun til 3. gr. verklagsreglna um afhendingu gagna til nefndar um eftirlit með lögreglu sem ríkislögreglustjóri hefur gefið út telur LRH rétt að bíða með að afhenda nefndinni gögn málsins þar til meðferð málsins er lokið hjá embættinu. Mun embættið afhenda gögnin um leið og meðferð málsins er lokið.“

Í afstöðu ríkissaksóknara til kæru dags. 24. janúar 2023 kemur m.a. fram:

„Þá liggur fyrir að báðir málsaðilar hafa kært ákvörðun lögreglu um að hætta rannsókn málsins og bera bæði við skort á rökstuðningi frá lögreglu og rannsókn hennar sé áfátt. Ríkissaksóknari tekur undir það með málsaðilum. Gerðar eru verulegar athugasemdir við framsetningu skýrslutökunnar yfir kærða í málinu. Ekki er ljóst hvaða sakarefni verið er að kynna fyrir ákærða og þá er rétt skautað yfir atriði úr skýrslutöku yfir kæranda og borið undir kærða en þó með þeim formerkjum að varla sé um neitt ofbeldi að ræða. Þá er einnig gerð athugasemd við það að skýrslutaka af kærða fór fram ári eftir að skýrsla var tekin af kæranda í Barnahúsi og virðist ekkert hafa gerst í rannsókn lögreglu á þeim tíma sem leið á milli.“

Ríkissaksóknari komst að þeirri niðurstöðu að fella ákvörðun lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, dags. 27. september 2023 um að hætta rannsókn málsins með vísan til 4. mgr. 52. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008, úr gildi og málið var sent til frekari rannsókna.

Þann 22. apríl 2025, tilkynnti embættið nefndinni að rannsókn málsins væri lokið og afhenti nefndinni gögn málsins, skýrslur, dagbókarfærslur lögreglu og upptökur á skýrslutökum af kvartanda 13. september 2023 og 21. ágúst 2024.

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindinu er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að starfsháttum og starfsaðferðum starfsmanna embættis lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór yfir erindið og þau gögn sem bárust frá embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu. Hvað varðar athugasemd kvartanda um rangfærslu í skýrslugerð þá kemur fram í meðfylgjandi upptöku af skýrslutöku af kvartanda þann 13. september 2023 að kvartandi taldi ekki þörf á lögmanni að svo stöddu. Þá kemur einnig fram í áðurnefndri skýrslutöku að upphaf málsins megri rekja til tölvupósts frá syni hans sem borist hafði embættinu 5. ágúst 2022, þar sem hann lýsti ofbeldi af hálfu föður síns.

Af gögnum málsins verður ekki séð að lögregla hafi haldið gögnum frá kvartanda en bókað er eftir skýrslutöku af kvartanda þann 21. ágúst 2024 að lögmaður hans óski eftir gögnum. Þá er bókun hjá lögreglu um að gögn hafi verið send 27. ágúst s.á. Kvartandi hefur ekki lagt fram gögn um fyrirspurnir sem ekki hefur verið svarað og eru engin slík tilvik að finna í gögnum málsins.

Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtuninni og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum telur nefndin að ekki séu uppi vísbendingar um mögulega refsiverða eða ámælisverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996, og ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Niðurstaða

Ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Reykjavík, 9. maí 2025

Margrét Einarsdóttir
formaður

Kristín Edwald

Flosi H. Sigurðsson

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 24100008

Ákvörðun nr. 39/2025

Þann 9. maí 2025 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 39/2025.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [REDACTED], dags. 21. október 2024. Í erindinu gerir kvartandi athugasemd við framkomu lögreglumanns nr. 2020, sem hafi ítrekað sýnt af sér meinta valdniðslu og ósæmilega hegðun gagnvart kvartanda og hans rekstri. Kvartandi telur framkomu lögreglumannsins óásættanlega og í ósamræmi við þær starfsaðferðir sem lögreglan eigi að viðhafa. Það atvik sem hann vísar til átti sér stað þann 17. september 2023. Kvartandi telur að veitingastaðir sem hann á og rekur verði einir fyrir heimsóknum lögreglu. Kvartandi telur lögreglu vera að beita hann hefndaraðgerðum og sé með eftirliti sínu að refsa honum fyrir að hafa lagt fram kæru gegn lögreglumanni sem hafði verið í eftirliti á veitingastað í eigu kvartanda. Með erindinu bárust myndbandsupptökur auk ítrekaðra tölvupósta á tímabilinu 22. október til 5. nóvember 2024.

Nefndin óskaði eftir frekari upplýsingum frá embætti Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu með bréfi dags. 17. desember 2024.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að

háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi dags. 20. janúar 2025. Í bréfi embættisins kemur eftirfarandi fram:

„Lögregla sinnir eftirliti á veitingastöðum og gististöðum sbr. 21. gr. laga um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr. 85/2007. Nokkuð hefur verið um að ákvæði laganna hafi verið brotin undanfarin ár og var talin þörf á að leggja aukinn þunga í eftirlit með slíkum stöðum. Allir veitingastaðir hafa verið heimsóttir og það nokkuð reglulega. Samstarf hefur einnig verið með Skattinum og stéttarfélögum. Aukið eftirlit hefur líka verið með leigubílaakstri og hefur það samstarf verið með Samgöngustofu og Skattinum.

Dagana 21. til 23. október sl. var farið í eftirlit á 30 veitingastaði. Heimsókn á veitingastaðinn [REDACTED] var í einni slíkri heimsókn. Kvartandi er ekki forráðamaður þess fyrirtækis og var ekki á þeim tíma er lögregla fór í eftirlit. Gat lögregla ekki vitað að hann væri þar og teldi sig eiga fyrirtækið. Var staðnum lokað þar sem forráðamaður gat ekki framvísað gildu vínveitingaleyfi eða rekstrarleyfi auk grunur var um brot á lögum um tóbaksvarnir. Var staðurinn innsiglaður þangað til upplýsingar höfðu borist frá Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu að í gildi væri rekstrarleyfi.“

Í bréfi frá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu kemur einnig fram að það séu nokkur mál til rannsóknar þar sem grunur er um brot gegn lögum nr. 87/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, þar sem fyrirtæki kvartanda og kvartandi eru sakborningar.

Meðfylgjandi bréfi embættisins voru gögn máls nr. [REDACTED] ásamt gögnum mála nr. [REDACTED] sem varða umrædda kvörtun.

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaoðryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kærur vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindinu er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að framkomu og starfsaðferðum starfsmanna embættis lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór yfir erindið og þau gögn sem bárust frá embætti Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtuninni og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum telur nefndin að ekki sé um að ræða mögulega ámælisverða háttsemi starfsmanna embættisins eða meinta valdniðslu eða ósæmilega hegðun lögreglu í garð kvartanda heldur reglubundið og lögbundið eftirlit með þeim rekstri sem kvartandi og aðrir rekstraraðilar veitinga, gististaða og skemmtanahalds þurfa að lúta samkvæmt lögum. Af upptöku má ekki sjá að framkoma ögreglu hafi verið ámælisverð né refsiverð að nokkru leyti. Nefndin telur því ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Niðurstaða

Ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Reykjavík, 9. maí 2025

Margrét Einarsdóttir
formaður

Kristín Edwald

Flosi H. Sigurðsson

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 24110001

Ákvörðun nr. 40/2025

Þann 9. maí 2025 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 40/2025.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [REDACTED], dags. 8. október 2024. Í erindinu gerir kvartandi athugasemdir við meint stórhættulegt athæfi lögreglu við eigin tilkynningar og frásagnir af atburðum líðandi stundar. Kvartandi segir í erindi sínu að „Það er ekki á ástandið bætandi að sú stofnun sem á að gæta öryggi borgara ýti sjálf undir ofbeldi og skautun í samfélaginu og skuli með ýktum fréttaf lutningi af töfum á störfum lögreglu vegna friðsamlegra mótmæla kynda undir öfgafullar skoðanir þekktra ofbeldismanna og vafasama hugmyndafræði.“ Meðfylgjandi erindinu voru skjáskot af X/Twitter, sem sýna myndir af börnum sem fengu vernd hér á landi af mannúðarástæðum þar sem sjást að sögn kvartanda hótanir frá einstaklingum sem við þær skrifa en „textann er ekki hægt að lesa öðruvísi en sem viðbragð við stórlega ýktum fréttatilkynningum lögreglunnar.“

Nefndin óskaði eftir frekari upplýsingum um kvörtunarefnið með tölvupósti þann 30. október 2024. Kvartandi svaraði samdægurs og vísaði til fréttaf lutnings í fjölmiðlum þann 5. október sama ár og vísaði til dagbókarfærslu lögreglu og umfjöllun meðal annars á fréttamiðlum um að fólk í mótmælagöngu hafi gengið í veg fyrir lögreglubíl sem var í forgangsakstri á leið ávettvang harðs áreksturs í Hlíðunum.

Nefndin óskaði eftir frekari upplýsingum frá embætti Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu með bréfi dags. 17. desember 2024.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærur á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar

breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákæruvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi dags. 9. janúar 2025. Í bréfi frá embættinu kemur fram að í erindi kvartanda séu gerðar athugasemdir við fréttaflutning þann 5. október 2024 vegna mótmælenda sem heftu för lögreglu í forgangsakstri fyrr sama dag. Meðfylgjandi bréfi embættisins var, fréttaskeyti frá lögreglu sent á fjölmiðla 5. október 2024, dagbók lögreglu úr máli nr. [REDACTED] verklagsregla um dagbók lögreglu nr. LRH212 ásamt upptöku úr bifreið lögreglu sem ekið var í umræddum forgangsakstri.

Í dagbókafærslu lögreglu kemur fram að „þegar lögreglumenn voru á leið á vettvang á forgangi komu mótmælendur út á götu og hindruðu för þeirra. Kveikt var á bláum ljósum og sírenum en þrátt fyrir það fóru mótmælendur fyrir lögreglubifreiðina svo að lögregla kæmist ekki leiðar sinna á slysstað. Mótmælendur hvöttu hvort annað með handabendingum til þess að koma út á götu og hindra för lögreglubifreiðarinnar. Á endanum komst lögregla framhjá mótmælendum.“

Í fréttaskeyti LRH sem sent var á fjölmiðla þann 5. október 2024 segir:

„Tilkynnt var um harðan árekstur í hverfi 105, lögreglan send á vettvang með forgangi þar sem ekki var vitað um meiðsli, á leið á vettvang var fólk í mótmælagöngu, gekk fólkið í veg fyrir lögreglubifreiðina og gerði í því að stöðva för lögreglunnar. Það er mikilvægt að gangandi og akandi vegfarendur virði lögreglu í forgangsakstri og hefti ekki för þeirra.“

Á mínútu 5.50 á upptöku frá embættinu, má sjá mótmælendur ganga yfir götuna fyrir lögreglubifreiðina í forgangsakstri. Í verklagsreglu nr. LRH212 kemur fram að:

„Markmið dagbókar lögreglu er að auka á sýnileika lögreglu, auka þekkingu og skilning almennings á fjölbreyttum verkefnum lögreglu og að viðhafa virkt samtal við samfélagið. Tilgangur dagbókar er að gera grein fyrir helstu verkefnum sem falla til á vaktinni og vera leiðandi í upplýsingagjöf til almennings í gegnum fjölmiðla. Virk upplýsingagjöf er hluti af afbrotavarnarhlutverki lögreglu og þegar við á skal leitast við að senda út skilaboð þar sem ýmist er varað við tiltekinni háttsemi og/eða koma á framfæri jákvæðum skilaboðum til almennings. Verklag þetta byggir m.a. á lögreglulögum nr. 90/1996, lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018 og verklagi LRH052 reglur um samskipti við fjölmiðla.“

Jafnframt kemur fram að:

„Rita skal í dagbók hefðbundin verkefni lögreglu en umfram það er margt annað sem vert er að nefna í dagbókinni eftir því sem tök eru á og er sérstaklega hvatt til þess að gera það. Sem dæmi má nefna er hvatt til þess að greina frá hjálparbeiðnum sem berast lögreglu og fá farsæla lausn og eins að segja frá málum sem fá góðan endir. Enn fremur er hvatt til þess að koma með innlegg sem tengist líðandi stund með hliðsjón af verkefnum lögreglu. Við ritun dagbókar skal ætíð gæta að vernd persónuupplýsinga og að ekki sé hægt að greina um hvern tiltekið verkefni er. Ekki má tilgreina tímasetningu útkalla, ekki nefna nöfn fyrirtækja, stofnanna eða einstaklinga né vísa til upplýsinga sem gefa vísbendingar um hvern ræðir. Í dagbók lögreglu skal auk þess ekki greina frá verkefnum rannsóknarsviðs heldur miðast færslur við verkefni útkallssvið LRH.“

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaoðryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindinu er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að starfsaðferðum starfsmanna embættis lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór yfir erindið og þau gögn sem bárust frá embætti Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

kvörtuninni og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum telur nefndin að ekki sé um að ræða mögulega ámælisverða eða refsiverða starfshætti meðal starfsmanna embættisins heldur sé um að ræða hefðbundna upplýsingagjöf sem á erindi við almenning. Telur nefndin því ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Niðurstaða

Ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Reykjavík, 9. maí 2025

Margrét Einarsdóttir
formaður

Kristín Edwald

Flosi H. Sigurðsson

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík

Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051

Netfang: nel@nel.is

Tilv.: 24110006

Ákvörðun nr. 41/2025

Þann 9. maí 2025 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 41/2025.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [REDACTED], dags. 17. október 2024. Í erindinu gerir kvartandi athugasemdir við starfshætti lögreglunnar á Norðurlandi vestra, í tengslum við umferðarslys sem kvartandi lenti í þann 30. júní 2024.

Í erindinu segir að kvörtunin snúi í fyrsta lagi að því að lögregla hafi ekki gert fullnægjandi rannsókn á slysstað og ekki safnað nægilegum sönnunargögnum.

Í öðru lagi, hafi kvartandi fengið litlar, rangar eða ófullnægjandi upplýsingar um stöðu málsins þrátt fyrir ítrekaðar fyrirspurnir. Þá hafi settur lögreglustjóri hamlað rannsókn málsins með yfirlýsingum um tilgangsleysi þess að afla gagna, sem hann beindi til yfirlögregluþjóns. Þá hafi yfirlögregluþjónn einnig hamlað eðlilegri málsmeðferð eins og lög bjóða með yfirlýsingum um að „viðkomandi sakborningur myndi hvort eð er neita sök“ og því hefði skoðun málsins ekkert upp á sig.

Í þriðja lagi hafi framganga lögreglu á slysstað verið ólögmat eða ófagleg, sem leiddi til þess að réttindi kvartanda voru „fyrir borð borin“.

Í fjórða lagi sé embættið mögulega ekki bært til þess að rannsaka málið og hefði átt að vísa því til annars embættis.

Nefndin óskaði eftir frekari upplýsingum frá embætti Lögreglustjórans á Norðurlandi vestra með bréfi dags. 17. desember 2024.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar

breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á Norðurlandi vestra svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi dags. 14. desember 2025. Í bréfinu kemur fram:

„Í ljósi þeirra ásakana á hendur lögreglu, sem fram koma í erindi kvartanda til NEL, sér undirritaður sig tilneyddan til að svara að nokkru því sem þar kemur fram. Líkt og fram kemur í erindi kvartanda varðar mál það er hér um ræðir umferðarslys sem kvartandi varð fyrir 30. júní 2024. Tilkynning um atvikið barst lögreglu frá Fjarskiptamiðstöð ríkislögreglustjóra og héldu vakthafandi lögreglumenn þegar á vettvang á forgangi. Í bréfi kvartanda er því haldið fram að lögregla hafi hvorki gert fullnægjandi rannsókn á slysstað né safnað nægilegum sönnunargögnum auk þess sem framganga lögreglu á slysstað hafi verið ófagleg, sem hafi orðið til þess að réttindi hans hafi verið fyrir borð borin. Þessu mótmælir lögreglustjóri harðlega. Líkt og fram kemur í hjálögðum lögregluskýrslum, sem ritaðar voru vegna atviksins, má sjá að lögreglumenn sinntu skyldum sínum að fullu og í samræmi við það sem tíðkast í atvikum sem því sem um ræðir. Þannig var rétt við kvartanda á vettvangi þar til hann fór upp í sjúkrabífreið sem kom á vettvang. Þá var vettvangur myndaður ásamt því sem teknir voru framburðir hjá vitnum á vettvangi og aflað upplýsinga um fleiri möguleg vitni að atvikinu.

Í framhaldi var hafist handa við frekari rannsóknaraðgerðir, m.a. að teknu tilliti til athugasemda kvartanda og upplýsingum sem hann kom sjálfur á framfæri við lögreglu. Má þar benda á að kannað var með myndefni úr lögreglubífreið, þ.e. hvort hægt væri að bera kennsl á mögulegan geranda ef lögreglumenn hefðu mætt honum á leið á vettvang, ásamt því að kanna hvort bífreið sem samræmdist lýsingu kvartanda og vitna hefði komið fram á eftirlitsmyndavélum. Í þessu sambandi er rétt að benda á að hvorki kvartandi né vitni sem rétt var við gátu upplýst um skráningarnúmer

umrædds ökutækis, aðeins var nefnt að um gæti verið að ræða gráan jeppling, líklega af [REDACTED] gerð. Þá nefnir kvartandi í bréfi sínu að hann hafi fengið rangar eða ófullnægjandi upplýsingar um stöðu málsins, þrátt fyrir ítrekaðar fyrirspurnir, að undirritaður hafi beinlínis hamlað rannsókn með tilteknum yfirlýsingum til yfirlögregluþjóns. Enn fremur að yfirlögregluþjónn hafi einnig hamlað eðlilegri málsmeðferð eins og lög bjóða með yfirlýsingum um að „viðkomandi sakborningur myndi hvort eð er neita sök“ og því hefði skoðun málsins ekkert upp á sig. Er þessum orðum kvartanda hafnað sem ósönnum og í besta falli rifin úr samhengi. Hvað varðar tilvitnaða yfirlýsingu undirritaðs þá kom það fram í samtali undirritaðs við yfirlögregluþjóns að sönnunarstaða í málinu yrði mun erfiðari ef lögreglu tækist að hafa uppi á ökumanni bifreiðar þeirrar sem talið var að hafi ollið slysinu, því ef ekki væri öðrum gögnum til að dreifa yrði það orð á móti orði ef hvorki kvartandi né vitni gætu staðfest svo mikið sem hluta úr skráningarnúmeri umræddrar bifreiðar. Hvað varðar staðhæfingu kvartanda um yfirlýsingu yfirlögregluþjóns, þá rekur yfirlögregluþjón ekki minni hafa látið frá sér umrædda yfirlýsingu. Þá er fráleitt að bera því við að framangreint hafi með nokkrum hætti hamlað rannsókn málsins líkt og kvartandi heldur fram, enda var öllum ráðum beitt í viðleitan lögreglu til að upplýsa málið, líkt og meðfylgjandi gögn sýna.

Þá lýsir kvartandi yfir efasemdum sínum um hvort rannsóknarforræði málsins hafi átt að vera hjá öðru lögregluembætti með vísan til þágildandi fyrirmæla a-liðar 1. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 660/2017 um stjórn lögreglurannsókna og samvinnu héraðssaksóknara og lögreglustjóra við rannsókn sakamála. Umrætt ákvæði kvað á um að kynferðisbrot og manndráp og tilraunir til slíkra brota sem framin væri í umdæmi lögreglustjórans á Norðurlandi vestra skyldu rannsökuð af lögreglustjóranum á Norðurlandi eystra. Af orðum kvartanda ber því að skilja að hann telji að umrætt atvik hafi því verið annað tveggja, tilraun til manndráps, eða ætlan ökumanns margnefndrar bifreiðar hafi verið að fremja einhverskonar kynferðisbrot gegn kvartanda. Eðli málsins samkvæmt var málið rannsakað sem umferðarslys þar sem engar vísbendingar komu fram, hvorki á vettvangi né við frekari rannsókn málsins, að um tilraun til manndráps hafi verið að ræða. Þá kom ekkert fram við rannsókn málsins sem gaf til kynna að um hafi verið að ræða atvik sem ætti með einhverjum hætti rót sína í kynferðislegum vangaveltum eða fyrirætlunum ökumanns.“

Þá kemur einnig fram í bréfi embættisins:

„Framangreindu til viðbótar eru atriði í rökstuðningi kvartanda sem undirritaður telur rétt að svar. Vísast þar til umfjöllunar um upplýsingaskyldu lögreglu skv. 18. gr. laga nr. 69/1995 um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota. Eins og nafn laganna gefur til kynna, og tekið er fram í 1. mgr. 1. gr. laganna er þar um að ræða skyldu sem hvílir á lögreglu þegar um er að ræða tjón sem verður vegna brota á almennum hegningarlögum nr. 19/1940. Líkt og fram er komið var málið rannsakað sem umferðarslys þar sem engar vísbendingar komu fram sem gáfu til kynna að mögulega hefði verið um að ræða hegningarlagabrot. Bætur vegna tjóna hvort heldur er líkamstjóna, munaðtjóna eða miska þegar um umferðaróhöpp/slys er að ræða, og ekki er uppi grunur um refsiverða háttsemi, eru jafnan bætt af lögboðnum ábyrgðartryggingum þeirra ökutækja sem um ræðir hverju sinni. Tryggingafélagi kvartanda var veittur aðgangur að öllum umbeðnum gögnum lögreglu þegar þess var óskað og í því augljóst að framkomin kvörtun, sem og meðfylgjandi rökstuðningur að því er varðar umrætt atriði, á ekki við rök að styðjast. Að öðru leyti en að framan greinir vísast til þess er fram kemur í meðfylgjandi rannsóknargögnum lögreglu.“

Meðfylgjandi bréfi embættisins voru gögn málsins sem fékk málsnúmerið [REDACTED]. Um er að ræða bókun úr dagbók lögreglu, frumkvæðisskýrslu lögreglu dags. 3. júlí 2024, kæruskýrslu kvartanda vegna atviksins, dags. 30. júní 2024, tölvupóst frá kvartanda til lögreglu ásamt myndum, dags. 3. júlí 2024, beiðni um upplýsingar frá almenningi, sett á samfélagsmiðla embættisins, 9. ágúst 2024, þrjár framburðarskýrslur vitna, dags. 8. september 2024, upplýsingaskýrslu lögreglu vegna mögulegrar skerpingar á myndefni úr lögreglubifreið, dags. 9. september 2024, upplýsingaskýrslu lögreglu vegna athugunar á mögulegri aðild tiltekinnar bifreiðar, dags. 16. september 2024, skrifleg tilkynning til kvartanda um niðurfellingu málsins, dags. 11. október 2024 og umbeðinn rökstuðningur lögreglustjóra til kvartanda, dags. 18. október 2024. Þá var einnig meðfylgjandi myndefni úr búkmyndavélum lögreglumanna á vettvangi sem og úr myndatökubúnaði lögreglubifreiðar sem fór á vettvang.

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kærur vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindinu er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að starfsaðferðum starfsmanna embættis lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór yfir erindið og þau gögn sem bárust frá embætti Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtuninni, þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum og skýringum embættisins telur nefndin að ekki sé um að ræða mögulega ámælisverða eða refsiverða starfshætti meðal starfsmanna embættisins. Nefndin telur að málsmeðferð embættisins í málinu hafi verið eðlileg og telur ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Niðurstaða

Ekki er tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Reykjavík, 9. maí 2025

Margrét Einarsdóttir
formaður

Kristín Edwald

Flosi H. Sigurðsson

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 24120004

Ákvörðun nr. 42/2025

Þann 23. maí 2025 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 42/2025.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [REDACTED], dags. 26. nóvember 2024. Í erindinu gerir kvartandi athugasemdir við starfsaðferðir lögreglu í máli nr. [REDACTED]. Í erindinu fer kvartandi yfir málsatvik og greinir frá meintu aðgerðarleysi lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu varðandi kynferðisbrot sem kvartandi varð fyrir árið 2021. Í erindinu segir kvartandi að starfsmenn lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu hafi ekki unnið vinnuna sína vel, hafi gert allt til að þurrka út ummerki brotsins og ekki farið strax á vettvang. Einnig hafi orðið töf á að sýni hafi verið tekin af árásarmanninum. Þá hafi ekki verið tekin sýni undan nögnum kvartanda sem hefðu getað sýnt fram á að hún hafi barist á móti. Að lokum er óskað eftir því að nefndin kynni sér gögn málsins að öðru leyti.

Nefndin óskaði eftir frekari upplýsingum frá embætti Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu með bréfi dags. 17. desember 2024.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærur á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í

Því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

Af valdsviði nefndarinnar leiðir jafnframt að nefndin er ekki lögbær til að fjalla um starfsaðferðir dómstóla og er þeim þætti kvörtunarinnar því vísað frá nefndinni.

2.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi dags. 20. janúar 2025. Meðfylgjandi bréfinu var afrit af gögnum málsins og af héraðsdómi í málinu nr. [REDACTED]. Af gögnum málsins má sjá að málið var sent til héraðssaksóknara með bréfi dags. 17. maí 2022 ásamt öllum rannsóknargögnum þess. Í greinargerð rannsakanda og í frumskýrslu málsins kemur eftirfarandi fram:

„9. október 2021 Frumskýrsla lögreglu: Við vorum sendir að beiðni Fjarskiptamiðstöðvar ríkislögreglustjóra að [REDACTED]. Þegar við mættum á vettvang hittum við á brotapolu hana [REDACTED]. [REDACTED] talar hvorki íslensku né ensku, og því fóru öll okkar samskipti fram í gegnum google translate. Mér ljáðist að kynna [REDACTED] réttarfarsákvæði vitnis. [REDACTED] í sjáanlegu uppnámi en hún var útgrátin og skalf þegar samskipti okkar hófust. [REDACTED] tjáði mér í stuttu máli að henni hafði verið nauðgað fyrr um kvöldið, að það hafi maður sem hún þekkir hótað henni lífláti ef hún skyldi ekki stunda við hann kynlíf. [REDACTED] var á vettvangi ásamt vinum sínum, þeim x og y.“

Samkvæmt gögnum málsins var tekin skýrsla af kvartanda snemma þann 9. október s.á. og tveimur dögum seinna eða þann 11. október s.á. var tekin skýrsla af geranda. Skýrslutaka fór fram af vitnum í málinu þann 14. og 16. október s.á. Skýrsla var tekin af vitnum aftur þann 16. nóvember s.á. Skýrsla var tekin af geranda aftur þann 28. janúar 2022. Gagnaöflun fór fram þann 12. október 2021 frá neyðarmóttöku og úr símtæki kvartanda. Þann 13. desember 2021 var svo tekið blóð úr geranda en fram kemur í skýrslu rannsakanda að ekki hafi verið tekið blóðsýni til alkahólrannsóknar þegar gerandi var handtekinn undir morgun tveimur dögum eftir að brotið átti sér stað eða þann 11. október 2021 vegna þess að þá „var því of langt um liðið“. DNA sýni var tekið sama dag og handtaka átti sér stað. Vettvangsrannsókn fór fram þann 11. október 2021.

Nefnd um eftirlit með lögreglu óskaði eftir frekari upplýsingum um ástæðu þess að gerandi hefði ekki verið færður á lögreglustöð strax til yfirheyrslu. Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu svaraði með ítarlegri dagbókarfærslu um málið en af henni verður ráðið að erfitt hafi reynst að finna geranda og ljóst er af gögnum málsins að hann var færður til yfirheyrslu, líkamsrannsókna og annarra aðgerða í þágu rannsóknar málsins þegar hann

fannst. Enn fremur að bifreið hans skoðuð af rannsóknardeild lögreglunnar og sýni tekin af honum auk fleiri staða líkt og úr bifreiðinni. Þannig fór fram réttarlæknisfræðileg rannsókn af honum. Auk þess verður ráðið af gögnum málsins að líkamsrannsókn hafi verið gerð á kvartanda.

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaoðryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindinu er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að starfsaðferðum starfsmanna embættis lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór yfir erindið og þau gögn sem bárust frá embætti Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtuninni og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum telur nefndin að ekki sé um að ræða mögulega ámælisverða eða refsiverða starfshætti starfsmanna embættisins. Varðandi þann þátt kvörtunarinnar að ekki hafi verið skafið undan nöglum kvartanda við komuna á neyðarmóttöku. Í málinu liggur fyrir að þegar lögreglan hafi fylgt kvartanda á neyðarmóttöku hafi ekki verið komin heildstæð mynd af atburðinum. Hafa verður þó í huga að kvartanda var fylgt á neyðarmóttöku skömmu eftir atburðinn. Við þær aðstæður þar sem grunur er um meinta nauðgun er að mati nefndarinnar almennt mikilvægt að lögreglan fylgi því eftir að viðeigandi atriði á gátlista móttöku séu rannsökuð og þá í þessu tilviki að skafa undir nöglum þegar grunur er um nauðgun og enn er möguleiki á því að nothæf sýni náist. Nefnd um eftirlit með lögreglu beinir þeim tilmælum til Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu að gætt verði að þessu í framtíðar málum þegar lögregla hefur aðkomu að því brotapolí fer á neyðarmóttöku.

Nefnd um eftirlit með lögreglu telur jafnframt tilefni til að vekja athygli Ríkissaksóknara á framangreindu með það fyrir augum að embættið meti hvort rétt sé að koma ábendingu um ofangreint á framfæri við önnur lögregluembætti landsins.

Að öðru leyti virðist rannsókn málsins hafa gengið nokkuð hnökralaust fyrir sig sem endaði með að málið var sent til héraðssaksóknara til meðferðar og lauk með dómi Héraðsdóms

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Reykjavík, þann 12. janúar 2023, nr. [REDACTED]. Nefndin telur ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Niðurstaða

Tilmælum er beint til Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu um að að gæta að því í framtíðar störfum sínum að fylgt sé eftir að almennt verði skafið undir nöglum þegar grunur er um nauðgun og ekki er liðinn það langur tími frá atburði að enn er möguleiki á að nothæf sýni fái.

Jafnframt er vakin athygli Ríkissaksóknara á framangreindu með það fyrir augum að embættið meti hvort tilefni sé til að vekja athygli annarra lögregluembætta á landinu á þessu.

Þeim þætti kvörtunar sem lýtur að starfsaðferðum dómstóla er vísað frá nefndinni.

Ekki er tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins að öðru leyti.

Reykjavík, 23. maí 2025

Hafsteinn Dan Kristjánsson
varaformaður

Elimar Hauksson

Flosi H. Sigurðsson

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 24120006

Ákvörðun nr. 43/2025

Þann 9. maí 2025 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 43/2025.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [REDACTED], dags. 18. desember 2024. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við starfsaðferðir starfsmanna embættis lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu við framkvæmd húsleitar á heimili hans þann 22. nóvember sl. Í erindinu er ítarleg atvikalýsing af framkvæmd húsleitarinnar. Fram kemur m.a. að móðir og börn kvartenda [REDACTED] hafi verið stödd á heimilinu. Lögreglumennirnir hafi óskað inngöngu en móðir [REDACTED] ekki skilið hvað væri á seyði og ekki viljað hleypa þeim inn. [REDACTED] sonur kvartenda hafi ekki þorað öðru en að veita þeim inngöngu. Lögreglan hafi í kjölfarið óskað eftir kennitölu móður [REDACTED] og vegabréfi hennar en fram kemur að hún kunni ekki kennitölu sína og kvartendur varðveittu vegabréfið hennar þar sem hún sé farin að gleyma. Lögreglumennirnir hafi byrjað að opna skápa og gengið um alla íbúðina. Við það hafi [REDACTED] ára dóttir kvartenda vaknað og spurt þá hvað væri í gangi og þeir svarað henni að þeim hefði borist ábending um skrítna lykt. Kvartendur telja lögreglu hafa með meintri ólögmætri húsleit brotið á rétti þeirra til friðhelgi einkalífs.

Nefndin óskaði eftir frekari upplýsingum frá embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu með bréfi dags. 7. janúar 2025.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli

lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi dags. 28. janúar 2025. Meðfylgjandi voru dagbókarfærslur embættisins og greinargerð frá öðrum lögreglumanninum á vettvangi. Í henni kemur m.a. fram:

„Ég man þó eftir atvikum í [REDACTED] Við fórum þangað vegna upplýsinga um viðvarandi kannabislykt á svæðinu í kring um [REDACTED] og óljóst hvort um neyslu eða framleiðslu væri að ræða. Hluti af skoðun á þeirri tilkynningu var að athuga hvort merki væru um kannabisræktun [REDACTED]. Við knúðum þar dyra og fyrir okkur opnaði ungur drengur. Hann sótti síðan eldri konu sem var innandýra og virtist gæta hans. Konan var frá [REDACTED] og líklega í kring um [REDACTED] gömul. Konan talaði ekki íslensku né ensku. Við ræddum við konuna í anddyrinu og ég notaði google translate til að útskýra fyrir henni að við værum að fylgja eftir aðurnefndri ábendingu um kannabislykt og að við óskuðum eftir að fá að kíkja inn á heimilið og athuga hvort allt sé eðlilegt hjá þeim. Konan kinkaði kolli og bentu okkur með handabendingum um að ganga inn. Við gengum þá inn í húsið og opnuðum dyr að nokkrum herbergjum, kíktum inn í rýmin og sáu fljótlega að heimilislífið í [REDACTED] væri eðlilegt og augljóst var að engin kannabisræktun væri í húsinu. Sú athugun tók um 1 mínútu. Ekki var leitað í skápum, skúffum eða neinu slíku. Þegar á þessu stóð kom fram stúlka sem okkur þóttist vera á unglingsaldri. Áður en við gengum út gerði ég tilraun til að fá persónuupplýsingar hjá eldri konunni, en hún átti í erfiðleikum með að skilja mig. Stúlkan skrifaði þá fyrir mig nafn konunnar sem „[REDACTED]“ og við létum það nægja. Að lokum þökkuðum við fyrir og yfirgáfum svæðið.“

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kærnu vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindinu er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að starfsaðferðum starfsmanna embættis lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór yfir erindið og þau gögn sem bárust frá embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtuninni og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum er ljóst að aðilum ber ekki saman um málsatvik. Fyrir liggur lýsing lögreglumanns á vettvangi að farið hafi verið inn á heimili kvartanda að [REDACTED] og að tungumálaerfiðleikar hafi verið í samskiptum við kvartanda. Nefndin telur að það hefði verið í samræmi við markmið verklagsreglna um notkun búkmyndavéla að taka atvikið upp á búkmyndavél enda er verulegur ágreiningur um atvikalýsingu af vettvangi milli lögreglumanna og kvartanda. Beinir nefndin því þeim tilmælum til lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu að bæta notkun búkmyndavéla þegar framkvæmdar eru rannsóknaraðgerðir sem beinast gegn friðhelgi einkalífs fólks. Hins vegar telur nefndin að ekki séu uppi vísbendingar um mögulega refsiverða eða ámælisverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996, og ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Niðurstaða

Nefndin beinir þeim tilmælum til Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu að nota búkmyndavélar í samræmi við verklagsreglur.

Ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Reykjavík, 9. maí 2025

Margrét Einarsdóttir
formaður

Kristín Edwald

Flosi H. Sigurðsson

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 24120007

Ákvörðun nr. 44/2025

Þann 23. maí 2025 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 44/2025.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [REDACTED], dags. 18. desember sl. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við starfsaðferðir starfsmanna embættis Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu þegar afskipti voru höfð af kvartanda og fjölskyldu hans þann 12. ágúst 2024. Fram kemur að lögreglan hefði komið og fjarlægt börn kvartanda af heimilinu. Að sögn kvartanda var ástæða þess að börnin voru fjarlægð byggð á lygum og kvartandi telur að með þessum aðgerðum hafi lögreglan með valdi rænt börnum hans.

Nefndin óskaði eftir frekari upplýsingum frá embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu með bréfi dags. 7. janúar 2025.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákæruvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi dags. 20. janúar 2025. Meðfylgjandi voru skýrslur vegna málsins en ekki eru til upptökur úr bókmyndavélum lögreglumanna á vettvangi.

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindinu er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að starfsaðferðum starfsmanna embættis lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór yfir erindið og þau gögn sem bárust frá embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu. Fram kemur í gögnum málsins að afskipti lögreglu á heimili kvartanda í umrætt sinn voru á grundvelli tilkynningar um meint heimilisofbeldi. Af gögnum málsins verður ráðið að lögreglan hafi ekki fjarlægt börnin af heimilinu. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtuninni og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum telur nefndin ekki séu uppi vísbendingar um mögulega refsiverða eða ámælisverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Nefndin telur ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Niðurstaða

Ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Reykjavík, 23. maí 2025

Hafsteinn Dan Kristjánsson
varaformaður

Elimar Hauksson

Flosi H. Sigurðsson

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 24120009

Ákvörðun nr. 45/2025

Þann 9. maí 2025 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 45/2025.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [REDACTED], dags. 16. nóvember 2024. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við framkomu og starfsaðferðir starfsmanna embættis lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu. Í erindi sínu telur kvartandi m.a. að lögreglumaður hafi ekki sinnt tilkynningum hans um að dóttur hans hefðu verið gefin eiturlyf.

Nefndin óskaði eftir frekari upplýsingum frá embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu með bréfi dags. 7. janúar 2025.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

2.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi dags. 12. janúar 2025. Meðfylgjandi voru gögn sem LRH hafði um samskipti lögreglu við Said Ibragic og dagbækur vegna afskiptanna. Einnig dagbókafærslur frá lögreglustjóranum á Suðurlandi.

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaoðryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindinu er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að starfsaðferðum starfsmanna embættis lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór yfir erindið og þau gögn sem bárust frá embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu. Af gögnum málsins er ljóst að kvartandi lagði fram kæru á hendur einstaklingi, sem hann grunaði um að hafa gefið dóttur sinni eiturlyf. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtuninni og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum telur nefndin að ekki séu uppi vísbendingar um mögulega refsiverða eða ámælisverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996.

Niðurstaða

Ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Reykjavík, 9. maí 2025

Margrét Einarsdóttir
formaður

Kristín Edwald

Flosi H. Sigurðsson

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 25010004

Ákvörðun nr. 46/2025

Þann 9. maí 2025 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 46/2025.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [REDACTED], dags. 20. desember 2024. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við starfsaðferðir starfsmanna embættis lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu þann 14. desember sl., þegar lögregla kom fyrir utan heimili hans og reyndi að hafa samband við hann vegna máls sem var honum óviðkomandi en tengdist nágrönnum hans.

Nefndin óskaði eftir frekari upplýsingum frá embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu með bréfi dags. 7. janúar 2025.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákæruvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi dags. 10. janúar 2025. Meðfylgjandi var dagbókarfærsla vegna málsins.

Í dagbókarfærslum lögreglu kemur m.a. fram:

„[REDACTED] ósáttur að lögregla hafi verið á hringja í hann, ástæða þess er að [REDACTED] var tilkynnandi af atvikinu og lögreglumenn sem fóru á vettvang voru að leita af frekari upplýsingum til að halda áfram með málið. [REDACTED] svaraði ekki í símann.[...]

[REDACTED] var mjög ósáttur að lögregla hafi komið inn á lóðina hjá honum og bankað á dyrnar hjá honum. [REDACTED] tilkynnt að lögreglumenn hefðu farið húsavillt í málinu. Aðspurður þá sagði [REDACTED] að lögreglumennirnir hefðu verið kurteisir, en honum grunaði að þeir hafi vísvitandi lagt bílum sínum fyrir innkeyrslu [REDACTED] svo hann kæmist ekki í burtu. [REDACTED] sagt að það væri bara vitleysa að þau tengdust málinu ekkert, heldur væri það fólkið í húsinu við hliðina á þeim.[...]

[REDACTED] mjög ósáttur að lögreglan skildi hringja í hann í leyninúmeri. [REDACTED] sagt að lögreglumennirnir sem fóru á vettvang hafi reynt að hringja í hann til að fá frekari upplýsingar um kannabislyktina sem var þarna í götunni [REDACTED] bent á að lögreglan væri bara með leyninúmer í símunum í bílunum.“

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaoðryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindinu er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að starfsaðferðum starfsmanna embættis lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór yfir erindið og þau gögn sem bárust frá embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtuninni og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum telur nefndin að ekki séu uppi vísbendingar um mögulega refsiverða eða ámælisverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr.

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Nefndin telur afskiptin hafa verið í samræmi við hlutverk og skyldur lögreglu og telur ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Niðurstaða

Ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Reykjavík, 9. maí 2025

Margrét Einarsdóttir
formaður

Kristín Edwald

Flosi H. Sigurðsson

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 25010005

Ákvörðun nr. 47/2025

Þann 9. maí 2025 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 47/2025.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [REDACTED], dags. 15. desember 2024. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við framkomu og starfsaðferðir starfsmanns embættis lögreglustjórans á Suðurnesjum þann 9. desember 2024. Fram kemur í erindinu að kvartandi hafi upplifað virðingarleysi af hálfu lögreglumanns við komuna til landsins á Keflavíkurflugvelli, sem hafi sagt henni að: „be quiet“.

Nefndin óskaði eftir frekari upplýsingum frá embætti lögreglustjórans á Suðurnesjum með bréfi dags. 7. janúar 2025.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákæruvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á Suðurnesjum svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi dags. 28. janúar 2025. Meðfylgjandi var dagbókarfærsla vegna málsins. Í bréfi embættisins kemur eftirfarandi m.a. fram:

„Eftir yfirferð málsins er það mat LSS að ekki sé hægt að taka undir það að starfsaðferðir og framkoma starfsmanna LSS hafi verið ábótavant í málinu. Um var að ræða skyldubundið landamæraeftirlit á KEF.

Staðreynd málsins er að við komu [REDACTED] til landsins og inn á Schengen svæðið uppfyllti hún ekki skilyrði komu sbr. d. liður 1. mgr. 106. gr. laga um útlendinga nr. 80/2016, sbr. 5. gr. reglugerðar um för yfir landamæri nr. 866/2017 enda kvaðst hún eingöngu hafa aðgang að 15 evrum fyrir ætlaða tveggja mánaða dvöl í [REDACTED].

Í stað þess að frávísa [REDACTED] við komu hennar beittu starfsmenn LSS meðalhófi, útskýrðu regluverk og aðstoðuðu hana við að koma högum sínum í þann farveg að hún uppfyllti skilyrði komu. Starfsmenn LSS ræddu m.a. við kærasta [REDACTED] að hennar beiðni og útskýrðu málavexti fyrir honum og í framhaldi af því aðstoðaði hann [REDACTED] við að sýna fram á að hún hefði aðgang að fjármunum á meðan á dvöl hennar stæði. Í framhaldi af því hélt hún för sinni áleiðis en hreytti þó ónotum í landamæraverðina sem höfðu verið að aðstoða hana.“

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaoðryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindinu er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að framkomu starfsmanns embættis lögreglustjórans á Suðurnesjum.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór yfir erindið og þau gögn sem bárust frá embætti lögreglustjórans á Suðurnesjum. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtuninni og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum telur nefndin að ekki séu uppi vísbendingar um mögulega refsiverða eða ámælisverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996, og ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Niðurstaða

Ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Reykjavík, 9. maí 2025

Margrét Einarsdóttir
formaður

Kristín Edwald

Flosi H. Sigurðsson

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 25010006

Ákvörðun nr. 48/2025

Þann 9. maí 2025 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 48/2025.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [REDACTED], dags. 20. desember 2024. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við starfshætti starfsmanna embættis lögreglustjórans á Suðurlandi þegar afskipti voru höfð af kvartanda í tvígang við akstur, annars vegar í ágúst 2024 á Selfossi og hinsvegar þann 17. desember 2024 á ótilgreindum stað. Kvartandi telur afskiptin hafa verið að ástæðulausu og til þess fallin að vekja hjá honum ótta.

Nefndin óskaði eftir frekari upplýsingum frá embætti lögreglustjórans á Suðurlandi með bréfi dags. 7. janúar 2025.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á Suðurlandi svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi dags. 23. janúar 2025. Fram kemur að engar skráningar hafi fundist í LÖKE vegna afskiptanna en upptaka úr bókmyndavél lögreglumanns vegna afskipta þann 17. desember 2024 var til. Á þeirri upptöku má sjá ástæðu afskiptanna þegar kvartandi er stöðvaður. Lögreglumaður á vettvangi biður kvartanda að fara varlega í framúrakstri vegna veðuraðstæðna og fjölda slysa sem orðið höfðu á sama vegi.

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kærur vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindinu er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að framkomu starfsmanna embættis lögreglustjórans á Suðurlandi.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór yfir erindið og þau gögn sem bárust frá embætti lögreglustjórans á Suðurlandi. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtuninni og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, sér í lagi upptöku úr bókmyndavél, telur nefndin að ekki séu uppi vísbendingar um mögulega refsiverða eða ámælisverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996, og ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Niðurstaða

Ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Reykjavík, 9. maí 2025

Margrét Einarsdóttir
formaður

Kristín Edwald

Flosi H. Sigurðsson

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 25010007

Ákvörðun nr. 49/2025

Þann 9. maí 2025 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 49/2025.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [REDACTED] f.h. [REDACTED], dags. 8. janúar 2025. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við starfshætti starfsmanna embættis lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu. Erindið bar yfirskriftina „Má Lögregla hunsa ítrekuð brot á 3. mgr. 23. gr. Umferðarlaga?“. Í niðurlagi erindisins var óskað eftir því að nefndin kannaði í fyrsta lagi hvort eðlilegt sé að þeim sem óska eftir að kæra brot á lagagreininni sé einfaldlega neitað um að fá tíma í kærurnótöku. Í öðru lagi hvort eðlilegt sé að umferðardeild lögreglu skeri úr um atvik mála án nokkurrar undangenginnar rannsóknar, frekar en að vísa málinu til annarrar deildar lögreglu sem getur rannsakað atvikið. Í þriðja lagi hvort verkferlar lögreglu vegna brota á 3. mgr. 23. gr. umferðarlaga séu eins og best verður á kosið.

Nefndin óskaði eftir frekari upplýsingum frá embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu með bréfi dags. 31. janúar 2025.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumáður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknað sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli.

Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu svaraði beiðni nefndarinnar með ítarlegu bréfi dags. 6. febrúar 2025. Meðfylgjandi voru fjölmargar skýrslur lögregla vegna atvika sem eiga undir erindið og umrætt lagaákvæði.

Í bréfi embættisins kemur eftirfarandi m.a. fram:

„Í erindi sínu fjallar kvartandi um markmið umferðarlaga nr. 77/2019 og sérstaklega 23. gr. laganna. Heldur kvartandi því fram að engar sektir hafi verið gefnar út og að ekki sé vitað til þess að nokkur ökumaður hafi nokkurn tímann fengið tiltal fyrir að virða ekki ákvæði 3. mgr. 23. gr. umferðarlaga. Heldur kvartandi því fram að engin átaksverkefni eða herferðir hafi farið fram af lögreglu til að tryggja að ökumenn fari eftir þessu ákvæði um 1.5 metra lágmarksbil. Að mati kvartanda eru upptökur úr myndavélum hjólréiðamanna haldgóð sönnun fyrir broti sem annars getur verið erfitt að sýna fram á og telur hann að hjólréiðamönnum hafi verið neitað að leggja fram kæru.

Eins og sjá má á eftirfarandi lista úr lögregluckerfinu þar sem skoðuð er aukaaðild kvartanda má sjá að hann hefur lagt fram kvartanir og kærur í nokkrum málum hjá lögreglu, oftast hjá LRH en einnig hjá öðru embætti [...]. Kærur kvartanda hafa verið teknar til meðferðar, mál rannsökuð vitni kölluð til og gefin hefur verið út a.m.k. ein sekt. [...].

Myndavélar hins almenna borgara sem notaðar eru á og í ökutækjum eða í snjalltækjum eru misjafnar og gefa ekki alltaf réttar upplýsingar um t.d. hraða annarra bifreiða eða fjarlægðir á milli þeirra. Tilfinning og upplifun fólks er einnig misjöfn. Slíkt verður að vera yfir allan vafa hafið, eigi lögreglustjóri að geta gefið út sekt eða ákæru vegna brots. Lögreglu ber að nota einungis þau tæki til t.d. hraðamælinga sem ríkislögreglustjóri hefur viðurkennt skv. reglum ríkislögreglustjóra um hraðamælingar nr. 1/2011. Prófa þarf tækin fyrir og eftir notkun eða á klukkustundar fresti. Til að hægt sé að tryggja sönnur fyrir dómi þarf að gæta að slíkar reglur séu virtar. Lögregla býr ekki yfir viðlíka tækjum til að mæla fjarlægð milli bifreiða.

Eins og kvartandi hefur verið upplýstur um er ekki rekin rannsóknardeild í umferðardeild. Eðlilegt er að lögreglumenn í umferðardeild gefi ráðleggingar eða aðstoði aðra starfsmenn vegna umferðarmála og á það einnig við um þegar borgari sendir inn myndskeið sem skoða þarf og meta hvort að hægt sé að leggja þau til grundvallar kæru.

LRH hefur ekki komið sér upp sérstökum verkferlum vegna meintra brota á 3. mgr. 23. gr. umferðarlaga en starfar eftir lögum, m.a. lögreglulögum nr. 90/1996, umferðarlögum, lögum um meðferð sakamála nr. 88/2008 og reglugerðum settum samkvæmt þeim.

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hefur ekki synjað kvartanda um að leggja fram kærur í málum. Hefur kvartandi tilkynnt til lögreglu í nokkur skipti, vegna gruns hans um að ökumenn hafi brotið gegn ákvæði 3. mgr. 23. gr. umferðarlaga. Hafa kærur hans verið teknar til meðferðar eftir því sem við á. [...].

Kvartandi heldur því fram að lögreglu hafi ekki þótt neitt tilefni til að beita þessari lagagrein og að ekki hafi farið fram neinar átaksherferðir til að tryggja að ökumenn virði ákvæði 3. mgr. 23. gr. umferðarlaga. LRH hefur haft afskipti af málum sem varða meint brot á ákvæðinu eins og sjá má á af skjáskoti úr lögreglukerfinu þegar leitað er eftir öllum málum vegna 3. mgr. 23. gr. umferðarlaga. [...].

Kvartandi hefur ekki kært til ríkissaksóknara ákvarðanir lögreglustjóra um að hætta rannsókn í þeim málum sem við á.“

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindinu er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að starfsaðferðum starfsmanna embættis lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór yfir erindið og þau gögn sem bárust frá embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

kvörtuninni og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum telur nefndin að ekki séu uppi vísbendingar um að kvartanda hafi verið neitað að leggja fram kæru eða að mál af þessum toga séu ekki rannsökuð. Nefndin áréttar að undir valdsvið nefndarinnar fellur almennt ekki að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Með vísan til framangreinds telur nefndin kvörtunina ekki gefa tilefni til að skoða hvort um mögulega refsiverða eða ámælisverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/19960. Nefndin telur því ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Niðurstaða

Ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Reykjavík, 9. maí 2025

Margrét Einarsdóttir
formaður

Kristín Edwald

Flosi H. Sigurðsson

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 25010008

Ákvörðun nr. 50/2025

Þann 23. maí 2025 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 50/2025.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [REDACTED], dags. 13. janúar 2025. Í erindinu gerir kvartandi athugasemdir við starfshætti lögreglunnar í Vestmannaeyjum. Í erindinu segir að kvörtunin snúi að meintri ólöglegri handtöku kvartanda eftir að hann varð fyrir líkamsárás sem orsakaði meðvitundarleysi og áverka á líkama. Kvartandi hafi vaknað í fangaklefa, hafi þurft að pissa á gólfið í klefanum þar sem honum hafi ekki verið hleypt á klósettið né hafi kvartanda verið veitt læknilæki ásamt því að hann hafi ekki fengið neitt að drekka. Kvartandi kærði gerendur í málinu en lagði einnig fram kæru á hendur lögreglu á lögreglustöðinni í Vestmannaeyjum. Kvartandi greinir frá því að hann fái engin svör frá embættinu vegna kæru hans á hendur embættinu vegna starfsaðferðanna sem kvartandi telur ólöglegar.

Nefndin óskaði eftir frekari upplýsingum frá embætti Lögreglustjórans í Vestmannaeyjum með bréfi dags. 31. janúar 2025. Nefndinni barst tilkynning frá Héraðssaksóknara, dags. 13. mars s.l., þar sem nefndinni var tilkynnt um framkomna kæru, rannsókn og lok máls kvartanda nr. [REDACTED]

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsókna sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli.

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Héraðssaksóknari sendi gögn til nefndarinnar með bréfi dags. 13. mars 2025. Í bréfi Héraðssaksóknara er nefndinni tilkynnt um framkomna kæru, rannsókn og lok máls nr. [REDACTED] sem varðar kæru kvartanda á hendur starfsmönnum Lögreglustjórans í Vestmannaeyjum. Fram kemur að Héraðssaksóknari hafi fjallað um kærana á grundvelli 1. mgr. 35. gr. b. lögreglulaga nr. 90/1996. Meðfylgjandi því bréfi voru öll gögn málsins.

Þann 15. maí sl., ítrekaði nefnd um eftirlit með lögreglu beiðni um upplýsingar til Lögreglustjórans í Vestmannaeyjum og bárust nefndinni svör frá embættinu, þann 21. febrúar sl. Meðal gagna málsins voru sömu gögn og bárust nefndinni frá Héraðssaksóknara auk upptakna úr búkmyndavélum, eyewitness kerfi lögreglubifreiðar og upptökum úr fangaklefa. Af þeim verður ekki séð að kvartandi hafi verið meðvitundarlaus eða að óþarfa hörku hafi verið beitt við handtöku.

Af upptökum úr fangaklefa má sjá framkvæmd öryggisleitar sem fer vel fram en ljóst er af upptökunum að kvartandi er æstur við komuna í fangaklefa.

Svo virðist sem upptökur úr búkmyndavélum byrji ekki fyrr en kvartandi hefur verið tekinn í lögreglutök, liggur á jörðinni, er settur í handjárn og færður í lögreglubifreið.

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindinu er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að starfsaðferðum starfsmanna embættis lögreglustjórans í Vestmannaeyjum.

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór yfir erindið og þau gögn sem bárust frá embætti Lögreglustjórans í Vestmannaeyjum og Héraðssaksóknara. Nefndin telur óheppilegt að upptökur úr búkmyndavélum lögreglumanna sýni ekki betur atburðarásina sem leiddi til handtöku og beinir því til embættis Lögreglustjórans í Vestmanneyjum að brýna fyrir starfsmönnum að nota búkmyndavélar í samræmi við verklagsreglur um notkun þeirra. Hefur það m.a. þýðingu fyrir möguleika nefndarinnar að skoða og meta upphaf og endi atburðarásar í hvert sinn.

Nefndin telur þó með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtuninni, gögnum málsins og þeirri málsmeðferð sem kvörtunin hefur þegar fengið hjá Héraðssaksóknara, að ekki sé tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins og telur málið hafa fengið fullnægjandi meðferð á grundvelli 1. mgr. 35. gr. b. lögreglulaga nr. 90/1996.

Niðurstaða

Erindið hefur þegar fengið fullnægjandi meðferð á grundvelli 1. mgr. 35. gr. b. lögreglulaga nr. 90/1996.

Tilmælum beint til Lögreglustjórans í Vestmannaeyjum að brýna fyrir starfsmönnum embættisins fullnægjandi notkun búkmyndavéla.

Að öðru leyti er ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Reykjavík, 23. maí 2025

Hafsteinn Dan Kristjánsson
varaformaður

Elímar Hauksson

Flosi H. Sigurðsson

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 25010010

Ákvörðun nr. 51/2025

Þann 9. maí 2025 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 51/2025.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [REDACTED], dags. 11. nóvember 2024. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við starfshætti starfsmanna embættis lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu við afskipti sem höfð voru af honum þann 10. nóvember 2024, þegar hann var við akstur. Fram kemur að kvartandi sé ósáttur við að hafa verið veitt eftirför, síðan stöðvaður og sektaður fyrir of hraðan akstur og skort á notkun á stefnuljósi við akstur.

Nefndin óskaði eftir frekari upplýsingum frá embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu með bréfi dags. 31. janúar 2025.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega

starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi dags. 27. febrúar 2025. Meðfylgjandi voru frumskýrsla, sektargerð, dagbók lögreglu og andmæli sem kvartandi sendi inn auk upptöku úr eye-witness kerfi lögreglubifreiðarinnar.

Í bréfi embættisins kemur eftirfarandi m.a. fram:

„Kvartandi var stöðvaður í akstri þann 10. nóvember sl. þar sem hraði hans mældist 103 km á klukkustund á svæði þar sem hámarkshraði er leyfður 80 km á klukkustund. Auk þess hafði hann ekki gefið stefnumerki í akstri sínum. Gerð var vettvangsskýrsla og skráð að hann hefði ekki gefið stefnumerki tvisvar sinnum. Gefið var út sektarboð vegna hraðaksturs og skorts á merkjagjöf í tvö skipti þann 13. nóvember, kvartandi sendi inn andmæli 15. nóvember sl. sem tekin var afstaða til. Var sektarboð gefið út að nýju þann 15. janúar sl. þar sem sektað var fyrir of hraðann akstur og skort á merkjagjöf í eitt sinn. Sektin var greidd 12. febrúar sl.“

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindinu er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að starfsaðferðum starfsmanna embættis lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór yfir erindið og þau gögn sem bárust frá embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtuninni og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum telur nefndin að ekki séu uppi vísbendingar um mögulega refsiverða eða ámælisverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Lögreglan hefur skýra heimild til leggja á sektir vegna brota á umferðarlögum nr. 77/2019 skv. 97. gr. laganna sbr. einnig reglugerð nr. 1240/2019 um sektir

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

og önnur viðurlög vegna brota á umferðarlögum og reglum settum samkvæmt þeim. Að framangreindu virtu telur nefndin ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Niðurstaða

Ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Reykjavík, 9. maí 2025

Margrét Einarsdóttir
formaður

Kristín Edwald

Flosi H. Sigurðsson

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík

Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051

Netfang: nel@nel.is

Tilv.: 25010011

Ákvörðun nr. 52/2025

Þann 9. maí 2025 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 52/2025.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [REDACTED], dags. 16. janúar 2025. Í erindinu gerir kvartandi athugasemdir við starfshætti lögreglunnar á Suðurnesjum, vegna afskipta sem kvartandi varð fyrir á Keflavíkurflugvelli þegar hann kom frá [REDACTED] þann 13. desember 2024. Kvartandi hafi verið tekinn í fíkniefnapróf og haldið í sólahring, færður á spítala í handjárnnum. Þar hafi hann verið settur í röntgenmyndatöku sem hafi ekki skilað þeim niðurstöðum sem lögregla hafði búið sig undir. Kvartanda hafi síðan verið sleppt úr haldi lögreglu þegar niðurstöður lágu fyrir.

Nefndin óskaði eftir frekari upplýsingum frá embætti Lögreglustjórans á Suðurnesjum með bréfi dags. 31. janúar 2025.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að

háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á Suðurnesjum svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi dags. 11. febrúar 2025. Meðfylgjandi voru öll fyrirliggjandi gögn í málinu. Í bréfi embættisins segir:

„Þann 13. desember 2024 var kvartandi tekinn í tollaeftirlit á Keflavíkurflugvelli við komu til landsins frá [REDACTED] eftir að hafa ferðast frá Íslandi til [REDACTED] morguninn 12. desember 2024. Teknar voru fíkniefnastrokur af kvartanda og farangri hans sem gáfu snefilgreiningartæki tollyfirvalda jákvæða svörun á kókaín og vakti það, ásamt ótrúverðugum framburði um tilgang ferðarinnar, grunsemdir tollvarða um að kvartandi hefði fíkniefni innvortis. Tollverðir höfðu samband við lögreglu sem kom í kjölfarið og samþykkti kvartandi að undirgangast röntgenskoðun, sbr. undirritað skjal þess efnis. Að röntgenskoðun lokinn var kvartandi látinn laus þar sem ekkert saknæmt fannst í skoðuninni.“

Lögreglustjórinn á Suðurnesjum greinir jafnframt frá í bréfi sínu til nefndarinnar:

„Að mati LSS er erfitt að lesa út úr kvörtuninni hvað það er nákvæmlega sem kvörtunin beinist að og eftir yfirferð LSS á málinu er ekki að sjá að neitt óeðlilegt hafi verið við framgöngu lögreglu í málinu.“

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaoðryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindinu er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að starfsaðferðum starfsmanna embættis lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór yfir erindið og þau gögn sem bárust frá embætti Lögreglustjórans á Suðurnesjum. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtuninni og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, telur nefndin að ekki sé um

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

að ræða mögulega ámælisverða eða refsiverða starfshætti meðal starfsmanna embættisins og tekur undir mat embættisins og telur nefndin ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Niðurstaða

Ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Reykjavík, 9. maí 2025

Margrét Einarsdóttir
formaður

Kristín Edwald

Flosi H. Sigurðsson

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 25030011

Ákvörðun nr. 53/2025

Þann 23. maí 2025 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 53/2025.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [REDACTED], dags. 21. mars 2025. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við meint harðræði við handtöku af hálfu starfsmanna embættis Lögreglustjórans á Vesturlandi þegar hún var handtekin þann 17. febrúar sl. Fram kemur í erindinu að kvartandi hafi verið farþegi í bíl sem var stöðvaður og lögreglan hafi handtekið hana að ástæðulausu. Hún hafi við handtökuna m.a. fengið högg á höfuðið, verið dregin út úr bifreiðinni og kastað í jörðina.

Nefndin óskaði eftir frekari upplýsingum frá embætti lögreglustjórans á Vesturlandi með bréfi dags. 4. apríl 2025.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru m.a. að taka við kærum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því getur til dæmis falist nánar að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á Vesturlandi svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi dags. 28. apríl 2025. Meðfylgjandi voru öll gögn málsins ásamt upptökum úr búkmyndavélum lögreglumanna og upptökur úr lögreglubífreiðum á vettvangi.

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur m.a. hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaoðryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindinu er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að starfsaðferðum starfsmanna embættis lögreglustjórans á Vesturlandi.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór yfir erindið og þau gögn sem bárust frá embætti lögreglustjórans á Vesturlandi. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtuninni og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, sér í lagi meðfylgjandi upptökum sem varpa skýru ljósi á umrædd afskipti, að ekki séu neinar vísbendingar um mögulega refsiverða eða ámælisverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Nefndin telur því ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Niðurstaða

Ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Reykjavík, 23. maí 2025

Hafsteinn Dan Kristjánsson
varaformaður

Elimar Hauksson

Flosi H. Sigurðsson

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 25010016

Ákvörðun nr. 54/2025

Þann 9. maí 2025 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 54/2025.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [REDACTED], dags. 22. janúar 2025. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við starfshætti starfsmanna embættis lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu við afskipti sem höfð voru af honum þann 13. janúar sl., þegar hann var við akstur. Fram kemur að kvartandi sé ósáttur við að hafa verið sektaður fyrir að hafa verið með sprungna peru í öðru stöðuljósi að aftan á bifreið sinni.

Nefndin óskaði eftir frekari upplýsingum frá embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu með bréfi dags. 5. mars 2025.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærur á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi dags. 11. mars 2025. Meðfylgjandi voru skýrsla, sektargerð og upptökur úr eye-witness kerfi lögreglubifreiðarinnar. Í bréfi embættisins kemur eftirfarandi m.a. fram:

„Í erindi sínu gerir kvartandi athugasemdir við að hafa verið stöðvaður er hann ók um á bifreið sinni þann 13. janúar sl. og að lögregla hafi sektað hann fyrir að hafa ekki verið með stöðuljós kveikt. Lýsir hann mikilli óánægju með að hafa verið sektaður en telur að áminning hefði átt að duga.

Kvartandi hefur sent inn kvörtun til lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu í þrjú skipti, þ.e. þann sama dag og hann var stöðvaður, þann 21. janúar þegar gefin hafði verið út sekt vegna brotsins og aftur þann 23. janúar. Nú er málið til afgreiðslu hjá ákærusviði þar sem tekin verður afstaða til andmæla hans.“

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaoðryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindinu er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að starfsaðferðum starfsmanna embættis lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór yfir erindið og þau gögn sem bárust frá embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtuninni og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum telur nefndin að ekki séu uppi vísbendingar um mögulega refsiverða eða ámælisverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Lögreglan hefur skýra heimild til leggja á sektir vegna brota á umferðarlögum nr. 77/2019 skv. 97. gr. laganna sbr. einnig reglugerð nr. 1240/2019 um sektir og önnur viðurlög vegna brota á umferðarlögum og reglum settum samkvæmt þeim. Að framangreindu virtu telur nefndin ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Niðurstaða

Ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Reykjavík, 9. maí 2025

Margrét Einarsdóttir
formaður

Kristín Edwald

Flosi H. Sigurðsson

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 25010017

Ákvörðun nr. 55/2025

Þann 30. maí 2025 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 55/2025.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [REDACTED], dags. 17. desember 2024. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við aðgerðir starfsmanna lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu við heimili hennar þann 14. desember 2024. Fram kemur að kvartandi hafi seint að kvöldi komið að þremur einkennisklæddum lögreglumönnum vera að reyna að opna útidyrnar á húsinu hennar. Hún hafi haldið að fjölskyldumeðlimur væri að reyna að opna dyrnar svo að hún hafi opnað þær. Einn hafi staðið fyrir framan dyrnar þegar hún opnaði sem hafi síðan gefið hinum merki en þeir höfðu staðið skammt frá. Lögreglumaðurinn hafi verið með tvær stórar lyklakippur með mörgum lyklum. Kvartandi óskar eftir að skoðað verði hvort viðkomandi hafi í raun verið starfsmenn lögreglunnar og hvort þeir hafi þá farið eftir settum reglum við störf sín.

Nefndin óskaði eftir frekari upplýsingum frá embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu með bréfi dags. 6. mars 2025.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, taka rökstudda afstöðu til hinnar ætluðu aðfinnsluverðu starfsaðferðar eða framkomu og senda viðeigandi embætti kvörtun til frekari meðferðar ef tilefni er til.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða

eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi dags. 18. mars 2025. Í svarinu kemur m.a. fram að lögreglan hafi farið að heimili kvartandi til að staðfesta dvalarstað annars einstaklings, sem einnig var skráður til heimilis á sama heimilisfangi og sem var talinn tengjast afbroti sem hafði átt sér stað. Meðfylgjandi bréfinu voru frumskýrsla og dagbók lögreglu vegna málsins. Í dagbókarfærslu lögreglu kemur eftirfarandi fram:

„[REDACTED] er skráð [REDACTED] einbýli en sáum við strax að búið væri að stúka húsið niður í fjölmargar leiguíbúðir/herbergi. Við mátuðum lykla [...] á neðri hæð húsnæðisins en þeir virkuðu ekki. Knúið var á dyr á aðila inngang húsnæðisins og í framhaldi lyklar mátaðir af hurðinni en án árangurs. Stuttu síðar kom húsráðandi til dyra og ræddum við stuttlega við hana um málsatvik og ástæðu komu okkar en smávægilegir tungumálaörðugleikar voru til staðar.“

Af gögnum málsins verður ráðið að lögreglan hafi verið að kanna að hvaða hurð lyklar sem hún hafði að húsakynnum mannsins gengu í þeim tilgangi að staðfesta dvalarstað hans, sem hann neitaði að gefa upp við yfirheyrslur.

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknið þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindinu er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að starfsaðferðum starfsmanna embættis lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór yfir erindið og þau gögn sem bárust frá embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu. Kvartandi óskaði eftir að skoðað yrði hvort viðkomandi hefðu í raun verið starfsmenn lögreglunnar og er unnt að staðfesta að svo var. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtuninni og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum telur nefndin að ekki séu uppi vísbendingar um mögulega refsiverða eða ámælisverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Nefndin telur því ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Niðurstaða

Ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Reykjavík, 30. maí 2025

Margrét Einarsdóttir
formaður

Kristín Edwald

Flosi H. Sigurðsson

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 25020001

Ákvörðun nr. 56/2025

Þann 9. maí 2025 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 56/2025.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [REDACTED], dags. 5. febrúar 2025. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við meint brot á þagnarskyldu þegar lögregla hafi haft samband við fjárhaldsmann kvartanda og meint ámælisverð ummæli: „helvítis dópisti og réttðræpur“, sem lögreglumaður á að hafa látið falla í garð kvartanda við fjárhaldsmann [REDACTED].

Nefndin óskaði eftir frekari upplýsingum frá embætti lögreglustjórans á Norðurlandi eystra með bréfi dags. 6. mars 2025.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega

starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi dags. 24. mars 2025. Meðfylgjandi voru dagbókarfærslur embættisins vegna afskipta sem höfð hafa verið af kvartanda ásamt ráðstöfunarskýrslu og skipunarbréfi lögráðamanns.

Í meðfylgjandi bréfi er ítarlega lýst samskiptum embættisins við kvartanda í gegnum tíðina og því alfarið hafnað að um brot á þagnarskyldu hafi verið að ræða.

Einnig kemur eftirfarandi fram í meðfylgjandi bréfi:

„Ekki er annað að sjá af bókunum í dagbók lögreglu en að samskipti við [REDACTED] hafi einkennst af kurteisi og virðingu, enda lögreglumönnum embættisins vel kunnungt um veikindi [REDACTED]. Engar upptökur eru til af samskiptum lögreglumanns H-1645 við [REDACTED] eða lögráðamann hans í umrætt sinn, lögreglumaður H-1645 hafnar því alfarið að ofangreind ummæli um eða í garð [REDACTED] hafi verið látin falla. [...].

Skipunarbréf [REDACTED], sem lögráðamanns [REDACTED] liggur fyrir í gögnum lögreglu. Skipun lögráðamanns gildi frá 19. apríl 2024 til 13. júlí 2028. [...].

Með vísan til 2. mgr. 27. gr. sml. er því alfarið hafnað að um brot á þagnarskyldu hafi verið að ræða“

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknið þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindinu er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að meintu

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

broti á þagnarskyldu og meintum ámælisverðum ummælum starfsmanns embættis lögreglustjórans á Norðurlandi eystra.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór yfir erindið og þau gögn sem bárust frá embætti lögreglustjórans á Norðurlandi eystra. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtuninni og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum telur nefndin að ekki séu uppi vísbendingar um mögulega refsiverða eða ámælisverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Nefndin telur því ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Niðurstaða

Ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Reykjavík, 9. maí 2025

Margrét Einarsdóttir
formaður

Kristín Edwald

Flosi H. Sigurðsson

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 25020002

Ákvörðun nr. 57/2025

Þann 30. maí 2025 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 57/2025.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [REDACTED], dags. 3. febrúar 2025. Í erindinu gerir kvartandi athugasemdir við starfsaðferðir sérsveitar þegar þeir stöðvuðu kvartanda og vin hans aðfaranótt laugardagsins 1. febrúar sl. Í erindinu er því list þannig að kvartandi var farþegi og var að taka upp myndband af sérsveitarbíl hjá [REDACTED] í Kópavogi, sérsveitarmennirnir hafi séð það, stöðvað þá og í erindinu er því þannig lýst:

„[N]egla í gluggana báðum megin og negla síðan upp hurðinni og öskra á mig og vin minn segjandi mér að eyða myndbandinu sem ég tók og ég geri það og svo halda þeir áfram með dónaskap kallandi okkur hálfvita og spyrja hvort við séum með greindarvísitölu og margt fleira svo segir annar þeirra að við vorum að taka upp myndband án leyfis en við vorum inni í bíl og mér skilst ég hafa allan rétt á að taka upp ef mér sýnist og þá segir vinur minn það var ekki ég sem var að taka upp.“

Í erindinu kemur fram að sérsveitarmaður hafi þá kallað kvartanda sauð og segir við kvartanda: „haltu kjafti ef þú veist hvað er gott fyrir þig“.

Nefndin óskaði eftir frekari upplýsingum frá embætti ríkislögreglustjóra með bréfi dags. 6. mars 2025.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærur á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Ríkislögreglustjóri svaraði beiðni nefndarinnar, dags. 13. mars 2025. Meðal gagna sem bárust var bókun í dagbók lögreglu vegna umræddra afskipta.

Í bókun úr kerfum lögreglu kemur fram að:

„Þegar við nálguðumst [REDACTED] tók fram úr okkur bifreið á nokkrum hraða, líklega ekki nema á leyfðum hámarkshraða á veginum en langt yfir þeim hraða sem öruggt var að aka á vegna hálkunnar/aðstæðna. Við gáfum því bifreiðinni snöggt ljósmerki með forgangsljósum í því skyni að vara ökumann hennar við aðstæðunum og fá hann til að hægja á. Bifreiðin hægði strax ferðina og dróst loks aftur úr okkur, en ók svo upp að hlið okkar þannig að bifreiðar okkar voru samsíða. Vaktfélagi minn sagði við mig að farþegi bifreiðarinnar væri að taka myndskleið af okkur á síma sinn og stóð það heima, þegar ég leit til hliðar sá ég hvar farþegi bifreiðarinnar teygði síma sinn yfir ökumanninn, nánast yfir andliti ökumannsins, til þess að ná bestri mynd af okkur. Við jukum hraðann örlítið til að búa til bil á milli bifreiðanna en hin bifreiðin ók aftur upp að hlið okkar og farþeginn hélt uppteknum hætti, að mynda okkur yfir ökumanninn. Því næst jók bifreiðin aftur hraðann og ók framúr okkur á meiri hraða en óhætt var miðað við aðstæður að okkar mati, rétt eins og þeir hefðu ekki áttað sig á því að mikil hálka væri á vettvangi. Við gáfum nú bifreiðinni ljósmerki og stöðvuðum loks för hennar í aðrein að [REDACTED].“

Þegar við stigum út úr lögreglubifreiðinni þurftum við að hafa okkur alla við að detta ekki á hausinn, slík var hálkan á vettvangi. Við gengum að bifreiðinni, ég ökumannsmegin en félagi minn fór upp að hurð farþegans. Ég bað ökumanninn að stíga út úr bifreiðinni sem hann gerði. Fór ég að ræða við hann um ökuhraða hans og hvernig hann væri langt yfir því sem öruggt væri við akstursaðstæður sem þessar auk þess sem ég gerði athugasemd við að farþegi bifreiðarinnar væri að teygja sig yfir ökumann til þess að mynda út um hliðarglugga bifreiðarinnar, þannig truflandi sjónsvið ökumanns og aðgang hans að stjórnstækjum bifreiðarinnar. Þessar

athugasemdir mínar fóru illa í ökumann sem þrætti á móti og sagðist ekki hafa verið að aka of hratt og ekki hafa orðið fyrir truflun af völdum myndatökunnar. Ég benti honum þá á að nú stæðum við fyrir utan bifreiðarnar og gætum vart haldið jafnvægi vegna hálfu og spurði hann hvort hann héldi virkilega að merktur hámarkshraði á veginum ætti við í slíkum aðstæðum, þar sem hemlunarvegalengd hefði margfaldast og jafnvel minnstu stefnubreytingar bifreiðar gætu valdið því að ökumaður myndi missa stjórn á henni. Eftir nokkuð þref sættist ökumaður á rök mín og tók til sín athugasemdir mínar, sagðist ætla að aka betur eftir aðstæðum og passa að enginn farþegi væri að trufla athygli hans með því að teygja sig yfir hann.“

Í bókun kemur einnig fram að:

„[á] meðan á þessu þrefi stóð við ökumann var farþegi sífellt að kalla fram í samtali okkar og á endanum opnaði félagi minn hurðina hjá honum og ræddi við hann. Var hann spurður hvort hann hefði verið að taka myndband af okkur sem hann viðurkenndi að hafa gert. Var hann þá beðinn um að eyða því úr síma sínum sem hann samþykkti að gera. Eftir að þrefinu lauk og ökumaður tók athugasemdir okkar í sátt og sagðist ætla að haga akstri sínum betur eftir aðstæðum lauk afskiptum okkar á vettvangi. Við sáum ekki ástæðu til að skrá niður persónuupplýsingar um ökumanninn og farþegar né bílnúmer enda var upprunalegur tilgangur stöðvunar ökutækisins aðeins að veita tiltal og aðvörun vegna hálkunnar og þegar við töldum að þeim skilaboðum hefði verið komið áleiðis var málinu lokið af okkar hálfu.“

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaoðryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindinu er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að framkomu og starfsaðferðum starfsmanna embættis ríkislögreglustjóra.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór yfir erindið og þau gögn sem bárust frá embætti ríkislögreglustjóra. Með hliðsjón af því hvernig málsvikur var lýst í kvörtuninni og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, m.a. ítarlegri bókun sem lýsir atburðarásinni frá

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

sjónarhóli lögreglu, telur nefndin að ekki séu uppi vísbendingar um mögulega refsiverða eða ámælisverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Nefndin telur ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Niðurstaða

Ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Reykjavík, 30. maí 2025

Margrét Einarsdóttir
formaður

Kristín Edwald

Flosi H. Sigurðsson

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 25020003

Ákvörðun nr. 58/2025

Þann 30. maí 2025 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 58/2025.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi [REDACTED], dags. 24. janúar 2025. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við húsleit og framgöngu lögreglu við tiltekna húsleit á heimili hans, dags. 3. desember 2024. Í kvörtuninni segir [REDACTED] frá því að lögreglan hafi leitað í húsi hans án leitarheimildar. Hann hafi verið slegin í höndina þegar hann var með síma sinn að taka upp hvað var að gerast. Án útskýringa hafi hann verið vistaður í eina nótt á lögreglustöðinni og hann hafi ekki getað mætt í vinnu.

Nefndin óskaði eftir frekari upplýsingum frá embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu með bréfi dags. 6. mars 2025.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærur á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega

starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi dags. 18. mars 2025. Meðfylgjandi voru frumskýrsla og upptökur úr búkmyndavélum lögreglu á vettvangi. Í bréfi embættisins kemur m.a. eftirfarandi fram:

„Kvartandi er grunaður um að aðstoða útlendinga við ólöglega dvöl í landinu, brot á lögum um brunavarnir og rangfærslu skattframtals. Var hann handtekinn 3. desember sl. þar sem að hann neitaði að segja til nafns þegar hann kom á vettvang þegar lögregla var við eftirlit. Samkvæmt 1. mgr. 14. gr. um útlendinga nr. 80/2016 sbr. 5. mgr. 15. gr. lögreglulaga nr. 90/1996 er útlendingi skylt að kröfu lögreglunnar að sýna skilríki, og ef þörf krefur að veita upplýsingar ef þörf er á til að ljóst sé hver hann er og hvort að dvöl hans í landinu er lögmæt svo ljóst er að hver hann er og um lögmæti dvalar hans í landinu. Ef útlendingur getur ekki gert grein fyrir sér eða hann sýnir ekki skilríki getur komið til að beita þurfi úrræðum lögreglulaga og handtaka einstaklinginn.“

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaoðryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindinu er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að starfsaðferðum starfsmanna embættis lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór yfir erindið og þau gögn sem bárust frá embætti Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtuninni og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, sér í lagi upptökum úr búkmyndavélum, telur nefndin að ekki séu uppi vísbendingar um mögulega refsiverða eða ámælisverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Ljóst er af gögnum málsins að leigjendur húsnæðisins, heimiluðu lögreglu að framkvæma húsleit á heimilinu sbr. 1. mgr. 75. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Nefndin telur að lögregla

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

hafi ekki farið út fyrir heimildir sínar við húsleitina eða við samskipti við kvartanda. Nefndin telur því ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Niðurstaða

Ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Reykjavík, 30. maí 2025

Margrét Einarsdóttir
formaður

Kristín Edwald

Flosi H. Sigurðsson

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 25030002

Ákvörðun nr. 59/2025

Þann 30. maí 2025 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 59/2025.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [REDACTED], dags. 26. febrúar 2025. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við starfshætti starfsmanna lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu þegar afskipti voru höfð af kvartanda í þrjú skipti, þann 1. febrúar, 20. september og 11. nóvember 2024. Kvörtun [REDACTED] snýr að starfsaðferðum lögreglu í þessum þremur aðgreindu atvikum.

Í fyrsta lagi telur kvartandi að lögregla hafi tafið kvartanda í að fara með barn sitt á slysadeild þegar barnið [REDACTED]

Í öðru lagi telur kvartandi lögreglu hafa brugðist skyldu sinni þegar hún lenti í bílslysi og hafi fyrir mistök hringt í embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu í stað 112. Kvartandi telur það mikinn misbrest hjá embættinu að þau hafi ekki skilið hana í símann þegar hún reyndi að upplýsa um bílslys og hún því þurft að leggja á.

Í þriðja lagi að lögregla hafi ekki sinnt skyldum sínum í að verða við beiðni kvartanda um aðstoð í forræðisdeilu f.h. erlendarar konu sem búsett er erlendis.

Nefndin óskaði eftir frekari upplýsingum frá embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu með bréfi dags. 6. mars 2025.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákæruvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi dags. 12. mars 2025. Meðfylgjandi voru skýrslur og gögn vegna framangreindra atvika. Í gögnum málsins kemur m.a. eftirfarandi fram vegna afskiptanna/atvikanna:

Afskipti 1. febrúar 2024

Í dagbókarfærslu vegna atviksins kemur m.a. eftirfarandi fram:

„Ég ásamt KBS-2030 fórum á lögreglubifreiðinni 266 vorum sendir af FMR að [REDACTED] sem er einbýlishús á tveim hæðum en þar hafði [REDACTED] [REDACTED]. Þegar við komum á vettvang var sjúkralið komið og var að hlúa að [REDACTED].“

Símtal 11. nóvember 2024

„Símtöl í símanúmer lögreglu 444 1000 eru ekki tekin upp og því er ekki um að ræða að til sé slík upptaka. Engin samskipti eru skráð hjá lögreglu vegna símtalsins og ekki er skráð umferðaróhapp eða önnur samskipti vegna bifreiða þeirra sem kvartandi nefnir í kvörtun sinni þann dag eða aðra daga.“

Beiðni um aðstoð 20. september 2024

Meðfylgjandi voru samskipti lögreglu við kvartanda vegna beiðni um aðstoð. Umboði var ekki framvísað í samskiptunum. Embættið svaraði kvartanda með tölvupósti þar sem fram kom eftirfarandi:

„If the police are to work on the case, the mother of the children must contact the police authorities of her home country and request assistance. The police in Iceland will not respond to anything regarding your inquiry, and you are not considered a representative of this woman. Communications with the police in Iceland og through the police authorities in her home country.“

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá liða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaoðryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindinu er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að starfsaðferðum starfsmanna embættis lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór yfir erindið og þau gögn sem bárust frá embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtuninni og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, telur nefndin ekki séu uppi vísbendingar um mögulega refsiverða eða ámælisverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Hvað fyrsta lið kvörtunar varðar er ljóst af gögnum málsins að sjúkralið hafi verið komið á vettvang og hlúð að barninu þegar lögregla tók út vettvang slyssins og ekki hindrað för kvartanda í umrætt sinn. Hvað annan lið kvörtunar varðar telur nefndin óheppilegt að kvartandi hafi hringt í rangt símanúmer og ekki náð að koma upplýsingum á framfæri við starfsmann í síma vegna umferðaslyss sem hafi leitt til þess að kvartandi lagði á. Miðað við fyrirliggjandi gögn bendir ekkert til þess að starfsaðferðir starfsmanns embættisins hafi verið aðfinnsluverðar í umrætt skipti. Hvað varðar síðasta liðinn gerir nefndin ekki athugasemd við afgreiðslu embættisins og hafði kvartandi möguleika til þess að koma erindinu í réttan farveg með þeim leiðbeiningum sem fram komu í samskiptum við embættið. Nefndin telur ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Niðurstaða

Ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Reykjavík, 30. maí 2025

Margrét Einarsdóttir
formaður

Kristín Edwald

Flosi H. Sigurðsson

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 25030004

Ákvörðun nr. 60/2025

Þann 30. maí 2025 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 60/2025.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [REDACTED], dags. 3. mars 2025. Í erindinu eru kvartað yfir óeðlilegum afskiptum lögreglu af ólögráða dóttur hennar við akstur. Þá er kvartað yfir brotum á persónuverndarlögum þegar dóttir hennar fékk upplýsingar um að kvartandi hafi verið stöðvuð og handtekin fyrir akstur undir áhrifum, þegar hún kom að sækja lykla ökutækisins á lögreglustöðina.

Nefndin óskaði eftir frekari upplýsingum frá embætti Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu með bréfi dags. 6. mars 2025.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a lögreglulaga, eru að taka við kærum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga, um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er að taka afstöðu til hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið, og til dæmis, að taka afstöðu til hvort kvartað sé yfir að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi dags. 18. mars 2025. Meðfylgjandi var upptaka úr afgreiðslu lögreglustöðvarinnar þegar dóttir kvartanda kom á stöðina. Í bréfi embættisins kemur eftirfarandi m.a. fram:

„[...]Engar upplýsingar eru skráðar hjá lögreglu um að [REDACTED] hafi verið stöðvuð í akstri af lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu. [REDACTED] er skráður umráðamaður bifreiðar, [REDACTED] síðan 30. janúar sl. og er kvartandi skráður eigandi. Sendur var tölvupóstur á alla starfsmenn lögreglustöðvar 1 á Hverfisgötu sem sinna því svæði sem kvartandi tilgreinir til þess að kanna með hvort einhverjir könnuðust við að hafa stöðvað stúlkuna í akstri. Enginn lögreglumaður gaf sig fram. Því miður er ekki hægt að veita frekari upplýsingar.“

Einnig kemur fram í bréfi embættisins að þau harmi að dóttur hennar hafi verið veittar þessar upplýsingar og að það samræmist ekki trúnaðarskyldu lögreglu að upplýsa þriðja aðila um atvik sem þessi.

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaoðryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindinu er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að starfsaðferðum starfsmanna embættis lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór yfir erindið og þau gögn sem bárust frá embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu. Þar kemur fram að embættið viðurkenni og harmi þau mistök sem áttu sér stað þegar dóttur kvartanda voru veittar umræddar upplýsingar. Þó bera gögn málsins ekki með sér að kvartanda hafi verið tilkynnt um þá afstöðu embættisins. Nefndin mælist til þess að svo verði gert. Að öðru leyti er ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Niðurstaða

Ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Reykjavík, 30. maí 2025

Margrét Einarsdóttir
formaður

Kristín Edwald

Þorbjörg I. Jónsdóttir

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 25030005

Ákvörðun nr. 61/2025

Þann 30. maí 2025 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 61/2025.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [REDACTED], dags. 3. mars 2025. Í erindinu gerir kvartandi athugasemdir við afskipti lögreglu af henni þann 18. febrúar sl., þegar hún var handtekin vegna gruns um akstur undir áhrifum áfengis og lyfja. Í erindinu lýsir kvartandi afskiptunum þannig að lögregla hafi viðhaft slæma framkomu, stöðvað hana af tilefnislausu við meint hefðbundið eftirlit. Kvartandi hafi verið látin blása í áfengismæli og hafi lögregla verið ósátt við niðurstöðuna og krafist þess að kvartandi yfirlæti bifreiðina, þegar kvartandi hafi ætlað að teygja sig í bakpoka til að taka með sér sem innihélt hjartalyf og yfirhöfn þá hafi lögregla brugðist illa við og öskrað á hana að snerta ekki neitt. Gerð hafi verið leit á henni og henni því næst ýtt harkalega inn í lögreglubíl, síminn tekinn af henni og hún látin blása í annars konar áfengismæli sem sýndu hana rétt yfir áfengismörkum. Í erindinu kemur fram að henni hafi verið neitað um að sjá niðurstöðuna á mælinum, hún hafi því næst verið handtekin og ekið með hana upp á lögreglustöðina í Hafnarfirði og alla leiðina hafi annar lögreglumaðurinn verið með niðurlægjandi skot og dónaskap í hennar garð.

Í erindinu gerir kvartandi athugasemd við það að henni hafi verið gert að skila þvagprufu á gluggalausum salerni með engu ljósi og þar hafi ekki verið salernispappír. Hún hafi þá ítrekað beðið um hjartalyfin sín en þeirri beiðni kvartanda hafi ekki verið svarað. Kvartandi lýsir í erindi sínu niðurlægjandi framkomu lögreglu í sinn garð á meðan á afskiptunum stóð og þeir hafi sýnt kvartanda vanvirðingu. Að lokum segir í erindinu að bíllyklar hennar hafi verið gerðir upptækir og henni meinað að fá þá afhenta og henni hafi verið „hent á dyr í nístandi kulda, í þunnri peysu“ og neitað að bíða inni eftir því að hún yrði sótt. Kvartandi tekur fram í erindi sínu til nefndarinnar að það hafi verið setið fyrir henni og að lögreglumaðurinn og formaður húsfélags sem hún á í ágreiningi við hafi þekkt.

Nefndin óskaði eftir frekari upplýsingum frá embætti Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu með bréfi dags. 5. mars 2025.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a

Í nefndum lögum, eru að taka við kærur á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu svaraði beiðni nefndarinnar, dags. 13. mars 2025. Meðal gagna sem bárust eru skýrslur málsins og upptökur úr búkmyndavél lögreglumanna á vettvangi. Ekki eru til upptökur úr læknaherbergi lögreglustöðvarinnar en sakborningur var flutt á lögreglustöðina í Hafnafirði þar sem sýnataka fór fram. Meðfylgjandi eru þær upptökur sem til eru. Í bréfinu kemur fram að málinu sé ekki lokið þar sem niðurstöður sýna hafa ekki borist. Þegar þær hafa borist verður tekin ákvörðun um afdrif málsins hjá ákærvaldi.

Nefnd um eftirlit með lögreglu óskaði eftir upplýsingum um stöðu málsins hjá embætti Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu með tölvupósti þann 21. maí sl. Svar embættisins var að niðurstöður sýnatöku hafa borist embættinu og málið bíður afgreiðslu ákærusviðs.

Í skýrslu máls nr. [REDACTED] kemur fram að lögregla hafi veitt athygli bifreið sem ekið var um Kringlumýrarbraut til suðurs við þjónustumiðstöð N1 í Fossvogi. Lögregla hafi ákveðið að kanna með ástand og réttindi ökumannsins og gáfu merki um að stöðva með forgangsljósum lögreglubifreiðarinnar sem ökumaðurinn gerði talsvert síðar við strætóstoppistöð. Í skýrslunni kemur einni fram:

„Ökumaðurinn reyndist vera x og framvísaði hún gildu ökuskírteini því til staðfestingar. Megnan áfengisþef lagði frá vitum x og var henni því boðið yfir í lögreglubifreiðina til frekari viðræðna sem hún þáði. Þar blés hún í áfengisprófunarmæli sem sýndi niðurstöðuna 0,66 prómill. Þá var x tilkynnt að hún

væri handtekin grunuð um akstur undir áhrifum áfengis og henni var kynnt réttarstaða sakbornings. Aðspurð kvaðst hún hafa drukkið vín í hádeginu í dag. X hélt því fram að þau lyf sem hún tæki að staðaldri hefðu haft þau áhrif að áfengi mældist í útöndunarlofti hennar. X var erfið og þrætugjörn í samskiptum og sagði að hún, í starfi sínu sem [REDACTED] gæti hringt símtöl í menn innan lögreglu vegna þessa máls. Innt eftir útskýringum á orðum sínum sagðist x aldrei hafa sagt þetta. X var flutt á lögreglustöðina við Flatarhraun í þágu rannsóknar málsins. Þar var henni birt upplýsingablað handtekinna manna sem hún staðfesti með undirritun sinni. X samþykkti að gefa þvagprufu sem skimaðist jákvætt fyrir [REDACTED]. Aðspurð kvaðst hún vera á mörgum lyfjum og sýndi hún lyfseðla á vefsíðu Heilsuveru fyrir eftirfarandi lyfjum: [...]. X var því krafín um að framvísa lyfjaskírteini og læknisvottorði þess efnis að hún væri hæf til aksturs þrátt fyrir notkun lyfjanna. Hún sagðist ekki vita að hún þyrfti að eiga slík gögn tiltæk og því gæti hún ekki framvísað þeim. Hjúkrunarfræðingur kom á lögreglustöðina og dró blóð úr x. Að sýnatöku og upplýsingaöflun lokinni var hún látin laus úr haldi lögreglu. Bifreið x var lagt í bifreiðastæði við verslun [REDACTED] og henni var læst. Kveikjulaslykillinn var settur í afgreiðsluna á lögreglustöðinni við Flatarhraun.“

Meðfylgjandi gögnum málsins voru upptökur úr bókmyndavélum lögreglumanna sem höfðu afskipti af kvartanda. Þar sést hvar hún er fyrst látin blása í áfengismæli inni í bifreið sinni og síðan færð inn í lögreglubifreið og þar blés hún í annað sinn ólíkt því sem fram kemur í skýrslu málsins. Að öðru leyti var um hefðbundin afskipti lögreglu undir slíkum kringumstæðum að ræða. Þá má sjá á upptökum frá anddyri lögreglustöðvarinnar í Hafnarfirði hvar kvartandi er stödd ásamt vinkonu sinni og þar fær vinkona kvartanda lyklana af bifreiðinni afhenta.

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknið þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaoðryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindinu er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að framkomu og starfsaðferðum starfsmanna embættis lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór yfir erindið og þau gögn sem bárust frá embætti Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtuninni og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum telur nefndin að ekki sé um að ræða mögulega ámælisverða háttsemi starfsmanna embættisins. Þannig bera upptök úr búkmyndavélum með sér eðlilega framkomu lögreglu gagnvart kvartanda á handtökustað. Þá er ekki að sjá af upptökum úr myndavélakerfi lögreglustöðvarinnar, þangað sem kvartandi var færð til sýnatöku, að neitt athugavert hafi verið við framkomu lögreglu í hennar garð. Nefndin telur því ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Niðurstaða

Ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Reykjavík, 30. maí 2025

Margrét Einarsdóttir
formaður

Kristín Edwald

Flosi H. Sigurðsson

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 25030007

Ákvörðun nr. 62/2025

Þann 30. maí 2025 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 62/2025.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [REDACTED], dags. 17. mars 2025. Í erindinu gerir kvartandi athugasemdir við framkomu lögreglumanns sem átti í samskiptum við hana og vinkonu hennar niður í miðbæ Reykjavíkur þann 9. mars sl., þar sem þær sátu inni í bíl að bíða eftir fólki. Í erindinu segir að lögreglumaðurinn sem hafi verið bílstjóri á bifreið 131, hafi verið hrokafullur og dónalegur, hafi lýst sterku vasaljósi á þær og hafi ekki boðið góða kvöldið.

Nefndin óskaði eftir frekari upplýsingum frá embætti lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu með bréfi dags. 21. mars 2025.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega

starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi, dags. 11. apríl 2025. Í bréfinu kemur fram að í kerfum lögreglu finnst ekkert skráð um samskipti lögreglu við kvartanda umræddan dag. Ekki eru til upptökur úr búkmyndavélum lögreglumanna er skráðir voru í áhöfn lögreglubifreiðar 131 vegna samskipta sem komið gætu til greina. Myndavél sem hefði getað fangað upptökur hefur ekki verið virk um tíma og hefur eigandi vélarinnar verið upplýstur um það. Myndavélin tekur þó ekki upp hljóð nema mjög takmarkað. Embættið gat því miður ekki veitt frekari upplýsingar vegna kvörtunarinnar.

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaoðryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindinu er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að framkomu og starfsaðferðum starfsmanna embættis lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór yfir erindið og þau svör sem bárust frá embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtuninni telur nefndin að ekki séu uppi vísbendingar um ræða mögulega ámælisverða háttsemi starfsmanna embættisins. Telur nefndin því ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Niðurstaða

Ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Reykjavík, 30. maí 2025

Margrét Einarsdóttir
formaður

Kristín Edwald

Flosi H. Sigurðsson

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 25040001

Ákvörðun nr. 63/2025

Þann 30. maí 2025 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 63/2025.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [REDACTED], dags. 1. apríl 2025. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við meint harðræði og starfsaðferðir starfsmanna lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu þegar þeir fóru húsavillt og brutu niður hurð kvartanda á heimili hans og sneru hann niður. Fram kemur í erindinu að kvartandi hafi við aðgerðirnar fengið áverka.

Nefndin óskaði eftir frekari upplýsingum frá embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu með bréfi dags. 2. apríl 2025.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærur á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi dags. 16. apríl 2025. Meðfylgjandi var frumskýrsla, handtökuskýrsla, upptökur úr búkmyndavél lögreglumanns LRH og lögreglumanns ríkislögreglustjóra. Í bréfi embættisins kemur eftirfarandi m.a. fram:

„[...]Þann 22. mars sl. fékk lögregla ábendingu um að tiltekinn einstaklingur væri að varsla og dreifa fíkniefnum. Úrskurður dómara lá fyrir þann 25. mars um heimild til húsleitar í íbúð [REDACTED] í Hafnarfirði. Einstaklingurinn sem um ræðir var skráður með dvalarstað í „kjallara“ í húsnæðinu. Kvartandi er ekki skráður til heimilis í íbúðinni heldur er hann skráður til heimilis í öðru bæjarfélagi.

Pegar lögreglan á höfuðborgarsvæðinu fór á vettvang naut hún aðstoðar sérsveitar ríkislögreglustjóra þar sem einstaklingurinn sem handtaka átti er metinn varhugaverður af lögreglu.

Pegar lögregla kom inn í íbúð [REDACTED] var fljótt ljóst að um rangan einstakling var að ræða. Var hinn handtekni látinn laus strax. Lögregla harmar þessi leiðu mistök en bendir að hann kunni að eiga rétt til bóta á grundvelli laga um meðferð sakamála nr. 88/2008.“

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaoðryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindinu er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að starfsaðferðum starfsmanna embættis lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór yfir erindið og þau gögn sem bárust frá embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtuninni og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, telur nefndin afar óheppilegt að úrskurður um húsleit hafi beinst að röngu húsnúmeri og að kvartandi hafi orðið fyrir umræddu atviki sem er til þess fallið að valda honum verulegu áfalli. Nefndin telur þó að um mannleg mistök hafi verið að ræða en ekki mögulega refsiverða eða ámælisverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Engu að síður beinir nefndin þeim

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

tilmælum til embættisins að umræddur einstaklingur sé beðinn formlega afsökunar og honum leiðbeint um rétt sinn til að sækja um bætur á grundvelli XXXIX. kafla laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Nefndin telur ekki að öðru leyti tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Niðurstaða

Nefndin beinir þeim tilmælum til embættisins að kvartandi sé beðinn formlega afsökunar og honum leiðbeint um rétt sinn til að sækja um bætur. Ekki er tilefni til að aðhafast að öðru leyti frekar vegna erindisins.

Reykjavík, 30. maí 2025

Margrét Einarsdóttir
formaður

Kristín Edwald

Flosi H. Sigurðsson

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 25010013

Ákvörðun nr. 64/2025

Þann 30. maí 2025 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 64/2025.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [REDACTED], dags. 20. janúar 2025. Í erindinu gerir kvartandi athugasemd við framkomu og starfsaðferðir starfsmanns embættis Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu þegar hann var stöðvaður af ómerktri lögreglubífreidd, dags 30. júlí 2024 á Hafnafjarðavegi í Garðabæ. Kvartandi segir lögreglumann hafa tjáð sér að hann væri grunaður um að hafa notað farsíma undir stýri án þess að upplýsa kvartanda um rétt sinn til þess að neita að svara fyrir sakargiftir.

Lögreglumaðurinn hafi í kjölfarið hvatt hann til þess að jata fyrir brotið og honum tjáð að þetta væri til á upptöku úr bílnum og ef kvartandi myndi ekki jata þyrfti hann að mæta fyrir dóm. Í erindinu kemur fram að lögreglumaðurinn hafi séð hversu tregur kvartandi var að jata fyrir meint brot og þá bætt við að hann hafi einnig gleymt að gefa stefnuljós.

Lögreglumaðurinn hafi þrætt við kvartanda og tjáð honum að hann ætti ekki rétt á að neita að tjá sig, hann þyrfti „annað hvort að jata eða neita broti“. Viðkomandi lögreglumaður hafi ekki verið með búkmyndavél og hafi verið einn síns liðs við afskiptin. Þá telur kvartandi að lögreglumaður hafi ekki ritað niður athugasemdir kvartanda þrátt fyrir að hann hafi beðið hann um það.

Nefndin óskaði eftir frekari upplýsingum frá embætti Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu með bréfi dags. 31. janúar 2025.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærnum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, taka

rökstudda afstöðu til hinnar ætluðu aðfinnsluverðu starfsaðferðar eða framkomu og senda viðeigandi embætti kvörtun til frekari meðferðar ef tilefni er til.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi dags. 4. febrúar 2025. Í bréfi frá embættinu kemur fram að mál nr. [REDACTED], er varðar umrætt brot á umferðarlögum nr. 77/2019. Málið er til meðferðar á ákærusviði þar sem verður tekin afstaða til andmæla kvartanda á meðan slíkt er hefur sektarboð verið fellt niður. Meðfylgjandi bréfi embættisins til nefndarinnar eru öll fyrirliggjandi gögn málsins.

Í dagbókarfærslu lögreglu skráð þann 5. ágúst 2024, kemur fram að „þarna hafi [REDACTED] notað farsíma án handfrjáls búnaðar og hafi ekki gefið stefnuljós. Greinilegt að kvartandi noti farsíma sinn, báðir lögreglumenn á lögreglubifreiðinni voru fullvissir um það. Að auki má sjá farsímann á Eyewitness búnaði lögreglubifreiðarinnar“.

Af gögnum málsins má sjá að vettvangsskýrsla var rituð í málinu og einnig var rituð skýrsla um málið. Í skýrslunni kemur m.a. fram:

„Eftir að hafa ritað vettvangsskýrslu gerði ég tilraun til að fá x til að undirrita vettvangsskýrsluna, hann byrjaði að taka mig upp á símann sinn og sagðist vera mjög ósáttur við að samskiptin væru ekki tekin upp á búkmyndavél. Ég sagði honum að öll afskiptin væru tekin upp með upptökubúnaði í lögreglubifreiðinni. Aðspurður hvort að x myndi gangast við broti sínu kvaðst hann ekki vilja tjá sig um brotið því hann hefði rétt á því að tjá sig ekki. X vildi ekki rita undir sektina. Ég rétti x því afrit sitt og bauð honum að eiga góðan dag.“

Að morgni 16. janúar 2025 mætti kvartandi á lögreglustöðina til að fara yfir myndefnið. Í dagbókafræslu í málinu kemur fram að kvartandi vilji meina að það sem sjáist á upptöku 00:32 sé ekki farsími. Kvartandi muni senda inn mótmæli með rökstuðningi á næstu dögum. Meðal gagna frá embættinu eru samskipti kvartanda við embættið vegna skoðunar á

myndbandsupptökum úr lögreglubifreið og mótmæli hans við þeim brotum sem hann er sakaður um.

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaoðryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindinu er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að framkomu og starfsaðferðum starfsmanna embættis lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór yfir erindið og þau gögn sem bárust frá embætti Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtuninni og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum telur nefndin að ekki sé um að ræða mögulega ámælisverða háttsemi starfsmanna embættisins. Af upptöku úr Eyewitness-kerfi lögreglubifreiðarinnar er ekki að sjá að framkoma lögreglu hafi verið ámælisverð eða refsiverð að nokkru leyti. Andmæli kvartanda vegna þeirra umferðarlagabrota sem hann var sakaður um eru hins vegar til meðferðar hjá ákærusviði lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu og heyrir ekki undir valdsvið nefndarinnar að taka afstöðu til lögmæti sektarinnar. Nefndin telur því ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Við skoðun nefndarinnar á eyðublaði lögreglu sem merkt er 3.3 dags. 06.07.2016, má sjá að ekki er valmöguleiki að haka við að sakborningur neiti að tjá sig. Nefndin telur að betur færi á því að hafa slíkan valmöguleika.

Niðurstaða

Ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Reykjavík, 30. maí 2025

Margrét Einarsdóttir
formaður

Kristín Edwald

Flosi H. Sigurðsson

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 25010003

Ákvörðun nr. 65/2025

Þann 25. júní 2025 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 65/2025.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [REDACTED], dags. 17. desember 2024. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við framkomu og starfshætti starfsmanna embættis lögreglustjórans á Suðurlandi í kjölfar andláts [REDACTED] sem lést af slysförum þann [REDACTED]. Gerðar eru athugasemdir við meint samskiptaleysi embættisins við rannsókn málsins. Telur kvartandi að verkferlar lögreglu við upplýsingagjöf til aðstandenda og aðgengi að sálrænum/læknisstuðningi þetta kvöld hafi verið með öllu ábótavant.

Nefndin óskaði eftir frekari upplýsingum frá embætti lögreglustjórans á Suðurlandi með bréfi dags. 7. janúar 2025.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a. í nefndum lögum, eru að taka við kærur á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a., taka rökstudda afstöðu til hinnar ætluðu aðfinnsluverðu starfsaðferðar eða framkomu og senda viðeigandi embætti kvörtun til frekari meðferðar ef tilefni er til.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að

háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á Suðurlandi svaraði beiðni nefndarinnar dags. 17. mars 2025. Meðfylgjandi voru öll rannsóknargögn málsins. Eftir yfirferð nefndarinnar á gögnum málsins var ákveðið að óska eftir tölvupóstsamskiptum embættisins við aðstandendur hins látna með bréfi dags. 30. apríl sl., sem vísað var til í gögnum málsins. Umbeðin samskipti bárust nefndinni þann 23. maí sl.

Í tölvupóstsamskiptum kvartanda dags. 2. desember sl., við embættið óskar kvartandi eftir upplýsingum um hvaða muni frá X lögreglan hafði undir höndum og hvernig afhendingu þeirra yrði háttað. Með tölvupóstum 17. og 31. desember ítrekaði kvartandi erindið sitt við embættið og óskaði svara. Með tölvupóstum sama dag óskaði embættið eftir fundi með kvartanda þann 3. janúar sl., og var einnig tekið fram að eigur hins látna sem lögreglan hefði undir höndum yrðu afhentar.

Í minnisblaði embættisins vegna slyssins kemur m.a. eftirfarandi fram:

„Í dagbók lögreglunnar má sjá að KIK-8508, lögreglufulltrúi skráir að kl 19:05 sé hann að tilkynna aðstandendum um slysið og andlátið á heimili þess látna og [REDACTED], þar sem [REDACTED] eru samankomin.

Klukkan 19:41 var óskað eftir presti á til aðstandenda og virðist það afgreitt af FMR. Fram kemur í bókun að nágranni að nafni [REDACTED] hafi óskað eftir prestinum.“

Þá óskaði nefndin eftir frekari gögnum frá embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu en starfsmaður þess sá um að tilkynna aðstandendum um andlátið. Skýrsla lögreglumannsins vegna atviksins barst nefndinni 28. maí sl. Þá bárust nefndinni einnig „leiðbeiningar embættisins vegna andlátsmála“ en þar kemur fram að hentugt sé að setja sig í samband við prest/safnaðarleiðtoga og fá hann með sér þegar nánasta aðstandenda er tilkynnt um andlát.

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindinu er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að starfsaðferðum starfsmanna embættis lögreglustjórans á Suðurlandi og embættis lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór yfir erindið og þau gögn sem bárust frá embættunum. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtuninni og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum telur nefndin óheppilegt að prestur eða safnaðarleiðtogi hafi ekki verið viðstaddur þegar andlátíð var tilkynnt aðstandendum. Hins vegar má ráða af gögnum málsins að aðstæður í umrætt sinn hafi verið með þeim hætti að legið hafi á að upplýsa aðstandendur um andlátíð þar sem málið var þegar komið til umfjöllunar í fjölmiðlum og aðstandendur höfðu þá þegar sett sig í samband við lögregluna. Telur nefndin því ekki að uppi séu vísbendingar um mögulega refsiverða eða ámælisverða háttsemi lögreglu. Hvað varðar aðra þætti erindisins telur nefndin að ekki séu uppi vísbendingar um mögulega refsiverða eða ámælisverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996.

Niðurstaða

Ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Reykjavík, 25. júní 2025

Margrét Einarsdóttir
formaður

Kristín Edwald

Flosi H. Sigurðsson

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík

Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051

Netfang: nel@nel.is

Tilv.: 25010012

Ákvörðun nr. 66/2025

Þann 25. júní 2025 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 66/2025.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá lögmanni f.h. [REDACTED], dags. 20. janúar 2025. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við framkomu og starfshætti starfsmanna embættis lögreglustjórans á Suðurnesjum vegna afskipta þann 16. desember 2024. Fram kemur að kvartandi hafi kallað eftir aðstoð lögreglu í umrætt sinn vegna deilna við barnsföður sinn sem varðaði umgengi við dóttur þeirra. Gerðar eru athugasemdir við að lögregla hafi m.a. stutt barnsföður kvartanda og ekki aðstoðað hana, þar sem hann kom í veg fyrir að hún gæti ekið burt með því að leggja fyrir hana. Einnig eru gerðar athugasemdir við að lögregla hafi ekki gert tilraun til þess að meta hvað væri barninu fyrir bestu, heldur láti gjörðir sínar eingöngu ráðast af lögheimili barnsins og neytt það í umsjá foreldris með líkamlegu valdi án þess að kalla til fulltrúa barnaverndar.

Óskar kvartandi álits nefndarinnar á eftirfarandi álitaefnum:

1. Telur NEL það viðunandi að lögreglan styðji almenna borgara í því að knýja fram vilja sinn með því að koma í veg fyrir að hægt sé að aka burt bíl og halda farartæki með ökumann og farþega innanborðs í gíslingu?
2. Telur NEL það viðunandi að lögreglan neiti að koma ökumanni til hjálpar í slíkum aðstæðum?
3. Telur NEL það eðlileg vinnubrögð lögreglu að beita líkamlegu valdi til að neyða barn í umsjá foreldris, þegar það hefur hlaupið út að nóttu til, sakar foreldrið um að meiða sig og vill alls ekki fara heim aftur?
4. Telur NEL það viðunandi að fulltrúi barnaverndar sé ekki kallaður til þegar lögregla ákveður að beita barn líkamlegu valdi?
5. Telur NEL það viðunandi að lögregla geri enga tilraun til þess að meta það hvað barni er fyrir bestu í aðstæðum eins og þeim sem hér hefur verið lýst, heldur láti gjörðir sínar eingöngu ráðast af lögheimili barnsins?

Nefndin óskaði eftir upplýsingum frá embætti lögreglustjórans á Suðurnesjum með bréfi dags. 31. janúar 2025.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a. í nefndum lögum, eru að taka við kærum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a., taka rökstudda afstöðu til hinnar ætluðu aðfinnsluverðu starfsaðferðar eða framkomu og senda viðeigandi embætti kvörtun til frekari meðferðar ef tilefni er til.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á Suðurnesjum svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi dags. 13. febrúar 2025. Meðfylgjandi voru öll gögn lögreglu er varða afskiptin en engar myndbandsupptökur eru til vegna þeirra.

Í meðfylgjandi bréfi embættisins kemur m.a. fram:

„[...]LSS vill ítreka að lögreglumenn áttu þrjú símtöl við barnavernd Reykjanesbæjar á vettvangi þar sem nærveru þeirra var óskað. Við því var ekki orðið og óskaði barnavernd að endingu eftir því að lögreglumenn myndu ræða við barnið og reyna að fá hana til þess að fara inn í hús föður síns (í samræmi við þá dómssáttis sem ríkir milli aðilanna). Lögreglumenn ræddu við barnið, móður og föður og að endingu fór stúlkan sjálfviljug inn í hús föður síns. Hafna lögreglumenn því alfarið að hafa beitt barnið valdi og „fært það inn“, [...].“

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindinu er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að starfsaðferðum starfsmanna embættis lögreglustjórans á Suðurnesjum.

Í dagbókarfærslu lögreglu kemur eftirfarandi fram:

“Maður sem lokar barnsmóður sína í innkeyrslu, hún með barnið í bifreiðinni. 243 sinnir. [...] Ég ásamt 0322 mættum fyrstir að [REDACTED] en þar tók á móti okkur hann [REDACTED] var í mjög miklu uppnámi og virkilega reiður, við ræddum aðeins við hann og eftir skamma stund róaðist hann aðeins. [REDACTED] tjáði okkur að þau [REDACTED] ættu [REDACTED] saman en væru skilin og væru að standa í leiðindar forræðisdeilu málum. [...]

Við ræddum símleiðis við barnavernd sem sagði dómsáttina vera í gildi og að þetta mál væri inn á borði hjá þeim. Við sögðum [REDACTED] þá að [REDACTED] yrði að verða eftir hjá [REDACTED] og að hún þyrfti að yfirgefa lóðina, sem hún gerði. Við sögðum við [REDACTED] og hún þyrfti að fara til pabba síns sem hún vildi ekki en fór þó til hans og var ekki sátt með þessa niðurstöðu”.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór yfir erindið og þau gögn sem bárust frá embættinu. Eins og atvikum málsins er lýst er hér um að ræða einkaréttarlegar deilur milli föður og móður sem lögregla á ekki að skipta sér af nema barn sé í hættu eða um sé að ræða grun um refsiverðan verknað. Það að tálma móður að keyra í burtu kann að falla undir slíkan verknað sem lögreglu bar þá að leysa úr. Að öðru leyti á lögregla ekki að skipa hvorki móður né barni að fara eftir því sem segir í dómsátt. Faðir hefur önnur lagaleg úrræði til þess að framfylgja ákvæðum dómssáttar.

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Gögn málsins bera með sér að barnið hafi lýst yfir vilja sínum til að vera hjá móður, og hafði nóttina áður strokið til móður sinnar frá föður. Þá er sérstaklega tilgreint í dagbókarfærslu að faðir hafi verið í miklu uppnámi og virkilega reiður. Lögregla óskaði ítrekað eftir aðstoð barnaverndar á vettvangi en ekki var orðið við því. Er það óheppilegt þar sem lögregla þurfti að eigin mati aðstoð til að leysa úr þeim viðkvæmu aðstæðum sem uppi voru. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtuninni og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum telur nefndin að ekki hafi verið í verkahring lögreglu að skipa barninu að fara til föður síns gegn þess vilja. Í því ljósi telur nefndin að ástæða sé til að fara yfir verkferla í málum af þessum toga, e.t.v. í samráði við barnavernd. Með vísan til framangreinds telur nefndin að uppi séu vísbendingar um mögulega ámælisverða starfshætti starfsmanna embættisins við meðferð málsins, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Erindið er sent lögreglustjóranum á Suðurnesjum til þóknanlegrar meðferðar.

Niðurstaða

Erindið er sent lögreglustjóranum á Suðurnesjum til þóknanlegrar meðferðar.

Reykjavík, 25. júní 2025

Margrét Einarsdóttir
formaður

Kristín Edwald

Flosi H. Sigurðsson

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík

Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051

Netfang: nel@nel.is

Tilv.: 25030006

Ákvörðun nr. 67/2025

Þann 25. júní 2025 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 67/2025.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [REDACTED], dags. 11. mars 2025. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við starfsaðferðir starfsmanna embættis lögreglustjórans á Norðurlandi eystra. Fram kom í erindinu að kvartanda fyndist hann vera undir stöðugu eftirliti lögreglu án nokkurrar ástæðu, sem hefði áhrif á hann og hans daglega líf.

Nefndin óskaði eftir frekari upplýsingum frá embætti lögreglustjórans á Norðurlandi eystra með bréfi dags. 21. mars 2025.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a. í nefndum lögum, eru að taka við kærur á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a., taka rökstudda afstöðu til hinnar ætluðu aðfinnsluverðu starfsaðferðar eða framkomu og senda viðeigandi embætti kvörtun til frekari meðferðar ef tilefni er til.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra svaraði beiðni nefndarinnar, dags. 8. apríl sl. Meðfylgjandi voru dómar þar sem kvartandi hefur verið sakfelldur fyrir ýmis brot ásamt sakavottorði kvartanda. Í bréfi embættisins til nefndarinnar kemur m.a. fram:

„[...]Kvartandi á langan feril hjá lögreglu vegna hinna ýmsu brota, þ.á m. margítrekuð brot þar sem hann hefur gerst sekur um að aka án þess að hafa öðlast ökuréttindi, nú síðast 1. apríl sl. í Reykjavík, og var það eftir að hann sendi ofangreinda kvörtun til NEL.“

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindinu er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að framkomu og starfsaðferðum starfsmanna embættis lögreglustjórans á Norðurlandi eystra.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór yfir erindið og þau gögn sem bárust frá embættinu. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtuninni og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum telur nefndin að ekki sé um að ræða mögulega ámælisverða háttsemi starfsmanna embættisins við eftirlit lögreglu af kvartanda og telur nefndin því ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Niðurstaða

Ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Reykjavík, 25. júní 2025

Margrét Einarsdóttir
formaður

Kristín Edwald

Flosi H. Sigurðsson

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 25030008

Ákvörðun nr. 68/2025

Þann 26. september 2025 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 68/2025.

I.

Efni kvörtunar

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [REDACTED], dags. 17. mars sl. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við starfshætti embættis lögreglustjórans [REDACTED] við meðferð máls vegna meints heimilisofbeldis sem hún varð fyrir af hálfu fyrrverandi sambylismanni sínum sem einnig er lögreglumaður hjá embættinu. Athugasemdir kvartanda beinast m.a. að því að henni hafi verið tilkynnt um að embættið sjálft myndi rannsaka málið og að lögreglumaðurinn hafi verið komin aftur til starfa mánuði eftir atvikið.

Nefndin óskaði eftir frekari upplýsingum frá embætti lögreglustjórans [REDACTED] með bréfi dags. 21. mars 2025.

II.

Valdsvið nefndarinnar

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a. í nefndum lögum, eru að taka við kærur á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Berist nefndinni erindi um ætlaða refsiverða háttsemi skal erindinu beint án tafar til héraðssaksóknara eða eftir atvikum ríkissaksóknara. Hið sama á við ef einstaklingur lætur lífið eða verður fyrir stórfelldu líkamstjóni í tengslum við störf lögreglu, óháð því hvort grunur er um refsivert brot.

Að því er varðar kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til starfsmannaréttarlegra viðurlaga, skal nefndin sbr. 2. mgr. 35. gr. a., taka rökstudda afstöðu til þeirra og senda viðeigandi embætti kvörtun til frekari meðferðar ef tilefni er til. Þessu til viðbótar hefur nefndin heimild til að senda viðeigandi embætti eða eftir atvikum öðrum stjórnvöldum athugasemdir sínar við afgreiðslu einstakra mála eða tilmæli um aðrar aðgerðir. Það fellur hins vegar ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli.

Nefndin fylgist einnig með meðferð viðkomandi embættis á erindum sem stafa frá henni og embætti sem fá til meðferðar kvartanir sem heyra undir nefndina skulu tilkynna henni um niðurstöður þeirra.

III.

Gögn frá lögreglu

Lögreglustjórinn [REDACTED] svaraði beiðni nefndarinnar, dags. 4. júní sl. Meðfylgjandi voru öll rannsóknargögn málsins.

Í gögnum málsins kemur m.a. fram að:

„[...] Þann 2. nóvember 2024 barst rannsakara á bakvakt hjá embætti [REDACTED] tilkynning um að kona hefði leitað á bráðamóttöku [REDACTED] vegna heimilisofbeldis. Í tilkynningunni kom jafnframt fram að maðurinn væri starfsmaður lögreglu. Rannsakari fór þegar á sjúkrahúsið og tók skýrslu af [REDACTED] Lögreglumaðurinn sem hér um ræðir [REDACTED] ([REDACTED]) var þegar boðaður á lögreglustöð og tekin af honum skýrsla. Aflað var heimildar hjá [REDACTED] og [REDACTED] til öflunar sjúkragagna. Rannsakari fór á vettvang á heimili [REDACTED] og myndaði vettvang.“

Í gögnum málsins kemur fram að upphaf átakanna hafi mátt rekja til þess að kvartandi stökk upp í rúm til [REDACTED] og sló hann í bringuna. Áverkar voru á báðum aðilum en þó ekki alvarlegir.

Ekki er litið svo á að formleg kæra þurfi að hafa borist til að lögregla hefji rannsókn heimilisofbeldismála, og var svo gert í þessu tilviki án þess að kæra hefði borist. Í gögnum málsins segir jafnframt:

„[...]Þann 13. nóvember var málið sent til embættis héraðssaksóknara til þóknanlegrar meðferðar. [REDACTED] átti ekki frekari aðkomu að málinu eftir það. Málið var unnið samkvæmt verklagsreglum ríkislögreglustjóra í heimilisofbeldismálum af hálfu [REDACTED]

Í kjölfar atviksins var vinnuframlag [REDACTED] afþakkað þann 3. nóvember og honum tilkynnt að hann mætti ekki mæta til vinnu fyrr en hann hefði fengið formlegt boð um slíkt. Þann 3. desember 2024 felldi héraðssaksóknari málið niður og í kjölfarið fékk [REDACTED] formlegt boð um að hefja störf að nýju um miðjan desember. [REDACTED]

Kvartandi kærði niðurfellingu málsins til ríkissaksóknara þann 2. janúar 2025 sem staðfesti ákvörðun héraðssaksóknara með bréfi dags. 1. apríl 2025.

IV.

Forsendur nefndarinnar

Samkvæmt 35. gr. b. laga nr. 90/1996 rannsakar héraðssaksóknari kæru á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot utan starfs, varði brot þyngri refsingu en tveggja ára fangelsi, eða varði brot gegn ákvæði XXII. eða XXIII. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Var því rétt af hálfu [REDACTED] að senda málið til héraðssaksóknara til þóknanlegrar meðferðar.

Samkvæmt 28. gr. a laga nr. 90/1996 má engan má skipa, setja eða ráða til starfa hjá lögreglu sem hefur hlotið fangelsisdóm fyrir refsiverðan verknað sem framinn var eftir að hann varð fullra 18 ára eða sýnt af sér háttsemi sem getur rýrt það traust sem starfsmenn lögreglu verða almennt að njóta. Til þess að staðreyna þetta er lögreglu heimilt að afla upplýsinga úr sakaskrá og málaskrá lögreglu. Þá skal starfsmaður samkvæmt 14. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins „forðast að hafast nokkuð það að í starfi sínu eða utan þess sem er honum til vanvirðu eða álitshnekkis eða varpað getur rýrð á það starf eða starfsgrein er hann vinnur við“. Loks segir í 3. gr. siðareglna lögreglunnar frá 2023 að starfsfólk lögreglu skuli gæta þess að framkoma og framganga þess utan starfs sé ekki til þess fallin að rýra traust til lögreglu. Þá segir: „Starfsfólk lögreglu þarf að forðast að hafast nokkuð það að í frítíma sínum sem þeim er til vanvirðu og álitshnekkis eða getur varpað rýrð á störf þess og dregið úr trausti almennings á lögreglunni.“

Líkt og fram kemur í gögnum málsins leit [REDACTED] umrætt atvik alvarlegum augum og sendi [REDACTED] í leyfi frá störfum um leið og það kom upp. [REDACTED]

Nefndin telur að í málum þar sem rökstuddur grunur er um jafn alvarlegar sakargiftir af hálfu lögreglumanna og hér er raunin geti þeir varla talist njóta þess trausts sem starfsmenn lögreglu verða almennt að njóta, sbr. 14. gr. laga nr. 70/1996, sbr. og 28. gr. a laga nr. 90/1996 og 3. gr. siðareglna lögreglunnar. Eins og atvikum er hér háttað, þar sem óumdeilt var að til átaka hefði komið á milli aðila, hefði að mati nefndarinnar verið réttara að bíða með að heimila [REDACTED] að hefja störf á ný þangað til að kærufrestur skv. 2. mgr. 147. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, sbr. 16. gr. laga nr. 47/2015, var liðinn. Beinir nefndin þeim tilmælum til embættisins að taka mið af ofangreindu ef sambærileg mál koma upp aftur.

V.

Niðurstaða

Ekki er tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins. Nefndin beinir þó þeim tilmælum til embættisins að í málum þar sem rökstuddur grunur um heimilisofbeldi af hálfu lögreglumanns er til meðferðar hjá ákærvaldinu sé ekki rétt að heimila aðila að hefja störf á ný fyrr en að afloknum kærufresti skv. 2. mgr. 147. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála og eftir atvikum niðurstöðu ríkissaksóknara.

Reykjavík, 26. september 2025

Nefnd um eftirlit með störfum lögreglu

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 25030010

Ákvörðun nr. 69/2025

Þann 25. júní 2025 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 69/2025.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [REDACTED], dags. 21. mars 2025. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við framkomu og starfsaðferðir starfsmanna embættis lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu. Telur kvartandi að afskipti lögreglu af henni og syni hennar þann 17. mars sl., og samskipti hennar við lögreglu á lögreglustöð þann 18. mars sl., hafi borið með sér að lögregla hafi haft tengsl við þann einstakling sem hún átti í ágreiningi við vegna eignarhalds á hundi. Þá tekur kvartandi fram að henni hafi verið hótad handtöku sem hún upplifði sem ógnandi tilburði af hálfu lögreglu. Einnig telur kvartandi að lögregla hafi ekki staðið við orð sín þegar sagt var að lögregla myndi leysa málið daginn eftir ef kvartandi sýndi fram á eignarhald á hundinum.

Nefndin óskaði eftir frekari upplýsingum frá embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu með bréfi dags. 21. mars 2025.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a. í nefndum lögum, eru að taka við kærur á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a., taka rökstudda afstöðu til hinnar ætluðu aðfinnsluverðu starfsaðferðar eða framkomu og senda viðeigandi embætti kvörtun til frekari meðferðar ef tilefni er til.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða

ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu svaraði beiðni nefndarinnar, dags. 1. apríl 2025. Meðfylgjandi voru dagbókarfærslur og upptökur úr bókmyndavélum lögreglumanna og úr anddyri lögreglustöðvar í Hafnarfirði vegna málsins.

Af upptöku af lögreglustöð frá 18. mars sl., sést þegar kvartandi mætir á lögreglustöð og óskar eftir að leggja fram kæru og fá liðsinni lögreglu við að sækja hund sem að hennar sögn átti að vera í hennar umsjá. Kvartanda var tjáð að hún þyrfti að panta tíma í kærumóttöku og að lögregla myndi ekki liðsinna henni í sækja hundinn í umrætt sinn. Kvartandi heldur því fram að lögregla hafi sagt henni að mæta á lögreglustöðinna með pappíra sem sýndu fram á eignarhald hundsins. Þá er henni tjáð að þetta sé einkaréttarlegur ágreiningur sem eigi ekki undir lögreglu.

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknið þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindinu er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að framkomu og starfsaðferðum starfsmanna embættis lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór yfir erindið og þau gögn sem bárust frá embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtuninni og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, sér í lagi upptökum úr bókmyndavélum og af lögreglustöð, telur nefndin að kvörtunin eigi ekki við rök að styðjast og ekki sé um að ræða mögulega ámælisverða háttsemi starfsmanna embættisins. Telur nefndin því ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Niðurstaða

Ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Reykjavík, 25. júní 2025

Margrét Einarsdóttir
formaður

Kristín Edwald

Flosi H. Sigurðsson

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 25040002

Ákvörðun nr. 70/2025

Þann 25. júní 2025 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 70/2025.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [REDACTED], dags. 3. apríl 2025. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við starfsaðferðir starfsmanna embættis lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu þann 1. apríl sl., þegar lögreglumenn hafi mætt á heimili hans fyrir mistök. En fram kemur að framkoma lögreglumanna á vettvangi hafi verið óviðunandi og árásargjörn. Kvartanda hafi verið ógnað með piparúða, sagt að leggjast á gólfið og ekki fengið að tjá sig. Þá tekur kvartandi fram að hann hafi ekki fengið afsökunarbeiðni á vettvangi eftir þessi alvarlegu mistök.

Nefndin óskaði eftir frekari upplýsingum frá embætti Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu með bréfi dags. 4. apríl 2025.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a. í nefndum lögum, eru að taka við kærur á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a., taka rökstudda afstöðu til hinnar ætluðu aðfinnsluverðu starfsaðferðar eða framkomu og senda viðeigandi embætti kvörtun til frekari meðferðar ef tilefni er til.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að

háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu svaraði beiðni nefndarinnar, dags. 20. apríl 2025. Meðfylgjandi var skýrsla vegna málsins og upptaka úr búkmyndavél lögreglumanns á vettvangi.

Í skýrslu vegna atviksins kemur m.a. eftirfarandi fram:

„Við komu inn á stigaganginn að [REDACTED] voru allar íbúðir ómerktar og það orðið einhver ruglingur á íbúðum. Klukkan 22:08 var knúið á dyr hjá íbúð [REDACTED]. Aðili kom til dyra sem fékk skipun frá sersveit um að leggjast í gólfið sem hann gerði, farið var inn með skjöld og piparúða. Aðilinn reynist vera [REDACTED], ásamt honum voru þau [REDACTED] og sonur þeirra [REDACTED]. Við áttuðum okkur fljótlega á því að þetta virtist vera röng íbúð. Í kjölfarið var gert tilraun til þess að ræða við heimilisfólkið að íbúð [REDACTED] og þau ekki viljað að ræða frekar við lögreglu og báðu okkur að yfirgefa íbúðina sem við gerðum.“

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindinu er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að framkomu og starfsaðferðum starfsmanna embættis lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór yfir erindið og þau gögn sem bárust frá embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtuninni og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, telur nefndin afar óheppilegt að farið hafi verið inn í ranga íbúð og að kvartandi og fjölskylda hans hafi orðið fyrir umræddu atviki sem er til þess fallið að valda þeim verulegu áfalli. Nefndin telur þó að um mannleg

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

mistök hafi verið að ræða en ekki mögulega refsiverða eða ámælisverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Nefndin beinir þeim tilmælum til embættisins að umræddur einstaklingur sé beðinn formlega afsökunar og honum leiðbeint um rétt sinn til að sækja um bætur á grundvelli XXXIX. kafla laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

Nefndin telur einnig rétt að vekja athygli lögreglustjóra á að um er að ræða aðra kvörtun til nefndarinnar á stuttum tíma þar sem sömu mistök eiga sér stað hjá embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu. En í máli NEL 25040001 beindist úrskurður um húsleit að röngu heimilisfangi. Nefndin telur tilefni til að beina þeim tilmælum til embættisins að taka til skoðunar hvernig hægt sé að koma í veg fyrir mistök af þessu tagi en þau eru til þess fallin að valda mikilli skerðingu á friðhelgi einkalífs fólks og eftir atvikum tjóni.

Niðurstaða

Nefndin beinir þeim tilmælum til embættisins að kvartandi sé beðinn formlega afsökunar og honum leiðbeint um rétt sinn til að sækja um bætur.

Jafnframt beinir nefndin þeim tilmælum til embættisins að taka til skoðunar hvernig hægt sé að koma í veg fyrir að mistök af þessu tagi endurtaki sig.

Reykjavík, 25. júní 2025

Margrét Einarsdóttir
formaður

Kristín Edwald

Flosi H. Sigurðsson

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 25040005

Ákvörðun nr. 71/2025

Þann 25. júní 2025 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 71/2025.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá lögmanni f.h. [REDACTED], dags. 7. apríl 2025. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við framgöngu sérsveitar ríkislögreglustjóra við handtöku [REDACTED], þann 1. apríl síðastliðinn. Fram kemur að handtakan hafi verið harkaleg og tilefnislaus. Hann hafi verið lagður í jörðina af sérsveitarmönnum, handjárnaður og beittur tilefnislausu harðræði sem ollu áverkum og meiðslum.

Nefndin óskaði eftir frekari upplýsingum frá embætti lögreglustjórannum á Suðurnesjum og ríkislögreglustjóra með bréfi dags. 9. apríl 2025.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a. í nefndum lögum, eru að taka við kærum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a., taka rökstudda afstöðu til hinnar ætluðu aðfinnsluverðu starfsaðferðar eða framkomu og senda viðeigandi embætti kvörtun til frekari meðferðar ef tilefni er til.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega

starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á Suðurnesjum svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi dags. 23. apríl 2025. Meðfylgjandi var skýrsla vegna málsins og upptaka úr bókmyndavél sérsveitarmanns ríkislögreglustjóra.

Í meðfylgjandi skýrslu kemur m.a. eftirfarandi fram:

„[...]Þegar við komum í björgunarsveitarhúsið var SB-8204 að ræða við sérsveitarmenn 1732 og 1302 og voru þeir að gera sig klára í að fara að finna [REDACTED] [REDACTED] þar sem upplýsingar höfðu borist í vettvangsstjórn að hann átti að hafa verið með haglabyssu og miðað henni fyrir ofan höfuð á björgunarsveitarmanni.“

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaoýggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindinu er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að framkvæmd handtöku starfsmanna embættis ríkislögreglustjóra.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór yfir erindið og þau gögn sem bárust frá embætti lögreglustjórans á Suðurnesjum og ríkislögreglu. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtuninni og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, sér í lagi upptökum úr bókmyndavélum þar sem má sjá að kvartandi hlýðir ekki fyrirmælum lögreglu og streitist á móti við handtöku, telur nefndin að lögregla hafi aðhafst innan þeirra heimilda sem gefnar eru með lögreglulögum nr. 90/1996 og valdbeiting hafi verið í samræmi við atvik og aðstæður. Nefndin telur því að ekki sé um að ræða mögulega ámælisverða háttsemi starfsmanna embættisins og telur nefndin því ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Niðurstaða

Ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Reykjavík, 25. júní 2025

Margrét Einarsdóttir
formaður

Kristín Edwald

Flosi H. Sigurðsson

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 25040008

Ákvörðun nr. 72/2025

Þann 25. júní 2025 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 72/2025.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu bárust erindi frá [REDACTED], dags. 23. apríl og 5. maí 2025. Í erindunum eru gerðar athugasemdir við starfsaðferðir framkomu og starfsaðferðir starfsmanna embættis lögreglustjórans á Suðurnesjum vegna tveggja atvika.

Fyrra erindi

Fram kemur m.a. að kvartandi hafi leitað til lögreglu til að tilkynna hatursglæp. Að sögn kvartanda hafi lögreglan ekki tekið málinu alvarlega og ekki aðstoðað hann frekar.

Seinna erindi

Fram kemur m.a. að kvartandi hafi verið stöðvaður af lögreglu þann 1. maí sl., og beðinn um að framvísa skilríkjum að ástæðulausu.

Nefndin óskaði eftir frekari upplýsingum frá embætti Lögreglustjóranum á Suðurnesjum með bréfi dags. 5. maí 2025.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a. í nefndum lögum, eru að taka við kærum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a., taka rökstudda afstöðu til hinnar ætluðu aðfinnsluverðu starfsaðferðar eða framkomu og senda viðeigandi embætti kvörtun til frekari meðferðar ef tilefni er til.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða

eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á Suðurnesjum svaraði beiðni nefndarinnar, dags. 16. maí 2025. Meðfylgjandi voru dagbókarfærslur vegna atvikanna og upptaka úr búkmyndavél lögreglumanns af afskiptum af kvartanda þann 1. maí sl.

Í meðfylgjandi bréfi kemur m.a. fram:

„[...]Þann 23. mars sl. kom kvartandi á lögreglustöð og vildi tilkynna um meint hatursofbeldi sem hann hefði orðið fyrir. Var rætt við hann á lögreglustöð og lýsti hann þar atvikum að einhverju leyti. Samkvæmt lögreglumönnum sem ræddu við kvartanda reyndu þau að leiðbeina kvartanda um framhald málsins en kvartandi var mjög erfiður í samskiptum, var ókurteis, endurtók sig í sífellu og greip ítrekað fram í fyrir lögreglumönnum. Var honum að endingu vísað út af lögreglustöðinni þar sem, að mati lögreglumanna, var ekki hægt að ræða við hann[...].

Vegna síðari erindisins kemur fram að lögregla hafi verið að leita einstaklings vegna gruns um þjófnað þann 1. maí sl. Kvartandi hafi passað við lýsingu á meintum geranda og var því óskað eftir því að hann framvísaði skilríkjum.

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindinu er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að framkomu og starfsaðferðum starfsmanna embættis lögreglustjórans á Suðurnesjum.

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór yfir erindið og þau gögn sem bárust frá embætti lögreglustjórans á Suðurnesjum. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtuninni og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, telur nefndin að kvartanirnar eigi ekki við rök að styðjast og ekki séu uppi vísbendingar um mögulega ámælisverða eða refsiverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Nefndin telur því ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Niðurstaða

Ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Reykjavík, 25. júní 2025

Margrét Einarsdóttir
formaður

Kristín Edwald

Flosi H. Sigurðsson

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 25040009

Ákvörðun nr. 73/2025

Þann 25. júní 2025 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 73/2025.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu bárust erindi frá [REDACTED], dags. 25. apríl 2025. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við framkomu og starfsaðferðir starfsmanna embættis lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu þann 24. apríl sl., þegar hann var stöðvaður við akstur í tvígang. Í fyrra skiptið við hefðbundið umferðareftirlit og í seinna skiptið hafi hann verið sakaður um að nota farsíma við akstur. Þá gerir kvartandi athugasemdir við að lögreglumennirnir hafi verið dónalegir við hann og telur hann þá framkomu einungis megi rekja til uppruna hans.

Nefndin óskaði eftir frekari upplýsingum frá embætti Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu með bréfi dags. 30. apríl 2025.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a. í nefndum lögum, eru að taka við kærum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a., taka rökstudda afstöðu til hinnar ætluðu aðfinnsluverðu starfsaðferðar eða framkomu og senda viðeigandi embætti kvörtun til frekari meðferðar ef tilefni er til.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að

háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu svaraði beiðni nefndarinnar, dags. 1. maí 2025. Meðfylgjandi voru skýrslur vegna seinni afskiptanna.

Í meðfylgjandi skýrslu kemur m.a. fram:

„[...] [REDACTED] var kynnt sakarefnið, að hafa verið í símanum undir stýri. Þá var [REDACTED] kynnt réttarstaða sakbornings sem hann kvaðst skilja. Aðspurður sagðist [REDACTED] ekki gangast við brotinu þar sem hann sagðist ekki hafa verið í símanum heldur aðeins haldið á símanum.

Vettvangsskýrsla númer [REDACTED] var rituð um málið sem [REDACTED] neitaði að undirrita. [...].“

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknið þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaoðryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindinu er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að framkomu og starfsaðferðum starfsmanna embættis lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór yfir erindið og þau gögn sem bárust frá embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu. Nefndin telur óheppilegt að engar upptökur séu til af fyrri afskiptunum en þær hefðu varpað ljósi á málsatvik. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtuninni og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, telur nefndin þó að ekki séu uppi vísbendingar um kynþáttamiðaða löggæslu í umrætt sinn heldur einungis hefðbundið umferðareftirlit. Það sama á við um seinni afskiptin þar sem kvartandi er stöðvaður vegna gruns um að hafa verið í símanum undir stýri. Er því ekki um að ræða

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

mögulega ámælisverða eða refsiverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Nefndin telur því ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Niðurstaða

Ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Reykjavík, 25. júní 2025

Margrét Einarsdóttir
formaður

Kristín Edwald

Flosi H. Sigurðsson

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík

Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051

Netfang: nel@nel.is

Tilv.: 22050006

Ákvörðun nr. 74/2025

Þann 25. ágúst 2025 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 74/2025.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá lögmanni f.h. [REDACTED] dags. 30. maí 2022. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við skort á svörum embættis lögreglustjórans á Norðurlandi eystra um stöðu mála [REDACTED] sem til rannsóknar voru hjá embættinu vegna alvarlegs heimilisofbeldis sem hún hafði orðið fyrir og athugasemdir við langan málsmeðferðartíma embættisins. Fram kemur að saksóknarafulltrúi embættisins hafi upplýst kvartanda að ákæra yrði vonandi gefin út í september 2020 sem ekki var gert. Ítrekað var verið eftir svörum og viðbrögðum vegna stöðu málanna en engin svör borist.

Nefndin óskaði eftir frekari upplýsingum frá embætti lögreglustjórans á Norðurlandi eystra með bréfi dags. 27. júní 2022. Þrátt fyrir ítrekanir af hálfu nefndarinnar var erindinu ekki svarað fyrr en þann 24. júní 2025. Þá barst nefndinni afrit af tilkynningu um niðurfellingu málsins dags. 7. desember 2021 en engar frekari upplýsingar bárust um aðra þætti kvörtunarinnar.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli.

Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi dags. 24. júní 2025. Meðfylgjandi var afrit af tilkynningu um niðurfellingu máls dags. 7. desember 2021.

Í bréfi embættisins kemur m.a. fram:

„[...]Tilkynningu um niðurfellingu máls var send í samræmi við þágildandi fyrirmæli ríkissaksóknara um tilkynningar til brotaþola í sakamálum. Þar sem bréfin voru póstlögð með hefðbundnum hætti, þ.e. ekki sem ábyrgðarbréf, þau voru því hvorki rekjanleg né þurfti að kvitta fyrir móttöku þeirra. Ekki er hægt að segja til um skýringar þess hafi ofangreint bréf ekki borist aðilum. Réttargæslumaður óskaði eftir upplýsingum um stöðu máls þann 16. ágúst 2022 og var henni sent afrit af niðurfellingarbréfi þann 19. ágúst 2022.[...]“

Þá hafnaði embættið að veita nefndinni frekari upplýsingar um ástæður þess að málsmeðferðin dróst svo á langinn að brotið fyrndist með vísan til túlkunar embættisins á valdheimildum nefndarinnar.

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknið þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindinu er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að starfsaðferðum starfsmanna embættis lögreglustjórans á Norðurlandi eystra við rannsókn sakamála. Slíkt heyrir undir valdsvið nefndarinnar sbr. c. lið 2. mgr. 1. gr. lögreglulaga og nýlegt álit ríkissaksóknara um valdsvið nefndarinnar.

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór yfir erindið og þau gögn sem bárust frá embættinu. Skýrslutaka af [REDACTED] vegna málsins fór fram í desember 2018. Málið var fellt niður í desember 2021 a.m.k. að hluta á þeirri forsendu að sök í málinu væri fyrnd. Ekki er í erindi lögreglustjórans á Norðurlandi eystra til nefndarinnar að finna útskýringu á þeim langa málsmeðferðartíma sem málið tók en meint brot virðist hafa fyrnst á meðan málið var í meðferð lögreglu. Þá er óheppilegt að tilkynning um niðurfellingu málsins barst ekki [REDACTED] en þó var tilkynningin send í samræmi við gildandi reglur þess tíma. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtuninni og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, telur nefndin að ekki séu uppi atvik þar sem tilefni er til að meta hvort um mögulega refsiverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996 sé að ræða.

Hins vegar eru atvik málsins með þeim hætti að nefndin telur ástæðu til þess að embættið fari yfir hvers vegna svo mikill dráttur varð á meðferð málsins, sérstaklega í ljósi þess að sök í málinu virðist hafa fyrnst á meðan á málsmeðferðinni stóð. Er slíkt sérstakt áhyggjuefni þar sem málið snerist um grun um heimilisofbeldi.

Niðurstaða

Nefndin sendir erindið til þóknanlegrar meðferðar hjá embætti lögreglustjórans á Norðurlandi eystra.

Nefndin telur rétt að vekja athygli ríkissaksóknara á málinu.

Reykjavík, 25. ágúst 2025

Margrét Einarsdóttir
formaður

Kristín Edwald

Flosi H. Sigurðsson

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 23120001

Ákvörðun nr. 75/2025

Þann 25. ágúst 2025 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 75/2025.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá lögmanni f.h. [REDACTED] dags. 7. nóvember 2023. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við seinagang og óvönduð vinnubrögð í máli hans sem er til rannsóknar hjá embættinu nr. [REDACTED]. Fram kemur í erindinu að kvartanda hafi verið gefið að sök brot gegn vopnalögum en þann 5. desember 2022 barst tilkynning til lögreglu um að kvartandi hefði breytt ríffli í hálfsjálfvirkan ríffil. Þann 13. desember 2022 fóru lögreglumenn á [REDACTED] og lögreglumenn úr sársveit ríkislögreglustjóra, samkvæmt leitarheimild, inn á heimili foreldra kvartanda, í þeim tilgangi að tryggja og sækja öll skotvopn í hans eigu. Faðir kvartanda hafi boðið lögreglumönnum að tryggja byssurnar með byssutöskum, svo þær myndu ekki skemmast í flutningunum en lögreglan að sögn kvartanda neitað. Kvartandi telur að a.m.k. nokkur skotvopn hafi rispast við þessa meðferð.

Meðfylgjandi erindinu var eftirfarandi tímalína málsins:

- 5. desember 2022– Tilkynning berst til lögreglu.
- 13. desember 2022– Húsleit er gerð og öll vopn kvartanda haldlögð.
- 3. janúar 2023 – Skotvopnaleyfi afturkallað til bráðabirgða.
- 12. janúar 2023 – Matsmaður dómkvaddur.
- 14. febrúar 2023 – Athugasemd gerð við að matsfundur hafði ekki farið fram.
- 15. febrúar 2023 – Fresturinn sem matsmanni var gefinn til að skila matsgerð rennur út.
- 9. mars 2023 – Matsfundur fer fram.
- 13. apríl 2023 – Fyrirspurn til lögreglu vegna matsgerðar.
- 17. apríl 2023 – Fyrirspurn ítrekuð.
- 10. maí 2023 – Fyrirspurn til lögreglu vegna viðbótarmats sem ekki hafði farið fram.
- 17., 26., og 30. maí 2023 – Fyrirspurnum ekki svarað vegna viðbótarmats sem fyrirhugað var
- 1.- 2. júní.
- 4. júlí 2023 – Viðbótarmat fer fram.
- 22. ágúst 2023 – Kvörtun til Héraðsdóms Norðurlands eystra vegna seinagangs.
- 18. september 2023– Matsgerðin berst.
- 25. október 2023 – Haldlögðum skotvopnum er skilað til föður umbjóðanda míns eftir eigandaskipti.

- 28. október 2023 – Úttekt á byssuskápi föður umbjóðanda míns, kl. 21:00 á laugardagskvöldi.

Nefndin óskaði eftir frekari upplýsingum frá embætti lögreglustjórans á Norðurlandi eystra með bréfi dags. 4. janúar 2024.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærur á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi dags. 24. júní 2025. Meðfylgjandi voru öll gögn málsins. Í bréfi embættisins kemur m.a. fram:

„[...]Því er alfarið hafnað að um óeðlilegar seinagang hafi verið að ræða og stóran hluta tafa sem orðið hafa á rannsókn málsins má rekja til [REDACTED] sjálfs sem hefur verið mikið fjarverandi vegna atvinnu sinnar og erfiðlega hefur gengið að koma aðilum saman á þeim stutta tíma sem hann er á landi hverju sinni. Þá hefur [REDACTED] verið ósamvinnuþýður við rannsókn málsins og neitað að svara spurningum lögreglu. Þá hefur lögmanninum, í greinargerð sinni, láðst að geta og gera grein fyrir fjölmörgum

símtölum milli ákærvalds og lögmanns og því að fyrirspurnum lögmannsins hafi oft á tíðum verið svarað símleiðis. Þá er því alfarið hafnað að um óvönduð vinnubrögð hafi verið að ræða við rannsókn og meðferð málsins. Þvert á móti hafi mikið verið lagt í að koma til móts við [REDACTED] og lögmann hans með því að finna tímasetningar þar sem hentaði [REDACTED] og lögmanni hans að mæta og við afhendingu á munum sem haldlagðir höfðu verið.“

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaoðryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindinu er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að starfsaðferðum starfsmanna embættis lögreglustjórans á Norðurlandi eystra.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór yfir erindið og þau gögn sem bárust frá embættinu. Af erindinu og þeim gögnum sem borist hafa vegna málsins má sjá að dráttur varð á meðferð málsins, meðal annars vegna vinnu við matsgerð dómkvadds matsmanns auk annarra ástæðna sem rekja má til kvartanda sjálfs. Af fyrirliggjandi gögnum telur nefndin að langan málsmeðferðartíma megi ekki rekja til ámælisverðrar háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Nefndin telur því ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Niðurstaða

Ekki er tilefni til að aðhafast vegna erindisins.

Reykjavík, 25. ágúst 2025

Margrét Einarsdóttir

Kristín Edwald

formaður

Flosi H. Sigurðsson

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 24120002

Ákvörðun nr. 76/2025

Þann 25. ágúst 2025 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 76/2025.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá lögmanni f.h. [REDACTED] dags. 27. nóvember 2024. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við aðgerðir starfsmanna embættis lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu á heimili kvartanda þann 30. september 2024. Fram kemur í erindinu að framkvæmd hafi verið húsleit á heimili kvartanda án hans samþykkis, útidyrhurd að heimili hans hafi verið brotin upp af lögreglumönnum sem báru skammbyssur og hann settur umsvifalaust í handjárn á meðan lögreglumennirnir óðu um íbúðina og rífið allt sundur og saman. Einnig kemur fram að lögreglumennirnir hafi að lokum viðurkennt að hafa engan úrskurð eða leitarheimild og að kvartandi hafi verið fórnarlamb misskilnings. Báðu þeir kvartanda afsökunar á framferði sínu en upplýstu hann jafnframt um að hann mætti eiga von á sekt fyrir fíkniefnalagabrot þar sem örlítið magn af kannabis til einkaneyslu hafi fundist við húsleitina. Þá eru einnig gerðar athugasemdir við að lögregla hafi ekki borið búkmyndavélar við aðgerðina en skv. svörum embættisins til lögmanns kvartanda dags. 18. nóvember 2024 kemur fram að engar upptökur séu til í málinu. Síðar kom þó í ljós að um ranga upplýsingagjöf til kvartanda var að ræða og að upptökur úr búkmyndavélum voru til og hafa þær borist nefndinni.

Nefndin óskaði eftir frekari upplýsingum frá embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu með bréfi dags. 17. desember 2024.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærur á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu svaraði beiðni nefndarinnar með tölvupósti dags. 20. janúar sl., þar sem fram kom að kvörtunin hafi verið send til meðferðar hjá embætti héraðssaksóknara.

Þann 22. janúar barst nefndinni tilkynning frá héraðssaksóknara um framkomna kæru og rannsókn vegna ábendingar um hugsanlega refsiverða háttsemi tveggja lögreglumanna við embætti lögreglustjórans við handtöku og húsleit mánudaginn 30. september sl. í tengslum við málið. Meðfylgjandi voru skjallag gögn málsins ásamt upptökum úr búkmyndavélum lögreglumanna á vettvangi. Nefndinni barst tilkynning um lok máls frá embættinu dags. 8. apríl 2025, þar sem fram kom að málið hafi verið felld niður með vísan til 1. mgr. 145. gr. laga 88/2008 nr. um meðferð sakamála. Með tölvupósti sama dag vakti embættið athygli nefndarinnar á vinnubrögðum lögreglumanna í umrætt sinn og að þrátt fyrir að háttsemin hafi ekki verið líkleg til sakfellis, virðist sem ákvörðunartaka varðstjóra um innför hafi verið byggð á mjög takmörkuðum upplýsingum og óvissu eða misskilnings virðist gæta hjá lögreglumönnum um heimildir til leitar án samþykkis eða dómsúrskurðar.

Lögmaður kvartanda óskaði eftir rökstuðningi frá héraðssaksóknara á ákvörðun hans um niðurfellingu. Eftirfarandi kemur m.a. fram í bréfi til kvartanda dags. 15. apríl 2025:

„Að mati héraðssaksóknara var ámælisvert að lögreglumenn leituðu ekki eftir ótvíræðu samþykki kæranda í umrætt sinn með undirritun á þar til gert eyðublað áður en leit þeirra hófst.“

Niðurstaðan var kærð til ríkissaksóknara dags. 25. apríl sl., en þann 30. júní sl., staðfesti embættið niðurstöðu héraðssaksóknara.

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaoðryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindinu er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að framkomu og starfaðferðum starfsmanna embættis lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór yfir erindið og þau gögn sem bárust frá embættinu. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtuninni og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, telur hún að uppi séu vísbendingar um mögulega ámælisverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996 þar sem farið var í húsleit án þess að ótvírætt samþykki umráðamanns fasteignarinnar lægi fyrir, sbr. 1. mgr. 75. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008. Jafnframt telur nefndin, á grundvelli fyrirbyggjandi gagna, að skilyrði 2. mgr. sama ákvæðis um húsleit án dómsúrskurðar hafi ekki verið uppfyllt. Þá telur nefndin verulegan vafa leika á um hvort skilyrði 4. gr. reglna nr. 1740/2022 um valdbeitingu lögreglumanna og meðferð og notkun valdbeitingartækja og vopna hafi verið uppfyllt. Í ljósi framangreinds sendir nefndin málið til þóknanlegrar meðferðar hjá lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu.

Niðurstaða

Málið er sent til þóknanlegrar meðferðar hjá lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu.

Reykjavík, 25. ágúst 2025

Margrét Einarsdóttir
formaður

Kristín Edwald

Flosi H. Sigurðsson

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík

Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051

Netfang: nel@nel.is

Tilv.: 25040010

Ákvörðun nr. 77/2025

Þann 25. ágúst 2025 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 77/2025.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [REDACTED] dags. 9. apríl 2025. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við málsmeðferð embættis lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu. Fram kemur í erindinu að atvik sem átti sér stað í lok ágúst 2021 hafi í febrúar verið fellt niður á grundvelli þess að meint brot væri fyrnt. Atvikið var ekki útskýrt frekar.

Nefndin óskaði eftir frekari upplýsingum frá embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu með bréfi dags. 30. apríl 2025.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi dags. 13. maí 2025. Meðfylgjandi voru öll gögn málsins, upptökur úr búkmyndavélum af vettvangi þann 26.8.2021 auk upptöku af skýrslutöku af kvartanda þann 6.7.2023.

Úr dagbókarfærslu lögreglu dags. 26.8.2021 kemur eftirfarandi fram:

■ var kynnt vitnaskylda og vitnaábyrgð sem hún kvaðst skilja. ■ kvaðst hafa verið að setja í þvottavél þegar hún hafi skyndilega heyrt þrusk og læti á svölunum. ■ kvaðst þá hafa farið að athuga það þegar hún sá nágranna sína kalla og segja að það væri maður á þakinu. ■ kvaðst þá hafa séð manninn hreyfingalausan en að hann hafi þá rokið af stað og byrjað að öskra á sig og hlaupið í átt að sér. ■ sagði manninn meðal annars hafa öskrað „suck my dick bitch“. ■ kvaðst þá hafa hlaupið inn í herbergi og læst sig þar inni og hringt á lögreglu.“

Dagbókarfærsla dags. 7.9.2021:

„Bókari hringdi í ■ að hennar beiðni, og ræddi við hana í 55 mín. ■ sagði frá atvikinu og lýsti undrun sinni á að lögreglan skyldi ekki vera búin að hafa samband við hana vegna málsins. Bókari kynnti henni að hann reyndi að ná í hana 26. ágúst en ekki gengið ■ sagði að atvikið hefði haft mikil áhrif á hennar líf og að hún upplifði ótta í sínu daglega lífi. Út frá lýsingum hennar þá ber hún þess merki að þjást af áfallastreituröskun, að mati bókara. ■ kynnt að bókari hefði reynt að ná í hana til að kanna með líðan og stöðu, sem og varðandi framburð hennar. En ekkert er getið um framburð hennar né hvað gerðist á hennar heimili, ■, í málinu. ■ sagði að tekin hefði verið af henni framburður og að henni hefði verið sagt að málið yrði kært. ■ kvaðst hafa rætt við kvk og kk lögreglumenn sem hefðu verið mjög indæl og gefið henni tíma til að ræða ■ leiðbeint að hafa samband við heimilislækni og/eða sálfræðing til að vinna í hennar andlegu málum. Einnig ráðlagði bókari henni að panta tíma í kærumóttöku og henni gert grein fyrir að um erlendan ferðamann sé að ræða og því sem því fylgir í dómskerfi. ■ kvaðst vera afar þakklát fyrir spjallið og þann tíma sem bókari veitti henni.“

Dagbókarfærsla dags. 8.4.2022:

„Rslm. 1702 ræddi símleiðis við ■ varðandi beiðni hennar um skýrslur í máli. Henni kynnt að það væri ekki hægt þar sem hún er brotaþoli. Eftir langar samræður um hennar líðan varðandi málið og hræðslu hennar við að kæra formlega þá ákváðum við að ég myndi koma til hennar eftir helgi og taka kæruskýrslu af henni á vettvangi. ■ var mjög ánægð með það og verður reynt að fara til hennar á mánudaginn 11. apríl.“

Dagbókarfærsla dags. 11.1.2023:

„Rslm. 1702 hringdi í og ræddi við [REDACTED] varðandi skýrslutöku. [REDACTED] kvaðst vera með veikt barn en laus í næstu viku. [REDACTED] beðin að senda á bókara tölvupóst þegar hún er laus í skýrslutöku, sem hún kvaðst ætla gera.

Dagbókarfærsla dags. 20.6.2023:

„Rslm. 1702 hringdi í og ræddi við [REDACTED] varðandi skýrslutöku. Ekki svarað og verður reynt síðar.“

Dagbókarfærsla dags. 5.7.2023:

„Hringt og rætt við [REDACTED] varðandi skýrslutöku. [REDACTED] ennþá í andlega viðkvæm vegna árásarinnar og óskaði eftir réttargæslumanni. Bókari kvaðst ætla útbúa skjalið og koma með til hennar vegna skýrslutöku sem mun fara fram á heimili hennar þann 06.07.2023 kl. 13.“

Einnig var í gögnum málsins skýrsla sem tekin var af kvartanda þann 6. júlí 2023 eins og bókað er um að ofan.

Þá var meðfylgjandi bréfs dags. 29. febrúar 2024 þar sem embættið tilkynnti kvartanda um að rannsókn hafi verið hætt þar sem meint brot væri fyrnt. En kæruliðurinn var húsbrot.

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaoýruggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindinu er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að málsmeðferð embættis lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu á máli kvartanda.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór yfir erindið og þau gögn sem bárust frá embættinu. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtuninni og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, telur nefndin að ekki séu uppi vísbendingar um mögulega refsiverða

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

eða á mælisverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Ljóst er af gögnum málsins að ástæða þess að kæruskýrsla var ekki tekin fyrir af kvartanda en raun ber vitni var ekki á ábyrgð embættisins. En sá dráttur leiddi til þess að sök í málinu fyrndist. Nefndin telur því ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Niðurstaða

Ekki er tilefni til að aðhafast vegna erindisins.

Reykjavík, 25. ágúst 2025

Margrét Einarsdóttir
formaður

Kristín Edwald

Flosi H. Sigurðsson

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 25040012

Ákvörðun nr. 78/2025

Þann 25. ágúst 2025 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 78/2025.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [REDACTED] dags. 28. apríl 2025. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við starfsaðferðir og framkomu starfsmanna embættis lögreglustjórans á Suðurnesjum. Fram kemur í erindinu að starfsmenn embættisins hafi ítrekað mætt á heimili kvartanda í leit að henni án þess að hafa reynt að hafa samband við hana eða lögmann hennar símleiðis. Þessi framganga lögreglu hafi valdið unglingsdóttur kvartanda mikilli vanlíðan. Þá gerir kvartandi fleiri athugasemdir við starfshætti embættisins m.a. við framkvæmd handtöku en að hennar sögn var henni ekki tilkynnt um ástæðu handtökunnar.

Nefndin óskaði eftir frekari upplýsingum frá embætti lögreglustjórans á Suðurnesjum með bréfi dags. 30. apríl 2025.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega

starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á Suðurnesjum svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi dags. 16. maí 2025. Meðfylgjandi voru gögn þriggja mála þar sem kvartandi er sakborningur. Eftirfarandi kemur m.a. fram í bréfi embættisins:

„[...]Var tekin ákvörðun þann 24. mars sl. að bjóða kvartanda að skrifa undir svokallaða [REDACTED] þar sem hún lýsir því yfir með undirskrift sinni að hún muni ekki nálgast brotþola né setja sig í samband við hann. Sama dag reyndi lögregla að hafa samband við kvartanda símleiðis en án árangurs. Þann 26. mars var reynt að hafa samband við kvartanda símleiðis en án árangurs. Þann 28. mars reyndi lögregla á ný að hafa samband við kvartanda og lögmenn kvartanda símleiðis en var ekki svarað. Voru lögmenn kvartanda einnig send textaskilaboð þar sem henni var tilkynnt að skjal um [REDACTED] væri tilbúið til undirritunar á lögreglustöðinni á Suðurnesjum. Fór lögregla því á heimili kvartanda, a.m.k. tvisvar sinnum þann 28. mars, til þess að reyna að hafa uppi á henni. Samkvæmt bókun í kerfi lögreglu virtist hún vera heima en kom ekki til dyra. Þann 29. mars fór lögregla á ný að heimili kvartanda, annars vegar um morguninn, og hins vegar um kl. 14 en þá kom dóttir kvaranda til dyra og ræddi við lögreglu. Síðar sama dag, þann 29. mars, hefur lögmaður kvartanda samband við lögreglu og óskaði upplýsinga um ástæðu þess að lögregla hefði komið ítrekað að heimili kvartanda. Var þá útskýrt fyrir henni að lögregla væri búin að reyna margsinnis að ná tali af henni til þess að birta henni skjalið um [REDACTED]. Kom lögmaður kvartanda þeim skilaboð áleiðis til kvartanda sem kom að endingu á lögreglustöð um kl. 15:30 þann 29. mars og undirritaði skjal um [REDACTED]. Á lögreglustöð lýsti kvartandi óánægju sinni með heimsóknir lögreglu og var úrskýrt fyrir henni að lögreglu hefði ítrekað reynt að hafa samband við hans símleiðis án árangurs. Kvaðst kvartandi þá vera komin með nýtt símanúmer.

[...]Að öðru leyti vísast til gagna málanna. LSS vill taka fram að eftir yfirferð málsins tekur embættið ekki að starfsaðferðir embættisins hafi á neinn hátt verið óeðlilegar með tilliti til þess að til rannsóknar eru umfangsmikil mál þar sem kvartandi er sakborningur. Að mati LSS er eðlilegt að embættið ráðist í hinar ýmsu rannsóknaraðgerðir, sem byggja á skýrum lagaheimildum, í því skyni að upplýsa málin og telur starfsmenn þess á engan hátt hafa gengið harðar fram í því sambandi en tilefni hefur verið til. [...].

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaoðryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindinu er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að framkomu og starfsaðferðum embættis lögreglustjórans á Suðurnesjum.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór yfir erindið og þau gögn sem bárust frá embættinu. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtuninni og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, telur nefndin að ekki séu uppi vísbendingar um mögulega refsiverða eða ámælisverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Nefndin telur lögreglu hafa aðhafst innan þeirra heimilda sem gefnar eru með lögum. Af gögnum málsins er ljóst að lögregla leitaði allra leiða til að hafa uppi á kvartanda svo að hægt væri að fá undirritun hennar á skjal sem samkomulag hafði náðst um að kvartandi myndi undirrita. Hvað varðar handtöku á kvartanda í kjölfar húsleitar á heimili hennar þann 7. apríl sl., kemur fram í handtökuskýrslu lögreglu dagsettri sama dag að tilnefndur verjandi hennar hafi verið viðstaddur skýrslutökuna. Nefndin telur því ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Niðurstaða

Ekki er tilefni til að aðhafast vegna erindisins.

Reykjavík, 25. ágúst 2025

Nefnd um eftirlit með störfum lögreglu

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 25040013

Ákvörðun nr. 79/2025

Þann 25. ágúst 2025 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 79/2025.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu bárust tvö erindi frá [REDACTED] dags. 25. og 28. apríl 2025. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við framkomu og starfsaðferðir embættis lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.

Erindi dags. 25. apríl 2025:

Fram kemur í erindinu að kvartandi hafi í starfi sínu sem [REDACTED] orðið fyrir þjófnaði og líflátshótunum þann 31. október 2023. Þegar hann hafi mætt á lögreglustöðina til að tilkynna um atvikið hafi hann mætt fálegum viðbrögðum starfsmanns embættisins og einnig hafi hann þurft að rekja málsatvik í viðurvist annarra í biðsalnum á lögreglustöðinni. Kvartandi sendi einnig starfsmanninum upptökur úr bifreið sinni vegna málsins en að hans sögn ekkert heyrð af því síðan og grunar að það hafi aldrei verið unnið frekar í því.

Erindi dags. 28. apríl 2025:

Fram kemur að kvartandi hafi orðið fyrir líkamsárás erlendis þann 1. febrúar 2025. Þegar kvartandi hafi að beiðni erlendra yfirvalda óskað eftir því við embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, að þeir kölluðu eftir áverkavottorði hans og sendu þar á yfirvöld erlendis, hafi hann upplifað óvönduð vinnubrögð, seinagang og slæma framkomu.

Nefndin óskaði eftir frekari upplýsingum frá embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu með bréfi dags. 30. apríl 2025.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærur á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar

breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi dags. 15. maí sl. Meðfylgjandi voru upptökur úr móttöku lögreglustöðvar, dagbókarfærslur lögreglu vegna beggja atvikanna og tölvupóstur dags. 6. maí sl. til kvartanda. Í bréfi embættisins kemur m.a. fram eftirfarandi:

„[...] Samkvæmt dagbók lögreglu kom [REDACTED] á lögreglustöðina við Hverfisgötu þann 30. október 2023 til að tilkynna hegðun tveggja manna er hann ók í [REDACTED] sinni aðfararnótt sunnudags þann 29. október s.á. Meðfylgjandi er dagbók lögreglu en ekki er öðrum gögnum að dreifa sem varpað geta ljósi á samskiptin.

11. febrúar sl. kom [REDACTED] á lögreglustöðina við Hverfisgötu. Samkvæmt dagbók lögreglu óskaði hann eftir því að lögregla kallaði eftir áverkavottorði hans og myndi senda það til lögreglu í [REDACTED] þar sem hann hafði orðið fyrir líkamsárás þar.

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hefur farið yfir málið og telur rétt að gögn málsins séu send til lögreglunnar í [REDACTED] eins og kvartandi óskaði eftir í upphafi. Einhver misskilningur virðist hafa orðið til að slíkt var ekki gert. 6. maí sl. var send verkbeiðni á Alþjóðadeild ríkislögreglustjóra um að senda áverkavottorð fyrir [REDACTED] til lögreglunnar í Leeds og sama dag var bókað um að áverkavottorðið hefði verið sent. [REDACTED] var í kjölfarið upplýstur með tölvupósti.

Atvikalýsingu starfsmanns og kvartanda ber ekki saman en ekki eru til upptökur úr kærumóttöku sem varpað geta ljósi á það. Þó eru til upptökur úr afgreiðslu lögreglustöðvar þann 11. febrúar sl. þegar [REDACTED] kom á lögreglustöð að óska eftir þjónustu. [...]“

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindinu er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að framkomu og starfaðferðum starfsmanna embættis lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór yfir erindin og þau gögn sem bárust frá embættinu.

Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtunum og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, er ekki ljóst hvort kvartanda hafi verið leiðbeint um að leggja fram kæru vegna atviksins sem átti sér stað þann 31. október 2023 svo sem átt hefði að gera í samræmi við leiðbeiningarskyldu stjórnvalda. Þá má ráða að misskilnings hafi gætt hjá embættinu um verklag er varðar samskipti við erlend lögregluyfirvöld vegna líkamsárásar sem kvartandi varð fyrir erlendis. Telur nefndin ástæðu til að gengið sé úr skugga um að starfsmenn embættisins séu meðvitaðir um að veita eigi þolendum liðsinni í málum af þeim toga sem hér um ræðir. Að öðru leyti telur nefndin ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Niðurstaða

Ekki er tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Reykjavík, 25. ágúst 2025

Margrét Einarsdóttir
formaður

Kristín Edwald

Flosi H. Sigurðsson

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík

Sími: 545 8800

Netfang: nel@nel.is

Tilv.: 24030003

Ákvörðun nr. 80/2025

Þann 12. september 2025 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 80/2025.

I.

Efni kvörtunar

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst framsent erindi lögmanns f.h. [REDACTED] frá héraðssaksóknara, til þóknarlegrar meðferðar dags. 4. mars 2024. Í erindinu kemur fram að embættinu hafi borist kæra lögmanns f.h. kvartanda dags. 8. nóvember 2023, á hendur lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu, Höllu Bergþóru Björnsdóttir, vegna ætlaðs brots gegn 139. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með því að hafa heimilað og borið ábyrgð á „óleyfisframkvæmd sem látin hefur viðgangast hjá lögreglu, að starfsmenn fyrirtækisins Aðstoðar og öryggis ehf. (A&Ö) gangi í störf lögreglumanna við rannsókn á umferðarslysum/-óhöppum á höfuðborgarsvæðinu, líkt og í tilviki kæranda[...]“. Héraðssaksóknari fjallaði um kæruna á grundvelli 1. mgr. 35. gr. b. lögreglulaga nr. 90/1996. Eftir yfirferð gagna þótti ekki efni til að hefja sakamálarannsókn vegna kærunnar og henni því vísað frá, með vísan til 4. mgr. 52. gr. laga nr. 88/2008.

Meðfylgjandi framsendu erindi voru afrit af gögnum málsins.

Þann 11. apríl sl., kallaði nefndin eftir upplýsingum og gögnum frá embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu er vörðuðu erindið ásamt verklagsreglum sem gilda um Aðstoð og öryggi hjá embættinu. Þá sendi nefndin einnig fyrirspurn á embætti ríkislögreglustjóra dags. 12. júní sl., þar sem óskað var eftir upplýsingum um hvort verklagsreglur væru til staðar hjá embættinu er varða Aðstoð og öryggi ehf.

II.

Valdsvið nefndarinnar

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Berist nefndinni erindi um ætlaða refsiverða háttsemi skal erindinu beint án tafar til héraðssaksóknara eða eftir atvikum ríkissaksóknara. Hið sama á við ef einstaklingur lætur lífið eða verður fyrir stórfelldu líkamstjóni í tengslum við störf lögreglu, óháð því hvort grunur er um refsivert brot.

Að því er varðar kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til starfsmannaréttarlegra viðurlaga, skal nefndin sbr. 2. mgr. 35. gr. a., taka rökstudda afstöðu til þeirra og senda viðeigandi embætti kvörtun til frekari meðferðar ef tilefni er til. Þessu til viðbótar hefur nefndin heimild til að senda viðeigandi embætti eða eftir atvikum öðrum stjórnvöldum athugasemdir sínar við afgreiðslu einstakra mála eða tilmæli um aðrar aðgerðir. Ekki fellur undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli.

Samkvæmt 3. mgr. 35. gr. a. lögreglulaga skal nefndin fylgjast með meðferð viðkomandi embættis á erindum sem stafa frá henni og embætti sem fá til meðferðar kvartanir sem heyra undir nefndina skulu tilkynna henni um niðurstöður þeirra.

III.

Gögn frá lögreglu

Lögreglustjórinn svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi dags. 22. apríl sl., þar sem kemur meðal annars fram eftirfarandi:

„[...]LRH býr heldur ekki yfir upplýsingum um umferðaróhapp er vísað er til að öðru leyti en gögn málsins bera með sér. Ekki er að finna í kerfum lögreglu skráningu um atvikið.

Embættinu er kunnugt um fyrirtækið Aðstoð og öryggi ehf. en hefur ekki upplýsingar um á hvaða grundvelli félagið starfar. Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu gefur ekki út leyfi vegna þeirrar þjónustu sem umrætt fyrirtæki veitir en skv. upplýsingum á heimasíðu fyrirtækisins sérhæfir það sig í þjónustu sem lögregla sinnir ekki þegar umferðaróhöpp eiga sér stað. Það er skýrt skv. umferðarlögum nr. 77/2019 að það er lögregla sem annast rannsókn alvarlegra umferðaslysa og önnur atriði sem varða slys í umferðinni. LRH býr ekki yfir verklagsreglum um Akstur og öryggi. Ríkislögreglustjóri rekur fjarskiptamiðstöð sem ber ábyrgð á samskiptum við borgarann þegar hringt er í neyðarlínu, 112 og sendir boð til viðeigandi lögregluembættis ef þörf er á aðstoð lögreglu.[...]“

Embætti ríkislögreglustjóra svaraði beiðni nefndarinnar þann 12. júní sl., þar sem fram kemur m.a.:

„[...]Lögreglan sinnir málum ef tilkynnt er um slys á fólki og skráir lögregluskýrslu eftir atvikum með frekari rannsókn ef hinn slasaði málsaðili er fluttur með sjúkrabifreið, lögreglubifreið eða öðrum sannarlegum hætti í beinu framhaldi máls undir læknishendi. Auk þess sinni lögreglan málum með rannsókn þar sem er um að ræða tjón þar sem gerandi stingur af frá vettvangi og einhver rannsóknarvegur er fyrir málið og ef verður tjón hjá þriðja aðila og ekki næst að tilkynna honum strax um tjónið.

Samantekt sem ber nafnið „Skýrslugerð í umferðarslysum“ var tekið saman að beiðni [REDACTED] í samvinnu UMFD-LRH og [REDACTED]. Það námsefni hefur verið kennt í námi nýnema í skýrslugerð vegna umferðarslysa hjá Mennta- og starfsþróunarsetri lögreglur.“

Í svari ríkislögreglustjóra kemur einnig fram að fjarskiptamiðstöð ríkislögreglustjóra greini á milli umferðaróhapps og umferðarslyss með eftirfarandi hætti:

Umferðaróhapp er þegar tjón verður á t.d. tveimur bifreiðum. Gott dæmi um þetta er þegar bifreið bakkar á aðra kyrrstæða bifreið á bílastæði. Umferðarslys er þegar líkamstjón verður í umferðinni. Gott dæmi um þetta er t.d. bifreið ekur aftan á kyrrstæða bifreið á rauðu ljósi og ökumaður í fremri bíl kennir til í hálsi.

Ef einstaklingar lenda í umferðaróhappi og hafa samband við FMR er fólki ráðlagt að fylla sjálft út tjónstilkynningu ef það treystir sér ekki til þess þá er því bent á að hafa samband við arekstur.is (Aðstoð og öryggi ehf.) Ef það er grunur eða tilkynning um umferðarslys er staðarlögreglu alltaf úthlutað málinu/send á staðinn. Á starfsvæði LRH og LSS er lögreglan yfirleitt mjög fljót á vettvang en hjá embættunum á landsbyggðinni getur oft verið nokkur vegalengd í næsta lögreglutæki og því nokkur tími í að lögregla komi á vettvang. Oft eru t.d. sjúkrabílar staðsettir mun nærri og því fljótari á vettvang og í einhverjum tilfellum geta þeir jafnvel verið farnir af vettvangi þegar lögregla kemur.

IV.

Forsendur

Í erindinu er kvartað yfir því að starfsemi tiltekins félags standist ekki lög með þeim afleiðingum að hallað hafi á réttindi kæranda sem og annarra tjónþola sem verða fyrir tjóni í umferðarslysum/-óhöppum sem lögregla vanrækir að rannsaka.

Rannsókn sakamála er í höndum lögreglu, sbr. 1. mgr. 52. gr. sakamálalaga nr. 88/2008 og er með öllu óheimilt að fela öðrum aðilum það verkefni. Þá skal lögregla rannsaka „slys og aðrar ófarir þótt ekki liggi fyrir grunur um refsiverða háttsemi“, sbr. 2. mgr. sama ákvæðis. Þá leiðir af d. lið 1. mgr. 14. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 að vegfarandi sem á hlut að umferðarslysi eða öðru umferðaróhappi skal svo fljótt sem auðið er tilkynna lögreglu um atburðinn hafi vegfarandi valdið öðrum aðila minniháttar tjóni, Ekki leiðir af umferðarlögum að tilkynna beri lögreglu um öll óhöpp í umferðinni heldur einungis ef tjón verður á fólki.

Í erindinu kemur fram að lögreglan hafi komið stuttlega á vettvang og innt kæranda eftir því hvort að nauðsynlegt væri að kalla á sjúkrabifreið. Kvartandi taldi ekki þörf á því. Í framhaldinu virðist lögreglan hafa metið það sem svo að ekki hafi orðið tjón á fólki og yfirgaf því vettvanginn án þess að skrifa tjónaskýrslu. Miðað við það sem fram kemur í bréfi kvartanda varð hann þó fyrir tjóni við áreksturinn.

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Ekki er óheimilt að einkafyrirtæki aðstoði fólk sem verður fyrir umferðaróhappi sem er ekki þess eðlis að það kalli á aðkomu lögreglunnar. En um leið er mikilvægt að ef tjón verður á fólki annist lögreglan rannsókn málsins. Eins og atvikum er háttað í þessu máli virðist lögreglan hafa verið í góðri trú, á grundvelli upplýsinga frá kvartanda sjálfum, að ekki hafi orðið tjón á fólki. Verður í því ljósi ekki talið að lögreglan hafi viðhaft ámælisverða háttsemi.

Í ljósi atvika málsins er þó brýnt að lögreglan hafi í huga að ef tjón verður á fólki eða aðstæður á vettvangi benda til þess að fólk kunni að hafa orðið fyrir líkamstjóni fellur það í verkahring lögreglunnar að fara með rannsókn mála. Verður fjarskiptamiðstöð ríkislögreglustjóra því að ganga úr skugga um hvort atvik í umferðinni, sem koma inn á þeirra borð, séu með þeim hætti a nauðsynlegt sé að lögreglan sé kölluð út.

Samkvæmt framangreindu og með hliðsjón af VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996 og hlutverki nefndarinnar sbr. 35. gr. a. sömu laga, er erindinu ekki vísað til þóknanlegrar meðferðar.

V.

Niðurstaða

Ekki er tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Reykjavík, 12. september 2025

Margrét Einarsdóttir
formaður

Elimar Hauksson

Flosi H. Sigurðsson

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík

Sími: 545 8800

Netfang: nel@nel.is

Tilv.: 25040015

Ákvörðun nr. 81/2025

Þann 12. september 2025 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 81/2025.

I.

Efni kvörtunar

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [REDACTED], dags. 25. apríl 2025. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við starfsaðferðir lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu við handtöku á kvartanda þann 25. apríl sl. Fram kemur að handtakan hafi verið að öllu leyti tilefnislaus og framkvæmd með óeðlilegum og harkalegum hætti án tillits til fötlunar kvartanda sem er einhverfur.

Nefndin óskaði eftir frekari upplýsingum frá embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu með bréfi dags. 30. apríl 2025.

II.

Valdsvið nefndarinnar

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærur á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Berist nefndinni erindi um ætlaða refsiverða háttsemi skal erindinu beint án tafar til héraðssaksóknara eða eftir atvikum ríkissaksóknara. Hið sama á við ef einstaklingur lætur lífið eða verður fyrir stórfelldu líkamstjóni í tengslum við störf lögreglu, óháð því hvort grunur er um refsivert brot.

Að því er varðar kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til starfsmannaréttarlegra viðurlaga, skal nefndin sbr. 2. mgr. 35. gr. a, taka rökstudda afstöðu til þeirra og senda viðeigandi embætti kvörtun til frekari meðferðar ef tilefni er til. Þessu til viðbótar hefur nefndin heimild til að senda viðeigandi embætti eða eftir atvikum öðrum stjórnvöldum athugasemdir sínar við afgreiðslu einstakra mála eða tilmæli um aðrar aðgerðir. Það fellur hins vegar ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli.

Nefndin fylgist einnig með meðferð viðkomandi embættis á erindum sem stafa frá henni og embætti sem fá til meðferðar kvartanir sem heyra undir nefndina skulu tilkynna henni um niðurstöður þeirra.

III.

Gögn frá lögreglu

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi dags. 20. maí 2025. Meðfylgjandi voru dagbók lögreglu vegna málsins, upptökur úr búkmyndavél lögreglumanns auk upptöku úr viðtalsherbergi og af lögreglustöð.

Af gögnum málsins og meðfylgjandi upptöku úr búkmyndavél er ljóst að ástæða afskipta lögreglu af kvartanda í umrætt sinn voru tilkomin vegna gruns um að hann hefði ekið utan í vegrið en lögregla hafði fengið tilkynningu þess efnis frá vegfaranda. Í samskiptum sínum við lögreglu varð kvartandi strax mjög reiður og æstur og fór ekki eftir fyrirmælum lögreglu um að blása í áfengismæli. Eftir ítrekaðar tilraunir lögreglu til að fá hann með góðu til að hlýða fyrirmælum var því tekin ákvörðun um að handtaka hann. Eftir að kvartandi var handtekinn og færður inn í lögreglubíl upplýsti hann lögreglu um fötlun sína.

IV.

Forsendur

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindinu er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að framkomu og meintu harðræði við handtöku af hálfu starfsmanna embættis lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu. Eftir yfirferð nefndarinnar á gögnum málsins, sér í lagi meðfylgjandi upptökum, telur nefndin að lögregla hafi unnið störf sín af kostgæfni í umrætt sinn í krefjandi aðstæðum sem uppi voru á vettvangi vegna framkomu kvartanda.

Að framangreindu virtu telur nefndin að ekki séu uppi vísbendingar um mögulega refsiverða eða ámælisverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Nefndin telur því ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

V.

Niðurstaða

Ekki er tilefni til að aðhafast vegna erindisins.

Reykjavík, 12. september 2025

Margrét Einarsdóttir
formaður

Elimar Hauksson

Flosi H. Sigurðsson

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík

Sími: 545 8800

Netfang: nel@nel.is

Tilv.: 25040017

Ákvörðun nr. 82/2025

Þann 12. september 2025 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 82/2025.

I.

Efni kvörtunar

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [REDACTED], dags. 29. apríl 2025. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við framkomu starfsmanns embættis lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu við kvartanda þann 26. mars sl. þegar afskipti voru höfð af henni. Fram kemur að lögreglumaður á vettvangi sem er skyldur henni hafi verið dónalegur við hana og kallað út annan bíl á vettvang og ekki sagst vilja hafa afskipti af henni.

Nefndin óskaði eftir frekari upplýsingum frá embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu með bréfi dags. 30. apríl 2025.

II.

Valdsvið nefndarinnar

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a. í nefndum lögum, eru að taka við kærum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Berist nefndinni erindi um ætlaða refsiverða háttsemi skal erindinu beint án tafar til héraðssaksóknara eða eftir atvikum ríkissaksóknara. Hið sama á við ef einstaklingur lætur lífið eða verður fyrir stórfelldu líkamstjóni í tengslum við störf lögreglu, óháð því hvort grunur er um refsivert brot.

Að því er varðar kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til starfsmannaréttarlegra viðurlaga, skal nefndin sbr. 2. mgr. 35. gr. a., taka rökstudda afstöðu til þeirra og senda viðeigandi embætti kvörtun til frekari meðferðar ef tilefni er til. Þessu til viðbótar hefur nefndin heimild til að senda viðeigandi embætti eða eftir atvikum öðrum stjórnvöldum athugasemdir sínar við afgreiðslu einstakra mála eða tilmæli um aðrar aðgerðir. Það fellur hins vegar ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli.

Nefndin fylgist einnig með meðferð viðkomandi embættis á erindum sem stafa frá henni og embætti sem fá til meðferðar kvartanir sem heyra undir nefndina skulu tilkynna henni um niðurstöður þeirra.

III.

Gögn frá lögreglu

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi dags. 4. maí 2025. Meðfylgjandi voru öll gögn málsins, upplýsingaskýrsla lögreglumannsins sem kvartað er yfir ásamt upptöku úr búkmyndavél annars lögreglumanns á vettvangi.

Á meðfylgjandi upptöku er ekki að sjá þau samskipti sem kvartandi vísar til í erindinu sínu en hins vegar má sjá kvartanda og umræddan lögreglumann standa hlið við hlið á vettvangi án orðaskipta og annan lögreglumann tala við kvartanda.

Í upplýsingaskýrslu lögreglumannsins kemur m.a. eftirfarandi fram:

„Í ofangreindu máli sinntum við útkalli er varðar innbrot og þjófnað. Ég ásamt lögreglumanni [REDACTED] höfðum afskipti af málsaðilum við [REDACTED] við vorum fyrsta lögregluáhöfnin á vettvang. Út úr ökumannssæti bifreiðarinnar [REDACTED] sem málsaðilar voru á í umræddu máli, steig út [REDACTED] sem ég þekkti strax þar sem við erum [REDACTED]. Ég spyr [REDACTED] hvað hún sé að gera hérna og í beinu framhaldi tilkynnti ég tafarlaust lögreglumanni [REDACTED] að við séum blóðskyld og ég gæti ekki sinnt máli þessu. Lögreglumaður [REDACTED] óskaði því eftir aðstoð annarra lögreglumanna sem komu á vettvang stuttu seinna. [REDACTED] var færð í lögreglubifreið og ég átti engin önnur samskipti né afskipti af henni en að framan greinir.[...]“

IV.

Forsendur

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindinu er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að framkomu starfsmanns embættis lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.

Með hliðsjón af gögnum málsins telur nefndin að ekki séu uppi vísbendingar um mögulega refsiverða eða ámælisverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Gögnin bera þvert á móti með sér að viðkomandi lögreglumaður hafi brugðist rétt við þeim aðstæðum sem uppi voru á vettvangi vegna tengsla hans við kvartanda. Nefndin telur því ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

V.
Niðurstaða

Ekki er tilefni til að aðhafast vegna erindisins.

Reykjavík, 12. september 2025

Margrét Einarsdóttir
formaður

Elimar Hauksson

Flosi H. Sigurðsson

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík

Sími: 545 8800

Netfang: nel@nel.is

Tilv.: 25040018

Ákvörðun nr. 83/2025

Þann 12. september 2025 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 83/2025.

I.

Efni kvörtunar

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [REDACTED], dags. 23. apríl 2025. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við akstur og að forgangsljós hafi ekki verið notuð af starfsmönnum embættis lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu þann 5. apríl sl. Fram kemur að kvartandi hafi verið við leigubílaakstur um kl. 04:30 þegar lögreglubifreið kemur á fullri ferð á vinstri akrein með blikkandi aðalljós en ekki forgangsljós. Lögreglubifreiðin hefði meðal annars skotist yfir á hægri akrein fram fyrir kvartanda og sett allt í botn og bókstaflega horfið. Allt án forgangsljósa.

Nefndin óskaði eftir frekari upplýsingum frá embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu með bréfi dags. 30. apríl 2025.

II.

Valdsvið nefndarinnar

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a. í nefndum lögum, eru að taka við kærum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Berist nefndinni erindi um ætlaða refsiverða háttsemi skal erindinu beint án tafar til héraðssaksóknara eða eftir atvikum ríkissaksóknara. Hið sama á við ef einstaklingur lætur lífið eða verður fyrir stórfelldu líkamstjóni í tengslum við störf lögreglu, óháð því hvort grunur er um refsivert brot.

Að því er varðar kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til starfsmannaréttarlegra viðurlaga, skal nefndin sbr. 2. mgr. 35. gr. a., taka rökstudda afstöðu til þeirra og senda viðeigandi embætti kvörtun til frekari meðferðar ef tilefni er til. Þessu til viðbótar hefur nefndin heimild til að senda viðeigandi embætti eða eftir atvikum öðrum stjórnvöldum athugasemdir sínar við afgreiðslu einstakra mála eða tilmæli um aðrar aðgerðir. Það fellur hins vegar ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli.

Nefndin fylgist einnig með meðferð viðkomandi embættis á erindum sem stafa frá henni og embætti sem fá til meðferðar kvartanir sem heyra undir nefndina skulu tilkynna henni um niðurstöður þeirra.

III.

Gögn frá lögreglu

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi dags. 4. maí 2025. Meðfylgjandi voru gögn sem sýna staðsetningu og hraða bifreiðar 233 þegar útkall berst til lögreglu, þ.e. akstursferil bifreiðarinnar, akstursskýrslu sem sýnir m.a. stöðu tækis, stefnu, hraða, svæði og leyfilegan hámarkshraða þar sem ekið er, auk dagbókar lögreglu vegna málsins.

Í bréfi embættisins kemur m.a. fram eftirfarandi:

„[...]Kl. 03:50 barst Fjarskiptamiðstöð ríkislögreglustjóra aðstoðarbeiðni frá sjúkraflutningum SHS um að nærveru lögreglu væri óskað á vettvang þar sem um var að ræða lyfjainntöku [REDACTED] á Borgarholtsbraut, mál nr. [...]. Þegar aðstoðarbeiðnin barst er lögreglubifreið 233 stödd á Reykjanesbraut við Kaupþún, bifreiðin var kyrrstæð og voru lögreglumenn líklega við hraðamælingar. Var 233 næsta lausa ökutæki lögreglu til að sinna verkefni á Borgarholtsbraut. Var því verkefninu úthlutað til 233 þar sem lögreglutækið getur farið styðstu leið á vettvang sbr. meðfylgjandi gögn um akstursferil. Á Reykjanesbraut við Kaupþún er lögreglubifreiðinni ekið á um 140 km/klst. Að mati lögreglu eru aðstæður á þessum vegi góðar og þetta því í raun mjög yfirvegaður forgangsakstur.[...]

Þá kemur fram í bréfi embættisins að mat stjórnanda lögreglubifreiðarinnar ráði því hvort að notuð séu forgangsljós sbr. 6. gr. reglna um neyðarakstur, nr. 643/2004.

IV.

Forsendur

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindinu er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að starfsaðferðum starfsmanns embættis lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.

Á grundvelli 2. mgr. 6. gr. reglna um neyðarakstur nr. 643/2004, skal nota hljóðmerki við neyðarakstur nema notkun ljósmerkja teljist, miðað við aðstæður, nægileg til að vara vegfarendur við neyðarakstri. Virðist viðkomandi lögreglumaður sem ók bifreiðinni hafa metið það svo í umrætt sinn að ljósmerki teldist nægilegt. Í ljósi framangreinds og með hliðsjón af gögnum málsins telur nefndin að ekki séu uppi vísbendingar um mögulega

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

refsiverða eða ámælisverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Nefndin telur því ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

V.

Niðurstaða

Ekki er tilefni til að aðhafast vegna erindisins.

Reykjavík, 12. september 2025

Margrét Einarsdóttir
formaður

Elimar Hauksson

Flosi H. Sigurðsson

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík

Sími: 545 8800

Netfang: nel@nel.is

Tilv.: 25050002

Ákvörðun nr. 84/2025

Þann 12. september 2025 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 84/2025.

I.

Efni kvörtunar

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá lögmanni f.h. [REDACTED] og [REDACTED], dags. 14. maí 2025. Annars vegar er kvartað undan afgreiðslu ríkissaksóknara frá 2. maí 2025 vegna kæru kvartenda til embættisins um að endurskoðuð yrði ákvörðun lögreglustjórans á Norðurlandi vestra, dags. 28. nóvember 2024 um að hætta rannsókn málsins með vísan til 52. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. En í niðurstöðu sinni vísaði ríkissaksóknari kæru [REDACTED] frá en staðfesti ákvörðun lögreglustjórans um að hætta rannsókn málsins.

Í erindinu eru einnig gerðar athugasemdir við rannsókn embættis lögreglustjórans á Norðurlandi vestra, á umferðarslysi sem kvartendur lentu í þann [REDACTED] 2024.

Nefndin óskaði eftir frekari upplýsingum frá embætti lögreglustjórans á Norðurlandi vestra með bréfi dags. 7. maí 2025.

II.

Valdsvið nefndarinnar

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a. í nefndum lögum, eru að taka við kærur á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Berist nefndinni erindi um ætlaða refsiverða háttsemi skal erindinu beint án tafar til héraðssaksóknara eða eftir atvikum ríkissaksóknara. Hið sama á við ef einstaklingur lætur lífið eða verður fyrir stórfelldu líkamstjóni í tengslum við störf lögreglu, óháð því hvort grunur er um refsivert brot.

Að því er varðar kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til starfsmannaréttarlegra viðurlaga, skal nefndin sbr. 2. mgr. 35. gr. a., taka rökstudda afstöðu til þeirra og senda viðeigandi embætti kvörtun til frekari meðferðar ef tilefni er til. Þessu til viðbótar hefur nefndin heimild til að senda viðeigandi embætti eða eftir atvikum öðrum stjórnvöldum athugasemdir sínar við afgreiðslu einstakra

mála eða tilmæli um aðrar aðgerðir. Það fellur hins vegar ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli.

Nefndin fylgist einnig með meðferð viðkomandi embættis á erindum sem stafa frá henni og embætti sem fá til meðferðar kvartanir sem heyra undir nefndina skulu tilkynna henni um niðurstöður þeirra.

III.

Gögn frá lögreglu

Lögreglustjórinn á Norðurlandi vestra svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi dags. 20. maí 2025. Meðfylgjandi voru gögn málsins.

Í afstöðu ríkissaksóknara til kæru kvartenda er laut að kröfu um endurskoðun á ákvörðun lögreglustjórans á Norðurlandi vestra, dags. 28. nóvember 2024 um að hætta rannsókn málsins með vísan til 52. gr. nr. 88/2008 um meðferð sakamála, dags. 2. maí sl., gerði embættið athugasemdir við rannsókn lögreglustjóra og taldi að rétt hefði verið að afla gagna um líkamlegar afleiðingar kæranda við rannsókn málsins, auk þess sem að gögn málsins hefðu átt að bera með sér með skýrari hætti að hvaða brotum rannsókn málsins beindist.

IV.

Forsendur

Með vísan til valdheimilda nefndarinnar fer ekki með eftirlit með ákærvaldinu og er þeim þætti erindisins því vísað frá nefndinni er varðar athugasemdir við niðurstöðu ríkissaksóknara frá 2. maí 2024.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindinu er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að rannsóknaraðferðum starfsmanna embættis lögreglustjórans á Norðurlandi vestra.

Fyrir liggja í málinu fjölmargar skýrslur, framburðir vitna og önnur gögn sem sýna fram á að rannsókn hafi farið fram hjá embættinu. Eftir yfirferð nefndarinnar á erindinu og með hliðsjón af gögnum málsins telur nefndin að ekki séu uppi vísbendingar um slíka annmarka á rannsókn málsins að falið gætu í sér mögulega refsiverða eða ámælisverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Nefndin telur því ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

V.

Niðurstaða

Erindinu er að hluta vísað frá nefndinni sbr. IV. kafla.

Ekki er tilefni til að aðhafast vegna annarra þátta erindisins.

Reykjavík, 12. september 2025

Margrét Einarsdóttir
formaður

Elimar Hauksson

Flosi H. Sigurðsson

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík

Sími: 545 8800

Netfang: nel@nel.is

Tilv.: 25050005

Ákvörðun nr. 85/2025

Þann 12. september 2025 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 85/2025.

I.

Efni kvörtunar

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [REDACTED] dags. 4. maí 2025. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við meintan ólögmætan og stöðugan þrýsting af hálfu starfsmanna embættis ríkislögreglustjóra í hans garð, um að yfirgefa landið þrátt fyrir að áfrýjun hans á synjun um alþjóðlega vernd væri enn í gangi og endanleg niðurstaða ekki komin. Fram kemur að þessar aðgerðir hafi haft neikvæð áhrif á andlega og félagslega líðan hans. Meðfylgjandi erindinu var skjáskot af textaskilaboðum frá starfsmanni ríkislögreglustjóra til kvartanda þar sem fram kom m.a. að kærunefndin hefði úrskurðað endanlega í málinu og honum hefði verið synjað um alþjóðlega vernd og vísa ætti honum úr landi.

Nefndin óskaði eftir frekari upplýsingum frá embætti ríkislögreglustjóra með bréfi dags. 14. maí 2025.

II.

Valdsvið nefndarinnar

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a. í nefndum lögum, eru að taka við kærum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Berist nefndinni erindi um ætlaða refsiverða háttsemi skal erindinu beint án tafar til héraðssaksóknara eða eftir atvikum ríkissaksóknara. Hið sama á við ef einstaklingur lætur lífið eða verður fyrir stórfelldu líkamstjóni í tengslum við störf lögreglu, óháð því hvort grunur er um refsivert brot.

Að því er varðar kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til starfsmannaréttarlegra viðurlaga, skal nefndin sbr. 2. mgr. 35. gr. a., taka rökstudda afstöðu til þeirra og senda viðeigandi embætti kvörtun til frekari meðferðar ef tilefni er til. Þessu til viðbótar hefur nefndin heimild til að senda viðeigandi embætti eða eftir atvikum öðrum stjórnvöldum athugasemdir sínar við afgreiðslu einstakra mála eða tilmæli um aðrar aðgerðir. Það fellur hins vegar ekki undir valdsvið nefndar um

eftirlit með lögreglu að endurskoða ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli.

Nefndin fylgist einnig með meðferð viðkomandi embættis á erindum sem stafa frá henni og embætti sem fá til meðferðar kvartanir sem heyra undir nefndina skulu tilkynna henni um niðurstöður þeirra.

III.

Gögn frá lögreglu

Gögn vegna erindisins frá embætti ríkislögreglustjóra bárust nefndinni þann 21. maí 2025. Meðfylgjandi voru afrit af viðtölum embættisins við kvartanda um heimför, dagbókarfærslur embættisins vegna málsins og afrit af tölvupóstssamskiptum kærunefndar útlendingamála og ríkislögreglustjóra. Einnig var meðfylgjandi úrskurður kærunefndar útlendingamála, dags. 25. apríl 2025, en þar sem niðurstaðan var eftirfarandi:

„Að framangreindu virtu er frestur til að flytja kæranda til viðtökuríkis ekki liðinn samkvæmt 1. mgr. 29. gr. Dyflinnarreglugerðarinnar. Af því leiðir að ábyrgð á umsókn kæranda um alþjóðlega vernd hefur ekki flust yfir á íslensk stjórnvöld og því er enn hægt að krefja endursendingarríkið um að taka við honum á grundvelli Dyflinnarreglugerðarinnar. Er kröfu kæranda um endurtekna umsókn vísað frá.“

Í dagbók lögreglu dags. 2. maí sl., kemur fram að haft hafi verið samband við viðkomandi í gegnum SMS, með upplýsingum um úrskurð KNU og fyrirspurn um afstöðu hans til sjálfviljugar heimfarar. Viðkomandi þóttist ekki kannast við starfsmann RLS og samskiptum var því lokið.

IV.

Forsendur

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindinu er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að starfsaðferðum starfsmanns embættis ríkislögreglustjóra.

Eftir yfirferð nefndarinnar á erindinu og með hliðsjón af gögnum málsins telur nefndin að ekki séu uppi vísbendingar um mögulega refsiverða eða ámælisverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Nefndin telur því ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

V.

Niðurstaða

Ekki er tilefni til að aðhafast vegna erindisins.

Reykjavík, 12. september 2025

Margrét Einarsdóttir
formaður

Elimar Hauksson

Flosi H. Sigurðsson

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík

Sími: 545 8800

Netfang: nel@nel.is

Tilv.: 25050006

Ákvörðun nr. 86/2025

Þann 12. september 2025 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 86/2025.

I.

Efni kvörtunar

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [REDACTED] dags. 7. maí 2025. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við framkomu og starfsaðferðir starfsmanna embættis lögreglustjórans á Suðurnesjum þegar afskipti voru höfð af honum við akstur að ástæðulausu og hann handtekinn. Ekki liggur fyrir nákvæm dagsetning á atvikinu en samkvæmt kvartanda sökuðu lögreglumennirnir hann um að selja áfengi. Kvartandi telur enga ástæðu hafa verið fyrir afskiptunum og að lögregla hafi verið dónaleg í umrætt sinn.

Nefndin óskaði eftir frekari upplýsingum frá embætti lögreglustjórans á Suðurnesjum með bréfi dags. 14. maí 2025.

II.

Valdsvið nefndarinnar

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a. í nefndum lögum, eru að taka við kærum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Berist nefndinni erindi um ætlaða refsiverða háttsemi skal erindinu beint án tafar til héraðssaksóknara eða eftir atvikum ríkissaksóknara. Hið sama á við ef einstaklingur lætur lífið eða verður fyrir stórfelldu líkamstjóni í tengslum við störf lögreglu, óháð því hvort grunur er um refsivert brot.

Að því er varðar kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til starfsmannaréttarlegra viðurlaga, skal nefndin sbr. 2. mgr. 35. gr. a., taka rökstudda afstöðu til þeirra og senda viðeigandi embætti kvörtun til frekari meðferðar ef tilefni er til. Þessu til viðbótar hefur nefndin heimild til að senda viðeigandi embætti eða eftir atvikum öðrum stjórnvöldum athugasemdir sínar við afgreiðslu einstakra mála eða tilmæli um aðrar aðgerðir. Það fellur hins vegar ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða ákvarðanir handhafa ákæruvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli.

Nefndin fylgist einnig með meðferð viðkomandi embættis á erindum sem stafa frá henni og embætti sem fá til meðferðar kvartanir sem heyra undir nefndina skulu tilkynna henni um niðurstöður þeirra.

III.

Gögn frá lögreglu

Lögreglustjórinn á Suðurnesjum svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi dags. 5. júní sl. Meðfylgjandi var dagbókarfærsla vegna afskipta sem höfð voru af kvartanda þann 12. apríl sl.

Í bréfi embættisins kemur m.a. eftirfarandi fram:

„[...]Á þessu ári er aðeins eitt mál í lögreglakerfinu sem passar að einhverju leyti við lýsingar kvartanda en það átti sér stað 12. apríl 2025. Líkt og gögnin gefa til kynna er þar um hefðbundið umferðareftirlit að ræða. Í erindi kvartanda kemur fram að hann hafi verið handtekinn. Hefði svo verið væri það skráð í kerfi lögreglu. Er þeirri yfirlýsingu hafnað.[...]“

IV.

Forsendur

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindinu er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að framkomu og starfsaðferðum starfsmanna embættis lögreglustjórans á Suðurnesjum.

Eftir yfirferð nefndarinnar á erindinu og með hliðsjón af gögnum málsins telur nefndin að ekki séu uppi vísbendingar um mögulega refsiverða eða ámælisverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996 heldur einungis hefðbundið umferðareftirlit. Nefndin telur því ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

V.

Niðurstaða

Ekki er tilefni til að aðhafast vegna erindisins.

Reykjavík, 12. september 2025

Margrét Einarsdóttir
formaður

Elimar Hauksson

Flosi H. Sigurðsson

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík

Sími: 545 8800

Netfang: nel@nel.is

Tilv.: 25050007

Ákvörðun nr. 87/2025

Þann 12. september 2025 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 87/2025.

I.

Efni kvörtunar

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst framsent erindi [REDACTED] frá lögreglustjóranum á Norðurlandi vestra dags. 7. maí 2025. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við vinnubrögð og framkomu yfirlögregluþjóns embættisins í garð kvartanda þegar hann hafði verið í fangaklefa. Hann hafi komið illa fram við hann, skellt hurðum og gert upptækan föndurhníf sem hafi verið kvartanda mjög kær. Ekki er um nánari atvikalýsingu að ræða frá kvartanda.

Meðfylgjandi bréfinu voru gögn málsins, upptökur úr búkmyndavélum vegna afskipta af kvartanda þann 23. nóvember 2024 og dagbókarfærsla vegna afskiptanna.

II.

Valdsvið nefndarinnar

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a. í nefndum lögum, eru að taka við kærum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Berist nefndinni erindi um ætlaða refsiverða háttsemi skal erindinu beint án tafar til héraðssaksóknara eða eftir atvikum ríkissaksóknara. Hið sama á við ef einstaklingur lætur lífið eða verður fyrir stórfelldu líkamstjóni í tengslum við störf lögreglu, óháð því hvort grunur er um refsivert brot.

Að því er varðar kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til starfsmannaréttarlegra viðurlaga, skal nefndin sbr. 2. mgr. 35. gr. a., taka rökstudda afstöðu til þeirra og senda viðeigandi embætti kvörtun til frekari meðferðar ef tilefni er til. Þessu til viðbótar hefur nefndin heimild til að senda viðeigandi embætti eða eftir atvikum öðrum stjórnvöldum athugasemdir sínar við afgreiðslu einstakra mála eða tilmæli um aðrar aðgerðir. Það fellur hins vegar ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða ákvarðanir handhafa ákæruvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli.

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Nefndin fylgist einnig með meðferð viðkomandi embættis á erindum sem stafa frá henni og embætti sem fá til meðferðar kvartanir sem heyra undir nefndina skulu tilkynna henni um niðurstöður þeirra.

III.

Gögn frá lögreglu

Í meðfylgjandi gögnum er m.a. skýrsla embættisins dags. 1. febrúar 2024 og leiða má líkur að því að hún eigi við um þau afskipti sem kvartandi vísar til í erindi sínu. Þar kemur fram að afskipti hafi verið höfð af kvartanda þann 31. janúar 2024 vegna meintra hótana og hafi hann verið handtekinn í kjölfarið á grundvelli 16. gr. lögreglulaga og fluttur á lögreglustöðina á [REDACTED]. Við öryggisleit á honum hafi fundist hnífur með bogalöguðu hnífsblaði. Kvartandi hafi í kjölfarið skrifaði undir upplýsingablað handtekinna manna og færður í fangaklefa. Vakthafandi læknir hefði síðan komið á lögreglustöðina og tekið viðtal við kvartanda, í kjölfarið hafi verið ákveðið að hann yrði sendur suður á geðdeild.

IV.

Forsendur

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindinu er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að framkomu og starfsaðferðum starfsmanna embættis lögreglustjórans á Norðurlandi vestra.

Eftir yfirferð nefndarinnar á erindinu og með hliðsjón af gögnum málsins telur nefndin að ekki séu uppi vísbendingar um mögulega refsiverða eða ámælisverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Nefndin telur því ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

V.

Niðurstaða

Ekki er tilefni til að aðhafast vegna erindisins.

Reykjavík, 12. september 2025

Margrét Einarsdóttir
formaður

Elimar Hauksson

Flosi H. Sigurðsson

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík

Sími: 545 8800

Netfang: nel@nel.is

Tilv.: 25050010

Ákvörðun nr. 88/2025

Þann 12. september 2025 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 88/2025.

I.

Efni kvörtunar

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst framsent erindi lögmanns f.h. [REDACTED] frá héraðssaksóknara, til þóknarlegrar meðferðar dags. 20. maí 2025. Í erindinu kemur fram að embættinu hafi borist kæra lögmanns f.h. kvartanda dags. 30. apríl 2024, á hendur lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu, Höllu Bergþóru Björnsdóttir, vegna ætlaðs brots gegn 139. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með því að hafa heimilað og borið ábyrgð á „óleyfisframkvæmd sem látin hefur viðgangast hjá lögreglu, að starfsmenn fyrirtækisins Aðstoðar og öryggis ehf (A&Ö) gangi í störf lögreglumanna við rannsókn á umferðarslysum/-óhöppum á höfuðborgarsvæðinu, líkt og í tilviki kæranda[...].“ Héraðssaksóknari fjallaði um kærana á grundvelli 1. mgr. 35. gr. b. lögreglulaga nr. 90/1996. Eftir yfirferð gagna þótti ekki efni til að hefja sakamálarannsókn vegna kærunnar og henni því vísað frá með vísan til 4. mgr. 52. gr. laga nr. 88/2008.

Meðfylgjandi framsendu erindi voru afrit af gögnum málsins.

Í erindinu kemur m.a. fram eftirfarandi:

„[...]Samkvæmt meðfylgjandi skýrslu Aðstoðar og öryggis ehf. um slysið þann 28.12.2023 var ekið aftan á bifreið kæranda. Bifreið kæranda var með skráningarnúmerið [REDACTED] Bifreiðin sem olli slysinu var með skráningarnúmerið [REDACTED] Ekki er gefið upp nafn á ökumanninum sem bifreiðinni ók. Ekki kemur heldur fram hvort ökumaðurinn hafi verið með ökuréttindi og hvort hann hafi verið alls gáður. Þá er ljóst að umferðarslysið er hvergi opinberlega skráð og ökumaður [REDACTED] sem gróflega braut umferðarlög sleppur við sektir. Í skýrslu Aðstoðar og öryggis kemur fram að kærandi segist hafa orðið yfir líkamstjóni í umferðarslysinu, þrátt fyrir það var ekki hringt á sjúkrabifreið. Þá er ljóst skv. lækisfræðilegum gögnum málsins að kærandi verður fyrir líkamstjóni. Kærandi taldi að hringt hefði verið á lögreglu. Allavega hafi verið hringt í 112 en samt hafi lögregla ekki komið.[...].

II.

Valdsvið nefndarinnar

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a. í nefndum lögum, eru að taka við kærur á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Berist nefndinni erindi um ætlaða refsiverða háttsemi skal erindinu beint án tafar til héraðssaksóknara eða eftir atvikum ríkissaksóknara. Hið sama á við ef einstaklingur lætur lífið eða verður fyrir stórfelldu líkamstjóni í tengslum við störf lögreglu, óháð því hvort grunur er um refsivert brot.

Að því er varðar kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til starfsmannaréttarlegra viðurlaga, skal nefndin sbr. 2. mgr. 35. gr. a., taka rökstudda afstöðu til þeirra og senda viðeigandi embætti kvörtun til frekari meðferðar ef tilefni er til. Þessu til viðbótar hefur nefndin heimild til að senda viðeigandi embætti eða eftir atvikum öðrum stjórnvöldum athugasemdir sínar við afgreiðslu einstakra mála eða tilmæli um aðrar aðgerðir. Það fellur hins vegar ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli.

Nefndin fylgist einnig með meðferð viðkomandi embættis á erindum sem stafa frá henni og embætti sem fá til meðferðar kvartanir sem heyra undir nefndina skulu tilkynna henni um niðurstöður þeirra.

III.

Gögn frá lögreglu

Nefndin óskaði eftir upplýsingum frá embætti ríkislögreglustjóra dags. 5. september sl., um hvort fjarskiptamiðstöð embættisins hefði borist símtal vegna slyssins. Svar barst frá embættinu dags. 8. september sl., þar sem m.a. kemur fram að skoðuð hefði verið öll símtöl inn til 112 á tilgreindu tímabili en ekkert símtal fundist sem gat tengst umræddu slysi.

IV.

Forsendur

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar.

Í samræmi við ofangreint var hvorki embætti ríkislögreglustjóra né embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu gert viðvart um slysið. Í því ljósi hefur nefndin ekki forsendur til að aðhafast frekar vegna erindisins.

V.

Niðurstaða

Ekki er tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Reykjavík, 12. september 2025

Margrét Einarsdóttir
formaður

Elimar Hauksson

Flosi H. Sigurðsson

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík

Sími: 545 8800

Netfang: nel@nel.is

Tilv.: 25050013

Ákvörðun nr. 89/2025

Þann 12. september 2025 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 89/2025.

I.

Efni kvörtunar

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [REDACTED] dags. 27. maí 2025. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við meint ítrekuð afskipti af kvartanda af hálfu starfsmanna lögreglustjórans á Suðurlandi. Kvartandi telur lögreglu vera að leggja sig í einelti með því að hafa ítrekað stöðvað hana við akstur undanfarið ár þrátt fyrir að kvartandi hafi aldrei mælst undir áhrifum.

Nefndin óskaði eftir frekari upplýsingum frá embætti lögreglustjórans á Suðurlandi með bréfi dags. 30. maí 2025.

II.

Valdsvið nefndarinnar

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a. í nefndum lögum, eru að taka við kærum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Berist nefndinni erindi um ætlaða refsiverða háttsemi skal erindinu beint án tafar til héraðssaksóknara eða eftir atvikum ríkissaksóknara. Hið sama á við ef einstaklingur lætur lífið eða verður fyrir stórfelldu líkamstjóni í tengslum við störf lögreglu, óháð því hvort grunur er um refsivert brot.

Að því er varðar kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til starfsmannaréttarlegra viðurlaga, skal nefndin sbr. 2. mgr. 35. gr. a., taka rökstudda afstöðu til þeirra og senda viðeigandi embætti kvörtun til frekari meðferðar ef tilefni er til. Þessu til viðbótar hefur nefndin heimild til að senda viðeigandi embætti eða eftir atvikum öðrum stjórnvöldum athugasemdir sínar við afgreiðslu einstakra mála eða tilmæli um aðrar aðgerðir. Það fellur hins vegar ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli.

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Nefndin fylgist einnig með meðferð viðkomandi embættis á erindum sem stafa frá henni og embætti sem fá til meðferðar kvartanir sem heyra undir nefndina skulu tilkynna henni um niðurstöður þeirra.

III.

Gögn frá lögreglu

Lögreglustjórinn á Suðurlandi svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi dags. 2. júlí sl. Meðfylgjandi voru dagbókarfærslur vegna afskipta embættisins af kvartanda.

Í bréfi embættisins kemur m.a. eftirfarandi fram:

„[...]Engar skráningar eru fyrir hendi í kerfum lögreglunnar á Suðurlandi sem tengjast kvartanda á þessu ári. Hins vegar eru tvö mál skráð á síðastliðnum tveimur árum þar sem afskipti eru höfð af kvartanda vegna tilkynningar um ölvun við akstur.[...]“

Samkvæmt dagbók lögreglu, dags. 28. febrúar 2024 mældist kvartandi með áfengi í blóði í öðru ofangreindra tilfella.

IV.

Forsendur

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindinu er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að framkomu og starfsaðferðum starfsmanna embættis lögreglustjórans á Suðurlandi.

Ekkert í gögnum málsins bendir til þess að höfð hafi verið ítrekuð og tilefnislaus afskipti af kvartanda af hálfu lögreglu. Er því ekkert sem bendir til þess að um mögulega refsiverða eða ámælisverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996 hafi verið að ræða. Telur nefndin því ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

V.

Niðurstaða

Ekki er tilefni til að aðhafast vegna erindisins.

Reykjavík, 12. september 2025

Margrét Einarsdóttir
formaður

Elimar Hauksson

Flosi H. Sigurðsson

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík

Sími: 545 8800

Netfang: nel@nel.is

Tilv.: 25060001

Ákvörðun nr. 90/2025

Þann 12. september 2025 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 90/2025.

I.

Efni kvörtunar

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá lögmanni f.h. [REDACTED] dags. 26. apríl 2025. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við valdbeitingu af hálfu starfsmanna lögreglustjórans á Suðurnesjum. Fram kemur að tilefni kvörtunarinnar séu atvik sem áttu sér stað þann 13. apríl sl., þegar kvartandi var handtekinn í tvígang á [REDACTED] fyrir komufarþega á [REDACTED], með stuttu millibili. Telur kvartandi handtökurnar hafa verið án nægilegs tilefnis og án heimildar. Kvartandi hafi fyrst verið handtekinn dags. 13. apríl sl., þar sem honum hafi gegn vilja sínum verið fyrirskipað að yfirgefa [REDACTED] á Leifstöð. Kveður kvartandi lögreglu ekki hafa haft heimild til að gefa honum slíkar fyrirskipanir, og hvað þá handtaka hann þegar hann neitaði að hlýða fyrirmælum lögreglu um að yfirgefa svæðið og flytja hann á lögreglustöð. Skömmu síðar sama dag hafi kvartandi verið handtekinn aftur af lögreglu, á sama stað og af sama tilefni. Þá kemur fram að lögregla hafi tjáð kvartanda að yrði hann uppvís um það, að vera staddur á lóð ISAVIA, yrði hann handtekinn og færður í fangaklefa. Þá eru einnig gerðar athugasemdir um ósamræmi í skýrslum lögreglu vegna málsins.

Nefndin óskaði eftir frekari upplýsingum frá embætti lögreglustjórans á Suðurnesjum með bréfi dags. 26. júní 2025.

II.

Valdsvið nefndarinnar

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a. í nefndum lögum, eru að taka við kærum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Berist nefndinni erindi um ætlaða refsiverða háttsemi skal erindinu beint án tafar til héraðssaksóknara eða eftir atvikum ríkissaksóknara. Hið sama á við ef einstaklingur lætur lífið eða verður fyrir stórfelldu líkamstjóni í tengslum við störf lögreglu, óháð því hvort grunur er um refsivert brot.

Að því er varðar kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til starfsmannaréttarlegra viðurlaga, skal nefndin sbr. 2. mgr. 35. gr. a., taka rökstudda afstöðu til þeirra og senda viðeigandi embætti kvörtun til frekari meðferðar ef tilefni er til. Þessu til viðbótar hefur nefndin heimild til að senda viðeigandi embætti eða eftir atvikum öðrum stjórnvöldum athugasemdir sínar við afgreiðslu einstakra mála eða tilmæli um aðrar aðgerðir. Það fellur hins vegar ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli.

Nefndin fylgist einnig með meðferð viðkomandi embættis á erindum sem stafa frá henni og embætti sem fá til meðferðar kvartanir sem heyra undir nefndina skulu tilkynna henni um niðurstöður þeirra.

III.

Gögn frá lögreglu

Lögreglustjórinn á Suðurnesjum svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi dags. 7. ágúst sl. Meðfylgjandi voru dagbókarfærslur vegna afskipta embættisins af kvartanda og upptökur úr bókmyndavélum lögreglu á vettvangi.

Af upptökum má m.a. sjá þegar lögregla gefur sig á tal við kvartanda og upplýsir hann um að tilkynning hefði borist um að kvartandi hefði verið að áreita fólk á staðnum. Kvartandi gekk ítrekað í burtu frá lögreglumönnum á vettvangi þegar lögregla gaf honum fyrirmæli um að yfirgefa svæðið. Bera upptökurnar með sér að lögreglumennirnir sýndu þolinmæði við störf sín og gáfu honum mörg tækifæri til að fara sjálfviljugan. Kvartandi leggst síðan í jörðina og var hann þá handtekinn kl. 16:49 og færður í lögreglubífið. Kvartandi var strax látinn laus á bílastæðinu við lögreglustöðina í Keflavík og var frjáls ferða sinna.

Þá er einnig meðfylgjandi upptaka af seinni handtökunni sem var framkvæmd kl. 17:40 sama dag en samkvæmt skýrslu lögreglu barst tilkynning um að hann hefði farið strax aftur á [REDACTED] eftir að honum var sleppt.

IV.

Forsendur

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindinu er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að starfsaðferðum starfsmanna embættis lögreglustjórans á Suðurnesjum.

Í 1. mgr. 15. gr. lögreglulaga er kveðið á um heimildir lögreglu til að hafa afskipti af borgurunum til að halda uppi almannafriði og allsherjarreglu eða koma í veg fyrir yfirvofandi röskun til að gæta öryggis einstaklinga eða almennings eða til að afstýra afbrotum eða stöðva

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

þau. Í 2. mgr. sömu greinar kemur fram að lögreglu sé m.a. heimilt að taka í sínar hendur umferðarstjórn, banna dvöl á ákveðnum svæðum, svo sem með því að girða af eða hindra umferð um þau, taka í sínar vörslur hættulega muni, vísa á brott eða fjarlægja fólk, fyrirskipa stöðvun eða breytingu á aðgerðum eða starfsemi, fara inn á svæði í einkaeign og fyrirskipa brottflutning fólks af þeim. Þá er í 19. gr. laganna kveðið á um skyldu almennings til að hlýða fyrirmælum sem lögreglan gefur, svo sem vegna umferðarstjórnar eða til þess að halda uppi lögum og reglu á almannafæri.

Nefndin fór ítarlega yfir erindið og þau gögn sem henni bárust frá lögreglustjóranum á Suðurnesjum. Með hliðsjón af öllu framangreindu telur nefndin lögreglu hafa aðhafst innan þeirra heimilda sem henni eru gefnar með lögum nr. 90/1996 þegar kvartandi var fjarlægður af umræddum stað. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtuninni og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, telur nefndin að ekki séu uppi vísbendingar um mögulega refsiverða eða ámælisverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Nefndin telur því ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

V.

Niðurstaða

Ekki er tilefni til að aðhafast vegna erindisins.

Reykjavík, 12. september 2025

Margrét Einarsdóttir
formaður

Elimar Hauksson

Flosi H. Sigurðsson

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík

Sími: 545 8800

Netfang: nel@nel.is

Tilv.: 25060002

Ákvörðun nr. 91/2025

Þann 12. september 2025 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 91/2025.

I.

Efni kvörtunar

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [REDACTED] dags. 1. júní 2025. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við starfsaðferðir starfsmanna lögreglustjórans á Suðurlandi þann 19. apríl sl. Í erindinu kemur fram að lögregla hefði stöðvað alla umferð á fjölfarinni leið og látið alla ökumenn í hundraða tali blása í blöðru. Kvartandi taldi líklegt að allir ökumenn hafi litið á þetta sem niðurlægingu og tilburði sem aðeins þekkjast í lögregluríkjum. Þá taldi kvartandi að lögreglan hafi ekki gætt hófs í aðgerðunum og gengið allt of harkalega fram.

II.

Valdsvið nefndarinnar

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a. í nefndum lögum, eru að taka við kærur á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Berist nefndinni erindi um ætlaða refsiverða háttsemi skal erindinu beint án tafar til héraðssaksóknara eða eftir atvikum ríkissaksóknara. Hið sama á við ef einstaklingur lætur lífið eða verður fyrir stórfelldu líkamstjóni í tengslum við störf lögreglu, óháð því hvort grunur er um refsivert brot.

Að því er varðar kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til starfsmannaréttarlegra viðurlaga, skal nefndin sbr. 2. mgr. 35. gr. a., taka rökstudda afstöðu til þeirra og senda viðeigandi embætti kvörtun til frekari meðferðar ef tilefni er til. Þessu til viðbótar hefur nefndin heimild til að senda viðeigandi embætti eða eftir atvikum öðrum stjórnvöldum athugasemdir sínar við afgreiðslu einstakra mála eða tilmæli um aðrar aðferðir. Það fellur hins vegar ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli.

Nefndin fylgist einnig með meðferð viðkomandi embættis á erindum sem stafa frá henni og embætti sem fá til meðferðar kvartanir sem heyra undir nefndina skulu tilkynna henni um niðurstöður þeirra.

III.

Forsendur

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindinu er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að starfsaðferðum starfsmanna embættis lögreglustjórans á Suðurlandi.

Lögreglan sinnir umferðaeftirliti á grundvelli umferðarlaga nr. 77/2019. Samkvæmt 52. gr. laganna er ökumanni vélknúins ökutækis skylt að kröfu lögreglu að gangast undir öndunarpróf og láta í té svita- og munnvatnssýni með þeim hætti sem lögregla ákveður m.a. ef hann hefur verið stöðvaður við umferðaeftirlit. Að framangreindu virtu telur nefndin ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

IV.

Niðurstaða

Ekki er tilefni til að aðhafast vegna erindisins.

Reykjavík, 12. september 2025

Margrét Einarsdóttir
formaður

Elimar Hauksson

Flosi H. Sigurðsson

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík

Sími: 545 8800

Netfang: nel@nel.is

Tilv.: 25060003

Ákvörðun nr. 92/2025

Þann 12. september 2025 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 92/2025.

I.

Efni kvörtunar

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [REDACTED] dags. 11. júní 2025. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við starfsaðferðir starfsmanna lögreglustjórans á Suðurnesjum þann 1. júní sl. Kvartandi gerir athugasemdir við meinta kynþáttamiða löggæslu starfsmanna lögreglu á Keflavíkurflugvelli þegar hann kom til landsins en hann er breskur ríkisborgari með indverskan uppruna. Hann telur sig hafa þurft að þola aðra meðferð sökum húðlitar þar sem hann var m.a. spurður af tollvörðum um ástæður komu sinnar til landsins, á meðan öðrum farþegum var hleypt í gegn án frekari skoðunar.

II.

Valdsvið nefndarinnar

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a. í nefndum lögum, eru að taka við kærum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Berist nefndinni erindi um ætlaða refsiverða háttsemi skal erindinu beint án tafar til héraðssaksóknara eða eftir atvikum ríkissaksóknara. Hið sama á við ef einstaklingur lætur lífið eða verður fyrir stórfelldu líkamstjóni í tengslum við störf lögreglu, óháð því hvort grunur er um refsivert brot.

Að því er varðar kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til starfsmannaréttarlegra viðurlaga, skal nefndin sbr. 2. mgr. 35. gr. a., taka rökstudda afstöðu til þeirra og senda viðeigandi embætti kvörtun til frekari meðferðar ef tilefni er til. Þessu til viðbótar hefur nefndin heimild til að senda viðeigandi embætti eða eftir atvikum öðrum stjórnvöldum athugasemdir sínar við afgreiðslu einstakra mála eða tilmæli um aðrar aðgerðir. Það fellur hins vegar ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli.

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Nefndin fylgist einnig með meðferð viðkomandi embættis á erindum sem stafa frá henni og embætti sem fá til meðferðar kvartanir sem heyra undir nefndina skulu tilkynna henni um niðurstöður þeirra.

III.

Forsendur

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kærur vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindinu er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að meintri kynþáttamiðaðri löggæslu starfsmanna embættis lögreglustjórans á Suðurnesjum.

Eftir yfirferð á gögnum málsins telur nefndin að afskiptin hafi verið í lögmætum tilgangi og með stoð í m.a. lögreglulögum nr. 90/1996 og lögum nr. 80/2016 um útlendinga. Var þannig einungis um að ræða hefðbundið löggæslueftirlit í flugstöð Leifs Eiríkssonar og því enginn grunur um ámælisverða háttsemi.

IV.

Niðurstaða

Ekki er tilefni til að aðhafast vegna erindisins.

Reykjavík, 12. september 2025

Margrét Einarsdóttir
formaður

Elimar Hauksson

Flosi H. Sigurðsson

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík

Sími: 545 8800. Bréfasími

Netfang: nel@nel.is

Tilv.: 25040014

Ákvörðun nr. 93/2025

Þann 26. september 2025 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 93/2025.

I.

Efni kvörtunar

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá lögmanni f.h. [REDACTED], dags. 29. apríl 2025. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við vinnubrögð starfsmanna embættis lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu sem kvartandi telur vera ámælisverð og ekki í samræmi við lög og vandaða stjórnsýsluhætti. Fram kemur að kvartandi hafi lagt fram kæru þann 28. ágúst 2024, vegna brota í nánú sambandi og í upphafi þeirrar skýrslutöku hefði kvartandi óskað eftir að lögmaðurinn yrði tilnefnd sem réttargæslumaður hennar vegna málsins skv. 41. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008 og var skrifað undir eyðublað þess efnis. Þann 22. apríl 2025, sendi lögmaður kvartanda tölvupóst á lögreglumanninn sem stýrði skýrslutökunni og óskaði eftir upplýsingum um hvernig rannsókn málsins stæði og fékk í kjölfarið þær upplýsingar að engin rannsókn hefði farið af stað vegna málsins, en það yrði nú gert.

Nefndin óskaði eftir frekari upplýsingum frá embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu með bréfi dags. 30. apríl 2025.

II.

Valdsvið nefndarinnar

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a. í nefndum lögum, eru að taka við kærum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Berist nefndinni erindi um ætlaða refsiverða háttsemi skal erindinu beint án tafar til héraðssaksóknara eða eftir atvikum ríkissaksóknara. Hið sama á við ef einstaklingur lætur lífið eða verður fyrir stórfelldu líkamstjóni í tengslum við störf lögreglu, óháð því hvort grunur er um refsivert brot.

Að því er varðar kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til starfsmannaréttarlegra viðurlaga, skal nefndin sbr. 2. mgr. 35. gr. a., taka rökstudda afstöðu til þeirra og senda viðeigandi embætti kvörtun til frekari meðferðar ef tilefni er til. Þessu til viðbótar hefur nefndin heimild til að senda viðeigandi

embætti eða eftir atvikum öðrum stjórnvöldum athugasemdir sínar við afgreiðslu einstakra mála eða tilmæli um aðrar aðgerðir. Það fellur hins vegar ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli.

Nefndin fylgist einnig með meðferð viðkomandi embættis á erindum sem stafa frá henni og embætti sem fá til meðferðar kvartanir sem heyra undir nefndina skulu tilkynna henni um niðurstöður þeirra.

III.

Gögn frá lögreglu

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi dags. 27. maí 2025. Meðfylgjandi voru öll gögn málsins ásamt tölvupóstsamskiptum lögreglu við lögmann kvartanda.

Fram kemur meðal annars í bréfinu að:

“Einhvers misskilnings virðist hafa gætt í samskiptum lögreglu við [REDACTED] og lögmann hennar. Ekki var alveg ljóst hvað það var sem [REDACTED] vildi kæra. Í máli nr. [REDACTED] - Bjarkarhlíð-viðtal var opnuð rannsókn vegna heimilisofbeldis og mun rannsóknarlögregla fara yfir málið og taka ákvörðun um framvindu þess m.a. hvort að taka eigi skýrslu af meintum sakborningi í málinu [REDACTED] fyrrum eiginmanni [REDACTED]

Um tilefni viðtals kvartanda hjá Bjarkarhlíð kemur fram í dagbókarfærslu dags. 28. ágúst 2024 að kvartandi hafi mætt í viðtal og ráðgjöf hjá lögreglumanni í Bjarkarhlíð í tengslum við umferðarslys sem átti sér stað þann [REDACTED] 2023. Einnig að kvartandi segðist sjá atburðinn í öðru ljósi eftir að hún sleit samvistum við sambylismann sinn og vildi leggja fram formlega kæru vegna málsins. Þá kemur fram að hringt hefði verið í kvartanda þann 26. ágúst 2024 og hún beðin að mæta í kærumóttöku daginn eftir.

Í samantekt vegna skýrslutökunnar sem fram fór þann 27. ágúst 2024 hjá embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu kemur fram að kvartanda hefði verið kynnt tilefni skýrslutökunnar sem hafi verið rangur framburður. Í dagbókarfærslu embættis lögreglustjórans á Suðurlandi kemur fram að kvartandi hefði komið þann 27. ágúst 2024, á lögreglustöð á höfuðborgarsvæðinu til þess að gefa framburð sinn í máli sem til rannsóknar er hjá embætti lögreglustjórans á Suðurlandi og varðar umferðarslys. Kvartandi sagði sambylismann sinn hafa þvingað sig til að gefa rangan framburð hjá lögreglu um atvik umferðarslyssins en [REDACTED] slasaðist nokkuð alvarlega í slysinu. Af hljóðupptöku á skýrslutökunni kemur skýrt fram að tilefni skýrslutökunnar sé rangur framburður kvartanda.

Þá má ráða af tölvupóstssamskiptum á milli lögmanns kvartanda og lögreglumannsins sem framkvæmdi skýrslutökuna að tvö mál væru til meðferðar, annars vegar umferðarslysið og hins vegar [REDACTED] er varðar áreiti [REDACTED] í garð [REDACTED]. Þá bendir ofangreind dagbók lögreglu til þess að kvartandi hafi verið í góðri trú um að hún væri mætt til að leggja fram kæru á hendur fyrrverandi sambýlismanni sínum.

IV.

Forsendur

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindinu er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að starfaðferðum starfsmanna embættis lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.

Eftir yfirferð nefndarinnar á erindinu og gögnum málsins telur nefndin að mistök hafi átt sér stað er kvartandi mætti til skýrslutöku þann 27. ágúst 2024. Í kjölfar viðtals við lögreglumann hjá Bjarkarhlíð þann 23. ágúst s.á, var kvartandi í góðri trú um að hún væri mætt til skýrslutöku til að leggja fram kæru á hendur fyrrverandi sambýlismanni sínum. Sá lögreglumaður sem tók á móti henni virðist hins vegar hafa staðið í þeirri trú að tilefni skýrslutökunnar væri eingöngu rangur framburður kvartanda þar sem hún var með stöðu sakbornings. Ber skýrslutakan skýrt með sér þennan misskilning og er óheppilegt að kvartandi, eða lögmaður hennar sem var viðstaddur skýrslutökuna, hafi ekki leiðrétt þennan misskilning. Í kjölfar skýrslutökunnar var lögmaður kvartanda í samskiptum við lögreglu og áframsendi gögn vegna málsins.

Með vísan til alls framangreinds telur nefndin að ekki séu uppi vísbendingar um mögulega refsiverða eða ámælisverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Þó er í ljósi atvika málsins tilefni til að brýna fyrir embættinu að tryggja að upplýsingar sem fram koma í skýrslutökum hjá Bjarkarhlíð skili sér til lögreglumanna í kærurnótöku með fullnægjandi hætti.

Loks má geta þess að nefndin óskaði eftir upplýsingum um stöðu rannsóknar embættisins á meintu heimilisofbeldi dags. 2 september sl., og svaraði embættið á þá leið að rannsókn málsins væri opin og yfirstandandi. Nefndin telur því ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

V.

Niðurstaða

Ekki er tilefni til að aðhafast vegna erindisins.

Nefndin beinir þeim tilmælum til embættisins að ganga úr skugga um að tryggt sé að upplýsingar sem fram koma í skýrslutökum hjá Bjarkarhlíð skili sér til lögreglumanna í kærumóttöku með fullnægjandi hætti.

Reykjavík, 26. september 2025

Nefnd um eftirlit með störfum lögreglu

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík

Sími: 545 8800

Netfang: nel@nel.is

Tilv.: 25050011

Ákvörðun nr. 94/2025

Þann 26. september 2025 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 94/2025.

I.

Efni kvörtunar

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [REDACTED] dags. 18. maí 2025. Í erindinu eru m.a. gerðar athugasemdir við framkomu og starfsaðferðir starfsmanna embættis lögreglustjórans á Suðurnesjum þegar höfð voru afskipti af kvartanda 18. maí sl. Kvartandi kveður lögreglumenn hafa veitt honum eftirför, áreitt hann og látið hann líta illa út fyrir framan ættingja og vini.

Nefndin óskaði eftir frekari upplýsingum frá embætti lögreglustjórans á Suðurnesjum með bréfi dags. 30. maí 2025.

II.

Valdsvið nefndarinnar

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a. í nefndum lögum, eru að taka við kærur á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Berist nefndinni erindi um ætlaða refsiverða háttsemi skal erindinu beint án tafar til héraðssaksóknara eða eftir atvikum ríkissaksóknara. Hið sama á við ef einstaklingur lætur lífið eða verður fyrir stórfelldu líkamstjóni í tengslum við störf lögreglu, óháð því hvort grunur er um refsivert brot.

Að því er varðar kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til starfsmannaréttarlegra viðurlaga, skal nefndin sbr. 2. mgr. 35. gr. a., taka rökstudda afstöðu til þeirra og senda viðeigandi embætti kvörtun til frekari meðferðar ef tilefni er til. Þessu til viðbótar hefur nefndin heimild til að senda viðeigandi embætti eða eftir atvikum öðrum stjórnvöldum athugasemdir sínar við afgreiðslu einstakra mála eða tilmæli um aðrar aðgerðir. Það fellur hins vegar ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli.

Nefndin fylgist einnig með meðferð viðkomandi embættis á erindum sem stafa frá henni og embætti sem fá til meðferðar kvartanir sem heyra undir nefndina skulu tilkynna henni um niðurstöður þeirra.

III.

Gögn frá lögreglu

Lögreglustjórinn á Suðurnesjum svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi dags. 16. júní sl. Meðfylgjandi voru öll gögn málsins.

Í dagbók lögreglu vegna málsins kemur fram að ástæða afskiptanna af kvartanda megi rekja til bakpoka sem fannst með töluvert af smelluláspokum með kannabisefnum ásamt brottfararspjaldi með nafni kvartanda og öðrum skilríkjum hans, undir stiga nálægt heimili ættingja hans. En upplýsingar lágu fyrir um að kvartandi héldi þar til.

Í bréfi embættisins kemur m.a. eftirfarandi fram:

„[...]LSS telur ekki ástæðu til að rekja málsatvik og vísar til gagna málsins sem eru meðfylgjandi bréfi þessu. Ekkert í gögnum málsins bendir til þess að kvartandi hafi ekki játað greiðlega þau brot sem hann var grunaður um að hafa framið í umrætt sinn. Er það mat LSS eftir yfirferð málsins að ekki sé hægt að taka undir það að starfsaðferðir eða framkoma starfsmanna LSS hafi verið óeðlileg í samskiptum við kvartanda“

IV.

Forsendur

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindinu er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að framkomu og starfsaðferðum starfsmanna embættis lögreglustjórans á Suðurnesjum.

Eftir yfirferð nefndarinnar á erindinu og með hliðsjón af gögnum málsins verður að telja að afskipti lögreglu af kvartanda hafi átt sér eðlilegar skýringar og ekkert bendi til þess að viðhafðar hafi verið mögulega refsiverðar eða ámælisverðar starfsaðferðir starfsmanna lögreglu við umrædd afskipti, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Telur nefndin því ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

V.

Niðurstaða

Ekki er tilefni til að aðhafast vegna erindisins.

Reykjavík, 26. september 2025

Nefnd um eftirlit með störfum lögreglu

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík

Sími: 545 8800

Netfang: nel@nel.is

Tilv.: 25050012

Ákvörðun nr. 95/2025

Þann 26. september 2025 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 95/2025.

I.

Efni kvörtunar

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst framsend kvörtun [REDACTED], dags. 20. maí 2025 frá gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála. Í erindinu kemur fram að kvartandi hefði mætt á lögreglustöðina á Akureyri dags. 7. ágúst 2024 og kvartað undan tilraun til eitrunar. Lögreglukona hafi tekið á móti honum og tekið af honum skýrslu og tjáð honum að rannsóknarlögreglumaður myndi hafa samband við hann. Enginn hafi hins vegar haft samband við kvartanda og nú láti lögreglan eins og hann hafi aldrei komið til hennar með málið.

Nefndin óskaði eftir frekari upplýsingum frá embætti lögreglustjórans á Norðurlandi eystra með bréfi dags. 30. maí 2025.

II.

Valdsvið nefndarinnar

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a. í nefndum lögum, eru að taka við kærum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Berist nefndinni erindi um ætlaða refsiverða háttsemi skal erindinu beint án tafar til héraðssaksóknara eða eftir atvikum ríkissaksóknara. Hið sama á við ef einstaklingur lætur lífið eða verður fyrir stórfelldu líkamstjóni í tengslum við störf lögreglu, óháð því hvort grunur er um refsivert brot.

Að því er varðar kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til starfsmannaréttarlegra viðurlaga, skal nefndin sbr. 2. mgr. 35. gr. a., taka rökstudda afstöðu til þeirra og senda viðeigandi embætti kvörtun til frekari meðferðar ef tilefni er til. Þessu til viðbótar hefur nefndin heimild til að senda viðeigandi embætti eða eftir atvikum öðrum stjórnvöldum athugasemdir sínar við afgreiðslu einstakra mála eða tilmæli um aðrar aðgerðir. Það fellur hins vegar ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli.

Nefndin fylgist einnig með meðferð viðkomandi embættis á erindum sem stafa frá henni og embætti sem fá til meðferðar kvartanir sem heyra undir nefndina skulu tilkynna henni um niðurstöður þeirra.

III.

Gögn frá lögreglu

Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi dags. 15. september sl. Meðfylgjandi var framskýrsla málsins og kvittun fyrir sendingu gagna til lögmanns kvartanda vegna málsins.

Í bréfi embættisins kemur m.a. eftirfarandi fram:

„[...]Málið var skráð sem tilkynning um afbrigðilega hegðun, og skráð til afgreiðslu í rannsóknardeild 8. júlí 2024 og sama dag að lokinni greiningu var málið skráð í ferilinn „Verkefni lokið“ á ákærusviði embættisins. Niðurstaða greiningar rannsóknardeildar og ákærusviðs var að ekki væri tilefni til að aðhafast frekar vegna tilkynningar JB. Hann hafi ekki lýst einkennum eitrunar heldur frekar almennum einkennum sem ekki er óalgengt að fólk finni fyrir á álagstímum. Ekki hafi komið fram í samtali lögreglumanns við [REDACTED] að hann hafi leitað til læknis vegna einkenna.[...]“

IV.

Forsendur

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindinu er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að framkomu og starfsaðferðum starfsmanna embættis lögreglustjórans á Norðurlandi eystra.

Eftir yfirferð nefndarinnar á erindinu og með hliðsjón af gögnum málsins verður að telja að ekkert bendi til þess að viðhafðar hafi verið mögulega refsiverðar eða ámælisverðar starfsaðferðir starfsmanna lögreglu við umrædd afskipti, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Telur nefndin því ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna þess.

V.

Niðurstaða

Ekki er tilefni til að aðhafast vegna erindisins.

Reykjavík, 26. september 2025

Nefnd um eftirlit með störfum lögreglu

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík

Sími: 545 8800

Netfang: nel@nel.is

Tilv.: 25060004

Ákvörðun nr. 96/2025

Þann 26. september 2025 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 96/2025.

I.

Efni kvörtunar

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst kvörtun lögmanns f.h. [REDACTED], dags. 11. júní 2025. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við aðgerðir starfsmanna embættis lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, sem fóru fram á heimili kvartanda aðfaranótt 9. júní sl. Kvartandi kveður hóp lögreglumanna hafa ruðst inn á heimili hans, brotið hurðina í sameigninni og rutt sér leið inn með frekjulegum hætti. Ekki hafi verið lögð fram tilhlýðileg húsleitarheimild eða honum tilkynnt um ástæður aðgerðarinnar með fullnægjandi hætti. Þá kemur fram að tilgangur aðgerðarinnar virðist hafa vera að finna syni hans en kvartandi hafi upplýst lögreglu strax um að hann hefði enga vitneskju um hvar þeir væru niðurkomnir.

Nefndin óskaði eftir frekari upplýsingum frá embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu með bréfi dags. 26. júní 2025. Einnig var óskað eftir gögnum frá embætti héraðssaksóknara dags. 26. ágúst sl.

II.

Valdsvið nefndarinnar

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a. í nefndum lögum, eru að taka við kærur á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Berist nefndinni erindi um ætlaða refsiverða háttsemi skal erindinu beint án tafar til héraðssaksóknara eða eftir atvikum ríkissaksóknara. Hið sama á við ef einstaklingur lætur lífið eða verður fyrir stórfelldu líkamstjóni í tengslum við störf lögreglu, óháð því hvort grunur er um refsivert brot.

Að því er varðar kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til starfsmannaréttarlegra viðurlaga, skal nefndin sbr. 2. mgr. 35. gr. a., taka rökstudda afstöðu til þeirra og senda viðeigandi embætti kvörtun til frekari meðferðar ef tilefni er til. Þessu til viðbótar hefur nefndin heimild til að senda viðeigandi embætti eða eftir atvikum öðrum stjórnvöldum athugasemdir sínar við afgreiðslu einstakra mála eða tilmæli um aðrar aðgerðir. Það fellur hins vegar ekki undir valdsvið nefndar um

eftirlit með lögreglu að endurskoða ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli.

Nefndin fylgist einnig með meðferð viðkomandi embættis á erindum sem stafa frá henni og embætti sem fá til meðferðar kvartanir sem heyra undir nefndina skulu tilkynna henni um niðurstöður þeirra.

III.

Gögn frá lögreglu

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi dags. 1. júlí sl. Í bréfi embættisins kemur m.a. fram að lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hafi leitað að sonum [REDACTED] og þriðja manni, þann 9. júní sl. vegna meintra brota þeirra gegn nánar tilgreindum ákvæðum almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Héraðssaksóknari afhenti nefndinni frekari gögn vegna málsins dags. 3. september sl. Meðfylgjandi voru öll gögn málsins ásamt upptökum úr búkmyndavélum af vettvangi þegar lögregla ásamt sérsveit ríkislögreglustjóra fór inn á heimili kvartanda.

IV.

Forsendur

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindinu er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að framkomu og starfsaðferðum starfsmanna embættis lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.

Af gögnum málsins er ljóst að lögreglan fór inn á heimili kvartanda en það er einnig lögheimili sona hans sem lögregla leitaði að í umrætt sinn. Samkvæmt 1. mgr. 74. gr. laga um meðferð sakamála er heimilt að leita í húsum sakbornings, geymslustöðum, hirslum, skipum, loftföllum, bifreiðum eða öðrum farartækjum hans í því skyni að handtaka hann, rannsaka andlag brots og önnur ummerki eða hafa uppi á munum sem hald skal leggja á. Skilyrði fyrir húsleit skv. 2. mgr. sömu greinar er að rökstuddur grunur leiki á að framið hafi verið brot sem sætt getur ákæru og að sakborningur hafi verið þar að verki, enda séu augljósir rannsóknarhagsmunir í húfi. Samkvæmt 2. mgr. 75. gr. laganna er leit heimil án dómsúrskurðar ef brýn hætta er á að bið eftir úrskurði valdi sakarspjöllum. Enn fremur ef leitað er að manni sem handtaka skal og honum er veitt eftirför eða hætta er á að hann komi sér undan ef beðið er úrskurðar.

Lögreglan virðist hafa metið það sem svo að skilyrði framangreinds ákvæðis væru uppfyllt í umrætt sinn. Eftir yfirferð nefndarinnar á erindinu og með hliðsjón af gögnum málsins verður ekki talið að mat lögreglu á því að aðstæður kölluðu á húsleit án dómsúrskurðar feli í sér

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

mögulega refsiverðar eða ámælisverðar starfsaðferðir starfsmanna lögreglu sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Telur nefndin því ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Þá bendir nefndin kvartanda á heimild til að krefjast bóta á grundvelli XXXIX. kafla laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

V.

Niðurstaða

Ekki er tilefni til að aðhafast vegna erindisins.

Reykjavík, 26. september 2025

Nefnd um eftirlit með störfum lögreglu

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík

Sími: 545 8800

Netfang: nel@nel.is

Tilv.: 25060007

Ákvörðun nr. 98/2025

Þann 26. september 2025 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 98/2025.

I.

Efni kvörtunar

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [REDACTED], dags. 10. júní 2025. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við starfsaðferðir starfsmanna lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu þegar kvartandi var stöðvaður við umferðareftirlit 9. júní sl. Fram kemur í erindinu að kvartandi sé mjög ósáttur við að hafa verið stöðvaður við umferðareftirlit án þess að lögreglan hefði haft grun um ölvun. Að sögn kvartanda hafi ekki verið hægt að kenna hraðakstri, glæfraakstri eða öðru um þar sem hann hafi verið kyrrstæður á rauðu ljósi. Þá er kvartandi ósáttur við þau vinnubrögð lögreglu að hafa afskipti af öikumönnum án ástæðu.

II.

Valdsvið nefndarinnar

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a. í nefndum lögum, eru að taka við kærur á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Berist nefndinni erindi um ætlaða refsiverða háttsemi skal erindinu beint án tafar til héraðssaksóknara eða eftir atvikum ríkissaksóknara. Hið sama á við ef einstaklingur lætur lífið eða verður fyrir stórfelldu líkamstjóni í tengslum við störf lögreglu, óháð því hvort grunur er um refsivert brot.

Að því er varðar kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til starfsmannaréttarlegra viðurlaga, skal nefndin sbr. 2. mgr. 35. gr. a., taka rökstudda afstöðu til þeirra og senda viðeigandi embætti kvörtun til frekari meðferðar ef tilefni er til. Þessu til viðbótar hefur nefndin heimild til að senda viðeigandi embætti eða eftir atvikum öðrum stjórnvöldum athugasemdir sínar við afgreiðslu einstakra mála eða tilmæli um aðrar aðgerðir. Það fellur hins vegar ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli.

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Nefndin fylgist einnig með meðferð viðkomandi embættis á erindum sem stafa frá henni og embætti sem fá til meðferðar kvartanir sem heyra undir nefndina skulu tilkynna henni um niðurstöður þeirra.

III.

Forsendur

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindinu er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að starfsaðferðum starfsmanna embættis lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.

Lögreglan sinnir umferðaeftirliti á grundvelli umferðarlaga nr. 77/2019. Samkvæmt 52. gr. laganna er ökumanni vélknúins ökutækis skylt að kröfu lögreglu að gangast undir öndunarpróf og láta í té svita- og munnvatnssýni með þeim hætti sem lögregla ákveður m.a. ef hann hefur verið stöðvaður við umferðareftirlit. Að framangreindu virtu telur nefndin ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

IV.

Niðurstaða

Ekki er tilefni til að aðhafast vegna erindisins.

Reykjavík, 26. september 2025

Nefnd um eftirlit með störfum lögreglu

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík

Sími: 545 8800

Netfang: nel@nel.is

Tilv.: 25060008

Ákvörðun nr. 99/2025

Þann 26. september 2025 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 99/2025.

I.

Efni kvörtunar

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [REDACTED] dags. 20. júní 2025. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við framkomu og starfsaðferðir starfsmanns lögreglustjórans í Vestmannaeyjum dags. 18. júní sl., þegar lögreglumaður stöðvaði hana út á miðri götu og öskraði á vinkonu hennar að hún mætti ekki taka samtál þeirra upp og ætti að sýna honum símann sinn. Hann hafi einnig hótad kvartanda því að ef hún færi ekki heim að skila bílnum til fyrrverandi kærasta síns, sem er [REDACTED] lögreglumannsins, yrði hún handtekin. Kvartandi gerir athugasemdir við að lögreglumaðurinn hafi beitt valdi sínu með framangreindum hætti vegna tengsla hans og einnig að hann hafi meinað vinkonu hennar að taka upp afskiptin.

Nefndin óskaði eftir frekari upplýsingum frá embætti lögreglustjórans í Vestmannaeyjum með bréfi dags. 26. júní sl.

II.

Valdsvið nefndarinnar

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a. í nefndum lögum, eru að taka við kærur á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Berist nefndinni erindi um ætlaða refsiverða háttsemi skal erindinu beint án tafar til héraðssaksóknara eða eftir atvikum ríkissaksóknara. Hið sama á við ef einstaklingur lætur lífið eða verður fyrir stórfelldu líkamstjóni í tengslum við störf lögreglu, óháð því hvort grunur er um refsivert brot.

Að því er varðar kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til starfsmannaréttarlegra viðurlaga, skal nefndin sbr. 2. mgr. 35. gr. a., taka rökstudda afstöðu til þeirra og senda viðeigandi embætti kvörtun til frekari meðferðar ef tilefni er til. Þessu til viðbótar hefur nefndin heimild til að senda viðeigandi embætti eða eftir atvikum öðrum stjórnvöldum athugasemdir sínar við afgreiðslu einstakra mála eða tilmæli um aðrar aðgerðir. Það fellur hins vegar ekki undir valdsvið nefndar um

eftirlit með lögreglu að endurskoða ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli.

Nefndin fylgist einnig með meðferð viðkomandi embættis á erindum sem stafa frá henni og embætti sem fá til meðferðar kvartanir sem heyra undir nefndina skulu tilkynna henni um niðurstöður þeirra.

III.

Gögn frá lögreglu

Lögreglustjórinn í Vestmannaeyjum svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi dags. 23. júlí sl. Meðfylgjandi voru skýrslur vegna málsins. Í svari embættisins kom m.a. fram eftirfarandi:

„Það athugast að lögreglumenn voru ekki með kveikt á búkmyndavélum eða öðrum löggæslumyndavélum, er þeir sinntu verkefninu, sem myndi flokkast sem aðstoð við borgarana, þar sem þar sem hafði slitið sambandi sínu voru ekki sammála um afnot og yfirlit yfir bifreið sem annar aðilinn er skráður fyrir. Jafnframt er rétt að taka fram að umrædd bifreið er í eigu fyrrverandi [REDACTED] lögreglumanns nr. [REDACTED] sem vann að verkefninu, en hann var varðstjóri á vakt þegar tilkynningin barst ásamt lögreglumanni í sumarafleysingum og voru þeir bara tveir á vaktinni. Var því ekki unnt að senda aðra áhöfn í verkefnið þar sem aðeins ein áhöfn er á vakt í Vestmannaeyjum hverju sinni.“

Þá kemur fram í aðkomuskýrslu embættisins að systir fyrrum sambýlismanns kvartanda hafi óskað eftir aðstoð við að endurheimta bifreiðina í umrætt sinn fyrir hönd bróður síns.

IV.

Forsendur

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindinu er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að framkomu og starfsaðferðum starfsmanna embættis lögreglustjórans á Vestmannaeyjum.

Samkvæmt 7. mgr. 8. gr. lögreglulaga mega lögreglustjórar og aðrir þeir sem fara með lögregluvald ekki rannsaka brot ef þeir eru vanhæfir til þess samkvæmt stjórnarsýslulögum, sbr. þó 5. mgr. 5. gr. Í 6. tl. 1. mgr. 3. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 kemur fram að starfsmaður sé vanhæfur til meðferðar máls ef fyrir hendi eru aðstæður sem eru til þess fallnar að draga óhlutdrægni hans í efa með réttu sbr. einnig 3. gr. siðareglna lögreglu þar sem fjallað er um hæfi og hlutlægni.

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Ljóst er af erindinu og gögnum málsins að um er að ræða einkaréttarlegan ágreining á milli kvartanda og fyrrum sambýlismanns hennar um afnotarétt ökutækis. Leikur því vafi á því hvort það hafi verið í verkahring lögreglu að hafa afskipti í umrætt sinn. Þá er ekki unnt að útiloka að tengsl umrædds lögreglumanns við fyrrum sambýlismann kvartanda hafi haft áhrif á afskipti viðkomandi lögreglumanns af málinu.

Eftir yfirferð nefndarinnar á erindinu telur hún með hliðsjón af fyrrgreindum tengslum lögreglumannsins við fyrrum sambýlismann kvartanda og tilefni afskiptanna, sem var einkaréttarlegur ágreiningur á milli aðila, að uppi séu vísbendingar um mögulega ámælisverðar starfsaðferðir starfsmanna lögreglu við umrædd afskipti, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996.

V.

Niðurstaða

Erindið er sent lögreglustjóranum í Vestmannaeyjum til þóknanlegrar meðferðar.

Reykjavík, 26. september 2025

Nefnd um eftirlit með störfum lögreglu

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík

Sími: 545 8800

Netfang: nel@nel.is

Tilv.: 25010009

Ákvörðun nr. 100/2025

Þann 26. september 2025 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 100/2025.

I.

Efni kvörtunar

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst framsent erindi frá [REDACTED] dags. 4. janúar 2025, frá embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu dags. 9. janúar sl. Í erindinu gerir kvartandi athugasemdir við Neyðarlínuna ohf. þegar hún fór út af veginum í bifreið sinni á Holtavörðuheidi þann 30. desember 2024. Fram kemur að bifreið kvartanda hafi farið á hliðina, hún slasast og ekki verið hægt að opna dyrnar hjá ökumanni. Hún hafi í kjölfarið haft samband við 112 þar sem henni hafi verið sagt að hringja á dráttarbíl. Þá hafi erlendur maður svarað í uppgefnu númeri og hún ekki skilið hann og þá hringt aftur í 112 og beðið um aðstoð björgunarsveitar en það hafi ekki verið í boði. Á endanum hafi hún fengið hjálp frá vegfaranda og bifreiðin dregin upp.

Nefndin óskaði eftir frekari upplýsingum frá embætti ríkislögreglustjóra með bréfi dags. 31. janúar sl., og Neyðarlínunni ohf. með bréfi dags. 21. mars sl.

II.

Valdsvið nefndarinnar

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a. í nefndum lögum, eru að taka við kærum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Berist nefndinni erindi um ætlaða refsiverða háttsemi skal erindinu beint án tafar til héraðssaksóknara eða eftir atvikum ríkissaksóknara. Hið sama á við ef einstaklingur lætur lífið eða verður fyrir stórfelldu líkamstjóni í tengslum við störf lögreglu, óháð því hvort grunur er um refsivert brot.

Að því er varðar kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til starfsmannaréttarlegra viðurlaga, skal nefndin sbr. 2. mgr. 35. gr. a., taka rökstudda afstöðu til þeirra og senda viðeigandi embætti kvörtun til frekari meðferðar ef tilefni er til. Þessu til viðbótar hefur nefndin heimild til að senda viðeigandi embætti eða eftir atvikum öðrum stjórnvöldum athugasemdir sínar við afgreiðslu einstakra mála eða tilmæli um aðrar aðgerðir. Það fellur hins vegar ekki undir valdsvið nefndar um

eftirlit með lögreglu að endurskoða ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli.

Nefndin fylgist einnig með meðferð viðkomandi embættis á erindum sem stafa frá henni og embætti sem fá til meðferðar kvartanir sem heyra undir nefndina skulu tilkynna henni um niðurstöður þeirra.

III.

Upplýsingar frá lögreglu og Neyðarlínunni ohf.

Neyðarlínan ohf. svaraði beiðni nefndarinnar dags. 17. september sl. Meðfylgjandi voru símtöl kvartanda til Neyðarlínunnar ohf. Af þeim símtölum er ljóst að kvartandi óskaði ekki eftir aðstoð lögreglu í umrætt sinn. Erindið fór því aldrei til lögreglu. Er því ekki um að ræða neina skráningu hjá fjarskiptamiðstöð ríkislögreglustjóra vegna atviksins.

IV.

Forsendur

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindinu er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að framkomu og starfsaðferðum starfsmanna Neyðarlínunnar ohf. Neyðarlínan ohf. sér um neyðar- og öryggisþjónustu á Íslandi og starfrækir til þess 112, Vaktstöð siglinga og Tetra fjarskiptakerfið. Rekstur neyðarvaktstöðvar er í samræmi við lög nr. 40/2008 um samræmda neyðarsvörun. Það fellur ekki undir valdsvið nefndarinnar að hafa eftirlit með störfum Neyðarlínunnar ohf.

Með hliðsjón af hlutverki nefndarinnar er erindinu vísað frá nefndinni.

V.

Niðurstaða

Erindinu er vísað frá nefndinni.

Reykjavík, 26. september 2025

Nefnd um eftirlit með störfum lögreglu

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík

Sími: 545 8800

Netfang: nel@nel.is

Tilv.: 25060009

Ákvörðun nr. 101/2025

Þann 26. september 2025 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 101/2025.

I.

Efni kvörtunar

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [REDACTED], dags. 13. júní 2025. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við aksturslag starfsmanns embættis lögreglustjórans á Norðurlandi eystra dags. 12. júní sl., þegar kvartandi var við akstur á malarvegi hjá Vaglaskógi. Fram kemur að kvartandi hafi mætt lögreglubifreið á 40-50 km hraða en hann hafi aðeins verið á um 10-15 km hraða. Kvartandi segir lögreglubifreiðina ekki hafa hægt á sér eða beygt út í kant og hafi lögreglubifreiðin því aðeins verið örfáum sentímetrum frá því að taka hliðarspegil kvartanda af og að einnig hafi grjótkast frá lögreglubifreiðinni rispað bifreið kvartanda.

Nefndin óskaði eftir frekari upplýsingum frá embætti lögreglustjórans á Norðurlandi eystra með bréfi dags. 26. júní 2025.

II.

Valdsvið nefndarinnar

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a. í nefndum lögum, eru að taka við kærur á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Berist nefndinni erindi um ætlaða refsiverða háttsemi skal erindinu beint án tafar til héraðssaksóknara eða eftir atvikum ríkissaksóknara. Hið sama á við ef einstaklingur lætur lífið eða verður fyrir stórfelldu líkamstjóni í tengslum við störf lögreglu, óháð því hvort grunur er um refsivert brot.

Að því er varðar kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til starfsmannaréttarlegra viðurlaga, skal nefndin sbr. 2. mgr. 35. gr. a., taka rökstudda afstöðu til þeirra og senda viðeigandi embætti kvörtun til frekari meðferðar ef tilefni er til. Þessu til viðbótar hefur nefndin heimild til að senda viðeigandi embætti eða eftir atvikum öðrum stjórnvöldum athugasemdir sínar við afgreiðslu einstakra mála eða tilmæli um aðrar aðgerðir. Það fellur hins vegar ekki undir valdsvið nefndar um

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

eftirlit með lögreglu að endurskoða ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli.

Nefndin fylgist einnig með meðferð viðkomandi embættis á erindum sem stafa frá henni og embætti sem fá til meðferðar kvartanir sem heyra undir nefndina skulu tilkynna henni um niðurstöður þeirra.

III.

Gögn frá lögreglu

Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi dags. 12. september sl. Meðfylgjandi voru dagbók lögreglu vegna málsins, samantekt aðstoðaryfirlögregluþjóns sem var á vakt þegar umrætt atvik á að hafa átt sér stað, akstursskýrsla og ferilsskýrsla lögreglubifreiðarinnar sem um ræðir.

IV.

Forsendur

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindinu er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að aksturslagi starfsmanns embættis lögreglustjórans á Norðurlandi eystra.

Eftir yfirferð nefndarinnar á erindinu og með hliðsjón af gögnum málsins, sér í lagi gögnum úr akstursskýrslu og ferilsskýrslu lögreglubifreiðarinnar, telur hún að ekkert bendi til þess að viðhafðar hafi verið mögulega refsiverðar eða ámælisverðar starfsaðferðir starfsmanna lögreglu við umrædd afskipti, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Telur nefndin því ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

V.

Niðurstaða

Ekki er tilefni til að aðhafast vegna erindisins.

Reykjavík, 26. september 2025

Nefnd um eftirlit með störfum lögreglu

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík

Sími: 545 8800

Netfang: nel@nel.is

Tilv.: 25060010

Ákvörðun nr. 102/2025

Þann 26. september 2025 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 102/2025.

I.

Efni kvörtunar

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi [REDACTED] dags. 24. júní 2025. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við starfsaðferðir starfsmanna lögreglustjórans á Suðurnesjum þegar afskipti voru höfð af henni þann 19. júní sl. Fram kemur að kvartandi hafi verið ofurölvi á heimili sínu og hættuleg sjálfri sér. Af þeim sökum hafði frænka hennar samband við lögreglu og í kjölfarið mætti sérsveitin á heimili kvartanda og fór með hana upp á lögreglustöð þar sem hún þurfti að dvelja alla nóttina í ísköldum klefa. Kvartandi tekur fram að hún hafi ekki mátt hafa jakkann sinn hjá sér þrátt fyrir að hafa verið hriðskjálfaði og í fráhvörfum. Einnig kemur fram að hún hafi óskað eftir því að fá að tala við lækni en henni tilkynnt að hún yrði að bíða eftir morgunvaktinni. Hún tekur fram að hún sé ósátt við að hafa verið meðhöndluð sem fangi en ekki keyrð á spítala þar sem hún hafi greinilega verið veik.

Nefndin óskaði eftir frekari upplýsingum frá embætti lögreglustjórans á Suðurnesjum með bréfi dags. 26. júní sl.

II.

Valdsvið nefndarinnar

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a. í nefndum lögum, eru að taka við kærur á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Berist nefndinni erindi um ætlaða refsiverða háttsemi skal erindinu beint án tafar til héraðssaksóknara eða eftir atvikum ríkissaksóknara. Hið sama á við ef einstaklingur lætur lífið eða verður fyrir stórfelldu líkamstjóni í tengslum við störf lögreglu, óháð því hvort grunur er um refsivert brot.

Að því er varðar kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til starfsmannaréttarlegra viðurlaga, skal nefndin sbr. 2. mgr. 35. gr. a., taka rökstudda afstöðu til þeirra og senda viðeigandi embætti kvörtun til frekari meðferðar ef tilefni er til. Þessu til viðbótar hefur nefndin heimild til að senda viðeigandi embætti eða eftir atvikum öðrum stjórnvöldum athugasemdir sínar við afgreiðslu einstakra

mála eða tilmæli um aðrar aðgerðir. Það fellur hins vegar ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli.

Nefndin fylgist einnig með meðferð viðkomandi embættis á erindum sem stafa frá henni og embætti sem fá til meðferðar kvartanir sem heyra undir nefndina skulu tilkynna henni um niðurstöður þeirra.

III.

Gögn frá lögreglu

Lögreglustjórinn á Suðurnesjum svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi dags. 7. ágúst sl. Meðfylgjandi voru öll gögn málsins ásamt upptökum úr búkmyndavélum og fangaklefa.

Í bréfi embættisins kemur m.a. fram að:

„[...]LSS telur ekki tilefni til að rekja málsatvik sérstaklega og vísar til meðfylgjandi gagna. Embættið vill þó taka fram að samkvæmt gögnum málsins skoðuðu sjúkraflutningamenn kvartanda á vettvangi og höfðu samband við lækni á heilbrigðisstofnun Suðurnesja. Óskaði læknir eftir því að ekki yrði komið með kvartanda þangað fyrr en runnið væri af henni. Var því tekin ákvörðun um að vista kvartanda í fangaklefa þangað til að hún væri í ástandi til að hitta lækni.[...].

IV.

Forsendur

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindinu er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að framkomu og starfsaðferðum starfsmanna embættis lögreglustjórans á Suðurnesjum.

Sá mikli viðbúnaður sem var til staðar í afskiptunum var tilkominn vegna hótana kvartanda um sjálfsskaða. Af yfirferð nefndarinnar á gögnum málsins og sér í lagi meðfylgjandi upptökum telur nefndin að lögregla hafi sýnt kvartanda nærgætni í þeim aðstæðum sem uppi voru og aðeins beitt nauðsynlegum valdbeitingum til að tryggja öryggi hennar. Þá er ljóst af upptökum að kvartandi fékk teppi í klefanum.

Eftir yfirferð nefndarinnar á erindinu og með hliðsjón af gögnum málsins verður að telja að ekkert bendi til þess að viðhafðar hafi verið mögulega refsiverðar eða ámælisverðar starfsaðferðir starfsmanna lögreglu við umrædd afskipti, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Telur nefndin því ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

V.

Niðurstaða

Ekki er tilefni til að aðhafast vegna erindisins.

Reykjavík, 26. september 2025

Nefnd um eftirlit með störfum lögreglu

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík

Sími: 545 8800

Netfang: nel@nel.is

Tilv.: 25070001

Ákvörðun nr. 103/2025

Þann 26. september 2025 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 103/2025.

I.

Efni kvörtunar

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [REDACTED] dags. 30. júní 2025. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við starfshætti starfsmanna lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu þegar afskipti voru höfð af henni þann 28. júní sl. Fram kemur að kvartandi hafi verið við akstur þegar hún var stöðvuð fyrir of hraðan akstur. Lögreglumenn hafi þá einnig sektað hana fyrir ófullnægjandi ljósabúnað bifreiðarinnar.

II.

Valdsvið nefndarinnar

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a. í nefndum lögum, eru að taka við kærum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Berist nefndinni erindi um ætlaða refsiverða háttsemi skal erindinu beint án tafar til héraðssaksóknara eða eftir atvikum ríkissaksóknara. Hið sama á við ef einstaklingur lætur lífið eða verður fyrir stórfelldu líkamstjóni í tengslum við störf lögreglu, óháð því hvort grunur er um refsivert brot.

Að því er varðar kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til starfsmannaréttarlegra viðurlaga, skal nefndin sbr. 2. mgr. 35. gr. a., taka rökstudda afstöðu til þeirra og senda viðeigandi embætti kvörtun til frekari meðferðar ef tilefni er til. Þessu til viðbótar hefur nefndin heimild til að senda viðeigandi embætti eða eftir atvikum öðrum stjórnvöldum athugasemdir sínar við afgreiðslu einstakra mála eða tilmæli um aðrar aðgerðir. Það fellur hins vegar ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli.

Nefndin fylgist einnig með meðferð viðkomandi embættis á erindum sem stafa frá henni og embætti sem fá til meðferðar kvartanir sem heyra undir nefndina skulu tilkynna henni um niðurstöður þeirra.

III.

Forsendur

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindinu er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að starfsháttum starfsmanna embættis lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór yfir erindið og þau gögn sem bárust frá embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtuninni og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum telur nefndin að ekki séu uppi vísbendingar um mögulega refsiverða eða ámælisverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Lögreglan hefur skýra heimild til leggja á sektir vegna brota á umferðarlögum nr. 77/2019 skv. 97. gr. laganna sbr. einnig reglugerð nr. 1240/2019 um sektir og önnur viðurlög vegna brota á umferðarlögum og reglum settum samkvæmt þeim. Að framangreindu virtu telur nefndin ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

IV.

Niðurstaða

Ekki er tilefni til að aðhafast vegna erindisins.

Reykjavík, 26. september 2025

Nefnd um eftirlit með störfum lögreglu

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík

Sími: 545 8800

Netfang: nel@nel.is

Tilv.: 25080007

Ákvörðun nr. 104/2025

Þann 26. september 2025 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 104/2025.

I.

Efni kvörtunar

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [REDACTED] dags. 8. júlí 2025. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við starfsaðferðir starfsmanna lögreglustjórans á Suðurnesjum þegar afskipti voru höfð af honum í tvígang við akstur þann 15. og 30. apríl sl. Fram kemur m.a. að engin skýr svör hafi fengist um tilefni afskiptanna og/eða hvort rökstuddur grunur lægi fyrir um refsiverðri háttsemi.

Meðfylgjandi erindinu voru upptökur frá kvartanda af afskiptum starfsmanna embættis lögreglustjórans á Suðurnesjum þann 15. apríl sl.

II.

Valdsvið nefndarinnar

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a. í nefndum lögum, eru að taka við kærur á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Berist nefndinni erindi um ætlaða refsiverða háttsemi skal erindinu beint án tafar til héraðssaksóknara eða eftir atvikum ríkissaksóknara. Hið sama á við ef einstaklingur lætur lífið eða verður fyrir stórfelldu líkamstjóni í tengslum við störf lögreglu, óháð því hvort grunur er um refsivert brot.

Að því er varðar kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til starfsmannaréttarlegra viðurlaga, skal nefndin sbr. 2. mgr. 35. gr. a., taka rökstudda afstöðu til þeirra og senda viðeigandi embætti kvörtun til frekari meðferðar ef tilefni er til. Þessu til viðbótar hefur nefndin heimild til að senda viðeigandi embætti eða eftir atvikum öðrum stjórnvöldum athugasemdir sínar við afgreiðslu einstakra mála eða tilmæli um aðrar aðgerðir. Það fellur hins vegar ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli.

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Nefndin fylgist einnig með meðferð viðkomandi embættis á erindum sem stafa frá henni og embætti sem fá til meðferðar kvartanir sem heyra undir nefndina skulu tilkynna henni um niðurstöður þeirra.

III.

Forsendur

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindinu er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að framkomu og starfsaðferðum starfsmanna embættis lögreglustjórans á Suðurnesjum.

Lögreglan sinnir umferðaeftirliti á grundvelli umferðarlaga nr. 77/2019. Samkvæmt 52. gr. laganna er ökumanni vélknúins ökutækis skylt að kröfu lögreglu að gangast undir öndunarpróf og láta í té svita- og munnvatnssýni með þeim hætti sem lögregla ákveður m.a. ef hann hefur verið stöðvaður við umferðareftirlit. Að framangreindu virtu telur nefndin ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

IV.

Niðurstaða

Ekki er tilefni til að aðhafast vegna erindisins.

Reykjavík, 26. september 2025

Nefnd um eftirlit með störfum lögreglu

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík

Sími: 545 8800

Netfang: nel@nel.is

Tilv.: 25090001

Ákvörðun nr. 105/2025

Þann 26. september 2025 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 105/2025.

I.

Efni kvörtunar

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá lögmanni f.h. [REDACTED] dags. 28. ágúst 2025. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við flöggun fána sem kvartandi segir vera tileinkaðan Samtökunum '78 af hálfu embættis lögreglustjórans á Norðurlandi eystra sem um sömu mundir rannsakar [REDACTED] samtakanna á hendur [REDACTED]. Fram kemur m.a. að umrætt athæfi embættisins geti engan veginn talist í samræmi við gildandi hlutlægniðreglur og jafnræðisreglur er gilda um störf og athafnir lögreglu og allra síst viðvíkjandi rannsókn fyrrgreinds [REDACTED] á hendur [REDACTED]. Einnig að fánaflöggunin hafi verið og sé ógnandi og þannig íþyngjandi fyrir kvartanda þar sem hún telst til þess fallin að skyggja á og þannig raska réttaröryggi og öryggisskynjun hennar sökum þeirrar óhlutdrægni og mismununar sem blasti þar með við og birtist henni sem [REDACTED]. Þá að fyrrgreind fánaflöggun lögreglu brjóti gegn kröfum og efnispáttum gildandi meðalhófsreglna.

II.

Valdsvið nefndarinnar

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a. í nefndum lögum, eru að taka við kærum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Berist nefndinni erindi um ætlaða refsiverða háttsemi skal erindinu beint án tafar til héraðssaksóknara eða eftir atvikum ríkissaksóknara. Hið sama á við ef einstaklingur lætur lífið eða verður fyrir stórfelldu líkamstjóni í tengslum við störf lögreglu, óháð því hvort grunur er um refsivert brot.

Að því er varðar kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til starfsmannaréttarlegra viðurlaga, skal nefndin sbr. 2. mgr. 35. gr. a., taka rökstudda afstöðu til þeirra og senda viðeigandi embætti kvörtun til frekari meðferðar ef tilefni er til. Þessu til viðbótar hefur nefndin heimild til að senda viðeigandi embætti eða eftir atvikum öðrum stjórnvöldum athugasemdir sínar við afgreiðslu einstakra mála eða tilmæli um aðrar aðgerðir. Það fellur hins vegar ekki undir valdsvið nefndar um

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

eftirlit með lögreglu að endurskoða ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli.

Nefndin fylgist einnig með meðferð viðkomandi embættis á erindum sem stafa frá henni og embætti sem fá til meðferðar kvartanir sem heyra undir nefndina skulu tilkynna henni um niðurstöður þeirra.

III.

Forsendur

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Eins og gögn málsins bera með sér beindist flöggun umrædds fána ekki að kvartanda. Þá getur flöggun umrædds fána hvorki talist fela í sér refsiverðar né ámælisverðar starfsaðferðir lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Samkvæmt framangreindu telur nefndin ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

IV.

Niðurstaða

Ekki er tilefni til að aðhafast vegna erindisins.

Reykjavík, 26. september 2025

Nefnd um eftirlit með störfum lögreglu

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík

Sími: 545 8800

Netfang: nel@nel.is

Tilv.: 24080012

Ákvörðun nr. 106/2025

Þann 15. október 2025 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 106/2025.

I.

Efni kvörtunar

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá lögmanni f.h. [REDACTED] dags. 19. ágúst 2024. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við meintar ámælisverðar starfsaðferðir starfsmanna lögreglustjórans á Vesturlandi við rannsókn og meðferð máls sem kvartandi var brotaþoli í. Athugasemdir eru m.a. gerðar við að gögn málsins hafi ekki verið sótt til lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu áður en kærði og vitni voru boðuð til skýrslutöku hjá embættinu, rannsóknarlögreglumaður sem stýrði skýrslutökum hafi vart vitað um hvað málið snérist og vísað til rangra málsatvika og að kærða hafi ekki verið kynnt það brot sem hann var sakaður um, þ.e. nauðgun. Einnig eru gerðar athugasemdir við meintar leiðandi spurningar lögreglumanns í skýrslutöku yfir kærða. Þá kemur fram að meint ámælisverð vinnubrögð lögreglu við rannsókn málsins hafi leitt til þess að málið var látið niður falla.

Nefndin óskaði eftir frekari upplýsingum frá embætti lögreglustjórans á Vesturlandi með bréfi dags. 15. september 2025.

II.

Valdsvið nefndarinnar

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a. í nefndum lögum, eru að taka við kærur á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Berist nefndinni erindi um ætlaða refsiverða háttsemi skal erindinu beint án tafar til héraðssaksóknara eða eftir atvikum ríkissaksóknara. Hið sama á við ef einstaklingur lætur lífið eða verður fyrir stórfelldu líkamstjóni í tengslum við störf lögreglu, óháð því hvort grunur er um refsivert brot.

Að því er varðar kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til starfsmannaréttarlegra viðurlaga, skal nefndin sbr. 2. mgr. 35. gr. a., taka rökstudda afstöðu til þeirra og senda viðeigandi embætti kvörtun til frekari meðferðar ef tilefni er til. Þessu til viðbótar hefur nefndin heimild til að senda viðeigandi embætti eða eftir atvikum öðrum stjórnvöldum athugasemdir sínar við afgreiðslu einstakra

mála eða tilmæli um aðrar aðgerðir. Það fellur hins vegar ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli.

Nefndin fylgist einnig með meðferð viðkomandi embættis á erindum sem stafa frá henni og embætti sem fá til meðferðar kvartanir sem heyra undir nefndina skulu tilkynna henni um niðurstöður þeirra.

III.

Gögn frá lögreglu

Lögreglustjórinn á Vesturlandi svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi dags. 22. september sl. Meðfylgjandi voru öll gögn málsins og upptökur af skýrslutökum sem teknar voru við rannsókn málsins.

Í upplýsingaskýrslu embættisins dags. 27. nóvember 2023 kemur m.a. fram:

„Lögreglan á Vesturlandi fór yfir innsend gögn máls sem og gögn tekin úr farsímum. Gögnin sem farið var yfir og leitað eftir samskiptum brotaþola og sakbornings, voru gögn sem send voru með málinu frá LRH sem og útprentuð gögn sem framvísað var af sakborningi. Voru útprentuð gögn sakbornings mun yfirgrípsmeiri en þau gögn sem bárust frá LRH í pdf skrá merkt [REDACTED].[...]“

IV.

Forsendur

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindinu er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að rannsóknaraðferðum starfsmanna embættis lögreglustjórans á Vesturlandi.

Nefndin fór ítarlega yfir öll gögn málsins sem bera með sér að lögregla hafi tekið skýrslur af tveimur vitnum í málinu til viðbótar við kvartanda og kærða. Þá lágu frammi í málinu upplýsingaskýrslur lögreglu vegna samskipta kæranda og kærða í gegnum forritið Messenger og bréf kæranda til lögreglu, sem kærandi lagði fram í september 2022, vottorð sálfræðings, dags. 14. desember 2022, og samskipti kæranda og kærða í gegnum Messenger. Af yfirferð nefndarinnar og sér í lagi upptökum úr skýrslutökum af kærða telur nefndin að ekki séu framkomnar upplýsingar eða önnur gögn sem styðja við þær athugasemdir sem gerðar eru í erindinu um ámælisverðar starfsaðferðir lögreglu við rannsókn málsins. Þá fellur það ekki undir valdsvið nefndarinnar að endurskoða ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli.

Eftir yfirferð nefndarinnar á erindinu og með hliðsjón af gögnum málsins verður að telja að ekkert bendi til þess að viðhafðar hafi verið mögulega refsiverðar eða ámælisverðar

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

starfsaðferðir starfsmanna lögreglu við rannsókn málsins, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Telur nefndin því ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

V.

Niðurstaða

Ekki er tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Reykjavík, 15. október 2025

Nefnd um eftirlit með störfum lögreglu.

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík

Sími: 545 8800

Netfang: nel@nel.is

Tilv.: 25010015

Ákvörðun nr. 107/2025

Þann 15. október 2025 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 107/2025.

I.

Efni kvörtunar

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá lögmanni f.h. [REDACTED] dags. 24. janúar 2025. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við meinta ólögsmæta handtöku starfsmanna lögreglustjórans á Norðurlandi eystra þegar kvartandi, sem var þá [REDACTED] ára, var handtekinn þann 4. ágúst 2024 við skemmtistaðinn [REDACTED] og færður á lögreglustöð þar sem forsjáraðilar hans hafi náð í hann. Athugasemdir eru m.a. gerðar við að starfsmenn lögreglu hafi leyft dyraverði á vettvangi að leita á kvartanda og hafa afskipti af handtökunni. Einnig er því haldið fram að lögregla hafi farið offörum við handtökuna, m.a. með því að dýfa höfði kvartanda ofan í poll.

Nefndin óskaði eftir frekari upplýsingum frá embætti lögreglustjórans á Norðurlandi eystra með bréfi dags. 5. mars 2025.

II.

Valdsvið nefndarinnar

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a. í nefndum lögum, eru að taka við kærur á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Berist nefndinni erindi um ætlaða refsiverða háttsemi skal erindinu beint án tafar til héraðssaksóknara eða eftir atvikum ríkissaksóknara. Hið sama á við ef einstaklingur lætur lífið eða verður fyrir stórfelldu líkamstjóni í tengslum við störf lögreglu, óháð því hvort grunur er um refsivert brot.

Að því er varðar kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til starfsmannaréttarlegra viðurlaga, skal nefndin sbr. 2. mgr. 35. gr. a., taka rökstudda afstöðu til þeirra og senda viðeigandi embætti kvörtun til frekari meðferðar ef tilefni er til. Þessu til viðbótar hefur nefndin heimild til að senda viðeigandi embætti eða eftir atvikum öðrum stjórnvöldum athugasemdir sínar við afgreiðslu einstakra mála eða tilmæli um aðrar aðgerðir. Það fellur hins vegar ekki undir valdsvið nefndar um

eftirlit með lögreglu að endurskoða ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli.

Nefndin fylgist einnig með meðferð viðkomandi embættis á erindum sem stafa frá henni og embætti sem fá til meðferðar kvartanir sem heyra undir nefndina skulu tilkynna henni um niðurstöður þeirra.

III.

Gögn frá lögreglu

Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi dags. 7. október sl. Meðfylgjandi voru öll gögn málsins ásamt upptökum úr búkmyndavélum lögreglumanna á vettvangi.

Af gögnum málsins er ljóst að ástæða afskipta lögreglu af kvartanda var sú að hann framvísaði fölsuðum skilríkjum á skemmtistað auk þess sem hann var grunaður um að hafa veist að dyraverði.

Í bréfi embættisins kemur m.a. fram:

„[...]Ástandið á [REDACTED] var ekki gott er lögregla kom á vettvang og braust hann um í tökum dyravarða. Þegar við upphaf afskipta lögreglu er [REDACTED] kynnt að um lögreglu sé að ræða og honum gefin skýr fyrirmæli um að setja hendur fyrir aftan bak, fyrirmæli sem [REDACTED] virðir að vettugi. Lögreglumaðurinn, með aðstoð dyravarða, leggur [REDACTED] á jörðina og biður hann um að vera rólegur. [REDACTED] er æstur, berst um og öskrar á lögreglu. Á upptökum má glöggst sjá að lögreglumaðurinn sem hér um ræðir var rólegur í samskiptum sínum við [REDACTED] og fúmlaus. Aftur eru [REDACTED] gefin skýr fyrirmæli um að setja hendur fyrir aftan bak og hætta að streitast á móti.[...].“

IV.

Forsendur

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindinu er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að meintri ólögmati handtöku starfsmanna embættis lögreglustjórans á Norðurlandi eystra.

Eftir ítarleg yfirferð nefndarinnar á öllum gögnum málsins, sér í lagi upptökum úr búkmyndavélum sem bera með sér að kvartandi hafi verið æstur og ekki fylgt fyrirmælum lögreglu, telur nefndin að lögregla hafi aðhafst innan þeirra heimilda sem þeim eru gefnar með lögreglulögum sbr. reglugerð nr. 651/2009 um réttarstöðu handtekinna manna, yfirheyrslur hjá lögreglu o.fl. og reglum nr. 1740/2022 um valdbeitingu lögreglumanna og meðferð og notkun valdbeitingartækja og vopna. Með hliðsjón af gögnum málsins telur nefndin því að ekkert bendi til þess að viðhafðar hafi verið mögulega refsiverðar eða

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

ámælisverðar starfsaðferðir starfsmanna lögreglu við umrædd afskipti, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Telur nefndin því ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

V.

Niðurstaða

Ekki er tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Reykjavík, 15. október 2025

Nefnd um eftirlit með störfum lögreglu.

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 25030012

Ákvörðun nr. 108/2025

Þann 15. október 2025 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 108/2025.

I.

Efni kvörtunar

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [REDACTED], dags. 11. apríl 2024. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við starfsaðferðir starfsmanna embættis lögreglustjórans á Norðurlandi eystra. Fram kemur m.a. að kvartandi telji starfsmenn embættisins ofsækja sig og leggja í einelti.

Nefndin óskaði eftir frekari upplýsingum frá embætti lögreglustjórans á Norðurlandi eystra með bréfi dags. 30. apríl 2025.

II.

Valdsvið nefndarinnar

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a. í nefndum lögum, eru að taka við kærum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Berist nefndinni erindi um ætlaða refsiverða háttsemi skal erindinu beint án tafar til héraðssaksóknara eða eftir atvikum ríkissaksóknara. Hið sama á við ef einstaklingur lætur lífið eða verður fyrir stórfelldu líkamstjóni í tengslum við störf lögreglu, óháð því hvort grunur er um refsivert brot.

Að því er varðar kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til starfsmannaréttarlegra viðurlaga, skal nefndin sbr. 2. mgr. 35. gr. a., taka rökstudda afstöðu til þeirra og senda viðeigandi embætti kvörtun til frekari meðferðar ef tilefni er til. Þessu til viðbótar hefur nefndin heimild til að senda viðeigandi embætti eða eftir atvikum öðrum stjórnvöldum athugasemdir sínar við afgreiðslu einstakra mála eða tilmæli um aðrar aðgerðir. Það fellur hins vegar ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli.

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Nefndin fylgist einnig með meðferð viðkomandi embættis á erindum sem stafa frá henni og embætti sem fá til meðferðar kvartanir sem heyra undir nefndina skulu tilkynna henni um niðurstöður þeirra.

III.

Gögn frá lögreglu

Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi dags. 23. september 2025. Meðfylgjandi voru málgögn vegna fjölda mála sem kvartandi er aðili að og einnig upptökur úr búkmyndavélum lögreglumanna sem sýna frá afskiptum lögreglu af kvartanda í tveimur málum.

Í bréfi embættisins kemur m.a. fram:

„[...]Eins og sjá má af ofangreindu hefur lögregla ítrekað þurft að hafa afskipti af [REDACTED] frá árinu 2024. Það er mat lögreglustjóra að ekki sé um óeðlileg afskipti að ræða því hér er bæði um að ræða mál þar sem [REDACTED] sakborningur og svo fjöldi tilvika þar sem aðrir óska eftir aðstoð lögreglu vegna háttsemi [REDACTED] og svo mál þar sem hún sjálf óskar eftir aðstoð lögreglu[...].“

IV.

Forsendur

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindinu er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að starfsaðferðum starfsmanna embættis lögreglustjórans á Norðurlandi eystra.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór yfir erindið og þau gögn sem bárust frá embættinu. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtuninni og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, sér í lagi þeim fjölda dagbókarfærslna sem skýra ástæður ítrekaðra afskipta lögreglu af kvartanda, telur nefndin að ekki séu uppi vísbendingar um mögulega refsiverða eða ámælisverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Nefndin telur því ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

V.

Niðurstaða

Ekki er tilefni til að aðhafast vegna erindisins.

Reykjavík, 15. október 2025

Nefnd um eftirlit með störfum lögreglu.

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 25040011

Ákvörðun nr. 109/2025

Þann 15. október 2025 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 109/2025.

I.

Efni kvörtunar

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [REDACTED], dags. 12. apríl 2025. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við starfsaðferðir starfsmanna embættis lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu. Þar kemur fram að stjúpfaðir kvartanda hafi kært son sinn m.a. fyrir að hafa [REDACTED] hans. Stjúpfaðir kvartanda lést í mars 2024 áður en málið fór fyrir dóm. Kvartandi gerir m.a. athugasemdir við að kærða hafi verið afhentur farsími með viðkvæmum upplýsingum og að hún hafi ekki verið látin vita að málið hafi verið látið niður falla.

Nefndin óskaði eftir frekari upplýsingum frá embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu með bréfi dags. 30. apríl 2025.

II.

Valdsvið nefndarinnar

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a. í nefndum lögum, eru að taka við kærum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Berist nefndinni erindi um ætlaða refsiverða háttsemi skal erindinu beint án tafar til héraðssaksóknara eða eftir atvikum ríkissaksóknara. Hið sama á við ef einstaklingur lætur lífið eða verður fyrir stórfelldu líkamstjóni í tengslum við störf lögreglu, óháð því hvort grunur er um refsivert brot.

Að því er varðar kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til starfsmannaréttarlegra viðurlaga, skal nefndin sbr. 2. mgr. 35. gr. a., taka rökstudda afstöðu til þeirra og senda viðeigandi embætti kvörtun til frekari meðferðar ef tilefni er til. Þessu til viðbótar hefur nefndin heimild til að senda viðeigandi embætti eða eftir atvikum öðrum stjórnvöldum athugasemdir sínar við afgreiðslu einstakra mála eða tilmæli um aðrar aðgerðir. Það fellur hins vegar ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli.

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Nefndin fylgist einnig með meðferð viðkomandi embættis á erindum sem stafa frá henni og embætti sem fá til meðferðar kvartanir sem heyra undir nefndina skulu tilkynna henni um niðurstöður þeirra.

III.

Gögn frá lögreglu

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi dags. 8. september 2025. Þar kom m.a. fram að hvorki [REDACTED] né móðir hennar væru aðilar að sakamálinu en ef svo væri hefðu þær fengið upplýsingar um afdrif málsins.

IV.

Forsendur

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindinu er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að starfsaðferðum starfsmanna embættis lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.

Með hliðsjón af framangreindu og þeim upplýsingum sem nefndin hefur undir höndum telur nefndin að vísa beri erindinu frá þar sem kvartandi er ekki aðili að sakamálinu.

V.

Niðurstaða

Erindinu er vísað frá nefndinni.

Reykjavík, 15. október 2025

Nefnd um eftirlit með störfum lögreglu

Ákvörðun nr. 110/2025

Þann 15. október 2025 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 110/2025.

Nefnd um eftirlit með lögreglu tók á fundi nefndarinnar þann 30. maí 2025, ákvörðun um að hefja frumkvæðisathugun á grundvelli c-liðar 1. mgr. 35. gr. lögreglulaga nr. 90/1996. Frumkvæðisathugunin er tilkomin vegna þriggja mála sem nefndin hefur haft til meðferðar og varðar ámælisverða starfshætti starfsmanna lögreglu. Í tveimur málanna voru þeir lögreglumenn, sem til skoðunar voru, færðir til í embætti áður en ákvörðun nefndarinnar lá fyrir en í þriðja málinu var viðkomandi endurráðinn. Í engu þessara mála var því unnt að bregðast við niðurstöðu nefndarinnar gagnvart þeim, a.m.k. ekki í formi áminningar, sbr. 21. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, þar sem þeir voru ekki lengur starfsmenn þess lögregluembættis sem bært var til að veita áminningu þegar niðurstöður nefndarinnar lágu fyrir.

Þau mál sem um ræðir eru í fyrsta lagi mál **NEL 21070009** en þar var niðurstaða nefndarinnar sú að háttsemi lögreglumannsins hefði auðveldlega getað valdið alvarlegu líkamstjóni hjá eldri hjónum sem urðu fyrir afskiptunum og kynni að vera refsiverð. Með erindi dags. 31. maí 2023 var nefndin upplýst um að lögreglustjórinn á Vesturlandi hefði ákveðið að fella frá saksókn á hendur lögreglumanninum, með vísan til 145. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008 að því er varðar meinta líkamsárás lögreglumannsins, en með vísan til a. og d. liða 3. mgr. 146. gr. laga um meðferð sakamála, að því er varðar hina ólögsmætu handtöku. Eftir að framangreindar niðurstöður bárust nefndinni tók nefndin aðra ákvörðun og sendi málið til þóknanlegrar meðferðar hjá lögreglustjóranum á Suðurlandi með ákvörðun 32/2023, dags. 13. júní 2023, á þeim grundvelli að uppi væru vísbendingar um að háttsemi lögreglumannsins samræmdist ekki III. kafla laga nr. 90/1996 og gæti talist ámælisverð. Niðurstaða lögreglustjórans á Suðurlandi, vegna þessa þáttar málsins barst nefndinni þann 29. janúar 2025. Þar segir:

„Niðurstaðan í þessu máli var sú að í ljósi þess að lögreglumaðurinn hafði hætt störfum þegar niðurstaða NEL barst embættinu og hafið störf hjá LRH, þá var niðurstaðan kynnt honum og sömuleiðis að LRH yrði upplýst um niðurstöðuna og hefur það verið gert. Þessi niðurstaða byggir á þeim sjónarmiðum að í ljósi þess að ekki er til staðar vinnuréttarsamband við lögreglumanninn þá geti embættið ekki gengið lengra í eftirfylgni með málinu.“

Í öðru lagi er um að ræða mál **NEL 23030006**, en málið varðaði ætluð hegningarlagabrot lögreglumanns, með því að hafa þann 18. nóvember 2022 sem lögreglumaður við skyldustörf hjá LRH, tekið upp á síma sinn myndskaið af upptöku á brotavettvangi þar sem grunaðir og

brotapolar sjást, og sent á lögreglumanns annars embættis, sem var ekki að vinna við rannsókn málsins. Málið var rannsakað af héraðssaksóknara sem felldi málið að lokum niður með vísan til d. liðar 3. mgr. 146. gr. laga um meðferð sakamála. Í niðurstöðu LRH, dags. 10. júní 2024, segir eftirfarandi:

„Málið var og er litið alvarlegum augum innan embættisins og viðbrögð þess voru eftir því. Við meðferð málsins kom í ljós að grunur beindist að starfsmanni embættisins sem ráðinn var tímabundið til starfa hjá LRH. Þegar það lá fyrir var vinnuframlag viðkomandi afþakkað þá þegar og ekki gerður áframhaldandi samningur þegar ráðningarsambandi lauk líkt og alla jafna hafði verið gert.

Þegar niðurstaða embættis héraðssaksóknara lá fyrir þann 28. mars 2023 var viðkomandi því ekki starfsmaður embættis LRH. Því var ekki um að ræða að beita ákvæðum laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Tekið skal fram að ef viðkomandi hefði verið við störf hefði málið verið skoðað með tilliti til veitingar áminningar í samræmi 21. gr. sömu laga.

Síðar sótti viðkomandi um starf hjá embættinu en áður en tekin var ákvörðun um ráðningu hans var málið tekið upp og metið hvort embættinu væri stætt á því með hliðsjón af umræddu máli. Ákveðið var að ráða starfsmanninn en jafnframt veita honum svokallað tiltal þar sem alvarleiki málsins var reifaður og honum gert ljóst að háttsemin gangi gegn ákvæðum lögreglulaga, starfsmannalaga og þágildandi siðareglna lögreglu.“

Í þriðja lagi er um að ræða mál **NEL 24080005** þar sem lögfræðingur sem tilkynnti tjón til tryggingarfélagsins f.h. umbjóðanda síns, hafi einnig sem starfsmaður ríkislögreglustjóra ritað framlagða lögregluskýrslu í málinu vegna slyssins. Í niðurstöðu nefndar um eftirlit með lögreglu kemur fram að háttsemin „sé ámælisverð og kasti rýrð á embættið þar sem um sé að ræða bersýnilegan hagnunaárekstur sbr. 1. tl. 1. mgr. 3. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 og 5. gr. siðareglna lögreglu“. Var málið því sent embætti ríkislögreglustjóra til þóknarlegrar meðferðar, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. lögreglulaga nr. 90/1996. Niðurstaða ríkislögreglustjóra vegna málsins barst nefndinni 8. maí 2025 en þar segir:

„Í framhaldi af niðurstöðu málsins var hlutaðeigandi starfsmanni kynnt og afhent ákvörðun nefndarinnar í málinu á fundi í húsakynnum embættisins þann 23. apríl sl. Á fundinum var áréttað að embættið er ósátt við þá framgöngu starfsmannsins sem ákvörðunin varðar og að efnislegar forsendur séu til þess að hefja áminningarmál vegna þess. Engu að síður var starfsmanninum tilkynnt að áminningarferli yrði ekki hafið þar sem lögbundnir frestir vegna áminninga gerðu það að verkum að fyrirséð var að áminningu yrði ekki komið við áður en hann hæfi störf hjá embætti lögreglustjórans á

Vesturlandi þann [REDACTED] sl. Í samræmi við gildandi lög verður starfsmaður ekki áminntur fyrir háttsemi sem á sér stað í starfi hjá öðru embætti.“

Í ljósi ofangreinds beinir nefndin þeim tilmælum til lögregluembætta landsins að lögreglumenn séu ekki færðir til í starfi á milli lögregluembætta, sbr. 2. mgr. 7. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, þegar mál er þá varða eru til meðferðar hjá nefnd um eftirlit með störfum lögreglu. Með slíkum starfsháttum er í raun dregið undan trausti til lögreglunnar þar sem lögreglumenn geta þá vikið sér undan því að sæta ábyrgð vegna ámælisverðrar háttsemi í starfi.

Reykjavík, 15. október 2025

F.h. nefndar um eftirlit með lögreglu

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 25080005

Ákvörðun nr. 111/2025

Þann 15. október 2025 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 111/2025.

I.

Efni kvörtunar

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [REDACTED], dags. 30. júní 2025. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við starfsaðferðir starfsmanna embættis ríkislögreglustjóra. Í fyrsta lagi eru gerðar athugasemdir við framkomu starfsmanna fjarskiptamiðstöðvar ríkislögreglustjóra þegar kvartandi hringdi þann 25. mars 2023 og tilkynnti um að réttindalaus ökumaður hafi reynt að aka hann niður og skemmt við það bíl sinn. Kvartandi hafi hringt í lögreglu og fengið þær upplýsingar að tryggingarfélagið hans sæi alfarið um svona mál. Í öðru lagi eru gerðar athugasemdir við framkomu starfsmanna fjarskiptamiðstöðvar ríkislögreglustjóra þegar kvartandi hringdi og tilkynnti um að hann kynni að hafa séð konu sem hafði verið lýst eftir. Kvartandi kveður að viðbrögð lögreglu við tilkynningu sinni hafi einkennst af áhugaleysi og skætingi.

Nefndin óskaði eftir frekari upplýsingum frá embætti ríkislögreglustjóra með bréfi dags. 27. ágúst 2025.

II.

Valdsvið nefndarinnar

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a. í nefndum lögum, eru að taka við kærur á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Berist nefndinni erindi um ætlaða refsiverða háttsemi skal erindinu beint án tafar til héraðssaksóknara eða eftir atvikum ríkissaksóknara. Hið sama á við ef einstaklingur lætur lífið eða verður fyrir stórfelldu líkamstjóni í tengslum við störf lögreglu, óháð því hvort grunur er um refsivert brot.

Að því er varðar kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til starfsmannaréttarlegra viðurlaga, skal nefndin sbr. 2. mgr. 35. gr. a., taka rökstudda afstöðu til þeirra og senda viðeigandi embætti kvörtun til frekari meðferðar ef tilefni er til. Þessu til viðbótar hefur nefndin heimild til að senda viðeigandi embætti eða eftir atvikum öðrum stjórnvöldum athugasemdir sínar við afgreiðslu einstakra

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

mála eða tilmæli um aðrar aðgerðir. Það fellur hins vegar ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli.

Nefndin fylgist einnig með meðferð viðkomandi embættis á erindum sem stafa frá henni og embætti sem fá til meðferðar kvartanir sem heyra undir nefndina skulu tilkynna henni um niðurstöður þeirra.

III.

Gögn frá lögreglu

Embætti ríkislögreglustjóra svaraði nefndinni með bréfi dags. 29. ágúst 2025. Meðfylgjandi var hljóðupptaka af símtalinu er varðaði konuna sem leitað var.

IV.

Forsendur

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindinu er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að framkomu starfsmanna embættis ríkislögreglustjóra.

Að því er varðar fyrri lið kvörtunarinnar eru liðin meira en tvö ár frá þeirri háttsemi sem að hún lýtur að. Með vísan til 5. tl. 35. gr. a. lögreglulaga er þessum lið kvörtunarinnar því vísað frá nefndinni.

Að því er varðar seinni lið kvörtunarinnar, fór nefnd um eftirlit með lögreglu yfir erindið og þau gögn sem bárust frá embættinu. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtuninni og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, sér í lagi upptöku af símtali kvartanda til fjarskiptamiðstöðvar, telur nefndin að ekki séu uppi vísbendingar um mögulega refsiverða eða ámælisverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Nefndin telur því ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

V.

Niðurstaða

Þeim þætti erindisins er lýtur að samskiptum þann 25. mars 2023 er vísað frá. Ekki er tilefni til að aðhafast vegna annarra þátta erindisins.

Reykjavík, 15. október 2025

Nefnd um eftirlit með störfum lögreglu

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 25080009

Ákvörðun nr. 112/2025

Þann 15. október 2025 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 112/2025.

I.

Efni kvörtunar

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [REDACTED], dags. 13. júlí 2025. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við starfsaðferðir starfsmanns lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu. Að sögn kvartanda hringdi rannsóknarlögreglumaður í hann þann 3. júlí sl. og óskaði eftir upplýsingum um hvort tiltekinn einstaklingur væri leigjandi hans. Hann hafi tjáð lögreglumanninum að enginn með þessu nafni væri leigjandi hjá honum en annar einstaklingur með sama eftirnafn „hefði greitt leigu hjá honum“. Þá hafi lögreglumaðurinn óskað eftir upplýsingum um hvar sá einstaklingur byggji en kvartandi borið fyrir sig trúnað gagnvart leigjendum sínum. Lögreglumaðurinn hafi í kjölfarið hótad því að fara í allar íbúðir sem skráðar væru á fyrirtæki sem kvartandi er í forsvari fyrir, ef hann upplýsti hann ekki um framangreint. Í kjölfarið hafi síðan verið farið í húsleitir í þremur fasteignum í eigu fyrirtækisins.

Nefndin óskaði eftir frekari upplýsingum frá embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu með bréfi dags. 26. ágúst 2025.

II.

Valdsvið nefndarinnar

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a. í nefndum lögum, eru að taka við kærur á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Berist nefndinni erindi um ætlaða refsiverða háttsemi skal erindinu beint án tafar til héraðssaksóknara eða eftir atvikum ríkissaksóknara. Hið sama á við ef einstaklingur lætur lífið eða verður fyrir stórfelldu líkamstjóni í tengslum við störf lögreglu, óháð því hvort grunur er um refsivert brot.

Að því er varðar kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til starfsmannaréttarlegra viðurlaga, skal nefndin sbr. 2. mgr. 35. gr. a., taka rökstudda afstöðu til þeirra og senda viðeigandi embætti kvörtun til frekari meðferðar ef tilefni er til. Þessu til viðbótar hefur nefndin heimild til að senda viðeigandi

embætti eða eftir atvikum öðrum stjórnvöldum athugasemdir sínar við afgreiðslu einstakra mála eða tilmæli um aðrar aðgerðir. Það fellur hins vegar ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli.

Nefndin fylgist einnig með meðferð viðkomandi embættis á erindum sem stafa frá henni og embætti sem fá til meðferðar kvartanir sem heyra undir nefndina skulu tilkynna henni um niðurstöður þeirra.

III.

Gögn frá lögreglu

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu svaraði nefndinni með bréfi dags. 8. september 2025. Meðfylgjandi voru gögn málsins ásamt afritum af samskiptum á milli kvartanda og embættisins.

Í bréfi embættisins kemur m.a. fram:

„[...]Rannsókn lögreglu beinist ekki að kvartanda og er hann hvorki sakborningur né brotþoli í málunum. Eins og hann hefur verið upplýstur um, er það ekki réttur leigusala að fá upplýsingar um leigutaka, þurfi þeir aðstoð lögreglu eða eru til rannsóknar í sakamáli.[...].

Með vísan til rannsóknarhagsmuna mun nefndin ekki reifa frekari málsatvik.

IV.

Forsendur

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindinu er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að meintum hótunum og framkvæmd húsleita af hálfu starfsmanna embættis lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór yfir erindið og þau gögn sem bárust frá embættinu. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtuninni og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, telur nefndin að ekki séu uppi vísbendingar um mögulega refsiverða eða ámælisverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Nefndin telur því ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

V.

Niðurstaða

Ekki er tilefni til að aðhafast vegna erindisins.

Reykjavík, 15. október 2025

Nefnd um eftirlit með störfum lögreglu